

ARNAR FREYR BIRKISSON

*Hefur siglt frá tíu ára aldri*

Bílar • Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



VINNUVÉLAR

*Gervihnattabúnaður í vinnuvélum*

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júlí 2007 — 193. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Flytur norður



Eyrún Huld og Marínó kveðja skarkala höfuðborgarinnar.

FÓLK 38

### Versace heiðraður



Karl Lagerfeld var meðal þeirra sem minntust fatahönnuðarins.

FÓLK 28

### Ritstjórinn og barrtrén

„Með inntöku á heimsminjaskrá fékk sérstaða Þingvalla alþjóðlega viðurkenningu en jafnframt er framtíðarverndun þjóðgarðsins betur tryggð en ella," segir Hjörleifur Guttormsson.

Í DAG 18

### Ágúst aðstoðar Benedikt



Ágúst Björgvinsson, fyrrverandi þjálfari Íslandsmeistara Hauka í kvennaflokki, verður aðstoðarþjálfari hjá Íslandsmeisturum KR í karlaflokki.

ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG




**GÓÐVIÐRI** Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Léttskýjað á Suður- og Suðausturlandi, annars skýjað með köflum og hætt við þokusúld með ströndum nyrðra. Hiti 12-20 stig, hlýjast inn til landsins á Suðausturlandi.






# Foreldrar geti fylgst með börnum sínum

**Fyrirtækið Trackwell vill nýta GPS-forrit í farsímum á næstunni. Aðstandendur geta þannig fylgst með Alzheimers-sjúklingum. Foreldrar geta fylgst með ferðum barna og unglinga og unglingar fundið út staðsetningu félaga sinna.**

**TÆKNI** Með nýjum GPS-farsímum geta foreldrar fylgst með staðsetningu barna sinna. Þetta segir Jón Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri íslenska fyrirtækisins Trackwell. Fyrirtækið hefur þróað eftirlitsforrit frá árinu 1996.

„Upp á síðkastið hefur þessi GPS-tækni orðið vinsæl og nú eru komnir símar sem eru bæði farsímar og GPS-tæki," segir Jón Ingi. GPS-tæknin nýtir fjölda gervihnatta á sporbaug um jörðina til að finna staðsetningu þeirra hluta eða fólks sem fylgst er með.

Trackwell hefur hannað hugbúnað sem býður fólki upp á að fylgjast með öðrum með aðstoð farsímans síns. Fyrirtækið hefur selt kerfið til símafyrirtækis í Ástralíu, en að sögn Jóns Inga hefur tæknin ekki náð fótfestu hingað til. Með tilkomu GPS-farsíma verði tæknilegi hlutinn auðveldari.

„Þetta hefur verið rætt hjá aðstandendum Alzheimers-sjúklinga og fólks með Downs-heilkenni. En einhver þarf að borga þetta," segir Jón Ingi.

„Við ræddum þetta og mér finnst voða spennandi að skoða þetta," segir María Th. Jónsdóttir, formaður Alzheimerfélagsins.

„Ef fólk með Alzheimer getur vanist því að ganga með öryggistæki eru meiri líkur á að það geti haldið því áfram þegar það verður mjög gleymið," segir María.

Með forritinu MyBuddy Tracker býður Trackwell upp á að unglingar geti fundið staðsetningu vina sinna og gert þeim þar með auðveldara að hittast og eiga samskipti.

Forritið MyChild Tracker gerir foreldrum kleift að fylgjast með ferðum barnsins. „Þú getur sett inn að klukkan níu eigi barnið þitt að vera komið í skólann. Ef það vantar í skólann færðu send smáskilaboð. Og ef barnið fer úr hverfinu færðu skilaboð."

Foreldrar þurfa að samþykkja ef barn vill leyfa öðrum en þeim að fylgjast með sér. „En ef barn slekkur á kerfinu eru foreldrarnir látnir vita," segir Jón Ingi. **- sgj**




**BJÖSSI Á LEIGUBÍLNUM** Breskur leigubíll er kominn á götur Hafnarfjarðar. Björn Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Leigubílastöðvar Hafnarfjarðar, festi nýlega kaup á bílnum og hyggst nota hann í leigubílaakstur í bænum. Bíllinn er breskur í gegn, með afturhurðir sem opnast í „öfuga" átt og plássi fyrir sex farþega. Hann mun þó ekki keyra á vinstri helmingi vegarins, enda er stýrið á réttum stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Utanáliggjandi flotholt TF-SIFJAR sprakk með þeim afleiðingum að henni hvolfdi:

# TF-SIF átti að haldast upprétt

**SLYS** Fjögurra manna áhöfn björgunarþyrlunnar TF-SIFJAR komst út úr vélinni áður en henni hvolfdi eftir nauðlendingu við Straumsvík. Eitt af fjórum utanáliggjandi flotholtum, sem áttu að halda vélinni uppréttri, sprakk með þeim afleiðingum að þyrlunni hvolfdi. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir það guðs mildi að áhöfnin komst út áður en þyrlan snerist. Mestu hafi þó skipt að gott veður var á slysstað, og björgunarskipið Einar Sigurjónsson var skammt undan vegna sameiginlegrar æfingar.

### ATBURÐARÁS ÞYRLUSLYSSINS

**18.39:** TF-SIF fer í loftið til æfinga.
**18.49:** Þyrlan lendir í sjónum.
**18.50:** Áhöfn björgunarskipsins sendir út neyðarkall.
**18.54:** Áhöfnin komin út úr þyrlunni.
**19.00:** Áhöfnin komin um borð í björgunarskipið.
**19.07:** Þyrlan TF-LÍF tilbúin í loftið.
**19.11:** TF-SIF hvolfir.
**20.31:** Áhöfnin komin í land í Straumsvík.

Georg segir ljóst að reynsla og þjálfun áhafnarinnar hafi orðið til þess að hún brást við aðstæðum eins faglega og í mannlegu valdi stóð. Sigurður Heiðar Wiium, flugstjóri á TF-SIF, segir að áhöfninni allri líði vel.

Björgunarsveitarmenn í Hafnarfirði telja mildi að æfingar voru ekki hafnar af fullum krafti þegar óhappið varð. Þrír bátar með þrettán mönnum voru á staðnum en þeir þurftu ekki að bregðast við því þyrlan lenti mjúklega í sjónum og spaðarnir höfðu stöðvast áður en hún valt. **- shá / sjá síðu 6**



**SPARISJÓÐSSTJÓRINN** Breytingin yfir í hlutafélag er form- en ekki stefnubreyting, að sögn Guðmundar Haukssonar.

Kauphallarskráning í haust:

# SPRON breytt í hlutafélag

**VIÐSKIPTI Hafinn er undirbúningur að því að breyta Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag. Í september er svo stefnt að því að skrá SPRON í OMX-kauphöllina hér.**

**Breytingin er háð samþykki stofnfjáreigenda, sem funda í lok mánaðarins.**

**Samkvæmt mati Capacents er sjóðurinn 60 milljarða króna virði. Ætlað er að stofnfjáreigendur fari með 85 prósenta eignarhlut, en 15 prósent verði í eigu sjálfseignarfélags sem vinna á að framgangi sjóðsins og má það veita fjármunum í menningar- og líknarmál.**

**- óká / sjá Markaðinn**

Kalt stríð Rússa og Breta:

# Ætla að svara á viðeigandi hátt

**MOSKVA, AP** Stjórnvöld í Rússlandi sögðust í gær ætla að svara bresku ríkisstjórninni á ákveðinn og viðeigandi hátt eftir að stjórnvöld á Englandi ákváðu að reka fjóra rússneska diplómata úr landi á mánudag. Ástæðan er sú að stjórnvöld í Rússlandi hafa neitað að framselja Andrei Lugovoi, meintan morðingja Alexanders Litvinenkos sem var drepinn í London í fyrra, til Bretlands.

Búist var við því að stjórnvöld í Moskvu myndu tilkynna það í gær hvernig þau ætluðu að svara Bretum. Ekki er víst að stjórnvöld í Moskvu svari með því að reka breska diplómata úr landi.

**- ifv / sjá síðu 16**




## SPURNING DAGSINS



*Unnur, verður þú þá eins konar vatnshöfuð Íslands á erlendri grundu?*

„Ég ætla rétt að vona ekki, en það gæti farið svo.“

Fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hefur tekið að sér að vera andlit Icelandic Glacial, íslensks vatns sem markaðssett verður erlendis.

Minnisvarði um atorku Íslendinga, segir formaður Skógræktarfélags Rangæinga:

# Fráleitt að fella barrtré á Þingvöllum

**NÁTTÚRA** Sigríður H. Heiðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, segir fráleitt að höggva barrtré innan þinghelgi Þingvalla. Þau séu minnisvarði um þá atorku sem var í fólki á árum áður að koma upp skógi á Íslandi. Þó finnist henni einnig fráleitt að gróðursetja barrtré á Þingvöllum í dag.

„Á þeim tíma sem trén voru gróðursett á Þingvöllum var ekki komin upp þessi fælni gagnvart barrtrjám, og ekki mikil umræða um hvort umhverfið bæri yfirleitt barrtré,“ segir hún. „Á ákveðnum stöðum finnst mér barrtré slíta umhverfið úr samhengi, og þau eigi frekar að vera sett í afmörkuð svæði þar sem gætir samspils náttúru, hrauns og sands. hins vegar finnst mér að þau barrtré sem eru á Þingvöllum eigi að standa.“

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu verða barrtré innan þinghelgi Þingvalla felld samkvæmt áætlun um skógarhögg og grisjun á Þingvöllum síðan 2001. Í staðinn skuli hlúa að gróðri sem eigi sér lengri sögu á Þingvöllum.

Stefnan sé að Þingvellir verði sem næst því að vera eins og þeir voru við landnám, áður en barrtré festu rætur hér á landi. **- sþs**



**SKÓGARHÖGG** Öll barrtré innan þinghelginnar verða felld, utan þeirra sem standa í furulundinum sem plantað var 1899. Hann er friðaður með öllu, enda markaði hann upphaf skipulegrar skógræktar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árás við Smáralind rannsökuð:

## Blogginu læst með lykilorði

**LÖGREGLUMÁL** Bloggsíðu fjórtán ára gamallar stúlku sem hreykti sér þar af líkamsárásum hefur verið læst með lykilorði. Áður en síðunni var læst höfðu á fjórða hundrað athugasemdir borist við færsluna. Árásin var tekin upp á myndband sem lögreglan gerði upptækt.

Stúlkan lýsti í bloggfærslunni grófum líkamsárásum sem hún framdi gegn tveimur stúlkum á sama aldri við Smáralind á þriðjudag fyrir viku. Hún lýsir því einnig þegar hún ræðst á lögregluþjón og hrækir á hann við handtöku. Lögreglan segist vinna að rannsókn málsins. Ekki hefur verið lögð fram kæra. **- sh**

## Lést í árekstri



Maðurinn sem lést í árekstri vélhjóls og strætisvagns á Akranesvegi á mánudagskvöld hét Aðalsteinn Davíð Jóhannsson. Aðalsteinn var 35 ára, fæddur 26. júní 1972. Hann var búsettur í Háholti 12 á Akranesi. Aðalsteinn lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn.

ESB tæki vel á móti Íslandi:

## Umsóknin yrði afgreidd hratt

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Olli Rehn, sem sér um stækkunarmálin í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, segir að tekið yrði vel á móti aðildarumsókn frá Íslandi.

„Að sjálfsögðu,“ sagði Rehn í viðtali við þýska dagblaðið Die Welt í gær, þegar hann var spurður hvort Íslendingar væru velkomnir í Evrópusambandið.



**OLLI REHN**

„Ef ríkisstjórn Íslands sækti um aðild að Evrópusambandinu þá myndi ég strax kalla saman lítinn hóp, sem myndi sjá um það. Við gætum byrjað fljótt á samningaviðræðum og það væri hægt að ljúka þeim á frekar stuttum tíma.“ **- gb**

## INDÓNESÍA

### Vildi deyja og verða frægur

Rafvirki hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir sprengjutilræði á bandarísku veitingahúsi í höfuðborginni. „Hann vildi deyja og verða frægur,“ sagði dómarinn sem bætti við að þrátt fyrir að Nuh sjái eftir þessu sé verknaðurinn ófyrirgefanlegur.

# Segir stöðumælaverði hlífa Dominos

**Eigandi fyrirtækis við Skúlagötu segir stöðumælaverði sleppa því að sekta sendibíla Dominos. Hann grunar að stöðumælavörðum sé mútað með pítsum. „Ég borða ekki einu sinni Dominos pítsur,“ segir framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs.**

**BÍLASTÆÐI** Eigandi fyrirtækis við Skúlagötu segir sendibíla pítsastaðarins Dominos við götuna vera undanþegna bílastæðagjöldum. Röðum af Dominosbílum sé lagt ólöglega við stöðumæla á Skúlagötunni, en bílar annarra sem leggja í stæðin fái sektarmiða.

Kristján Olgeirsson, sem rekur útflutningsfyrirtæki við Skúlagötu, lagði bílnum sínum ólöglega við hliðina á Dominos-bílunum til að sjá hvort hann fengi sekt. „Ég gerði það bara í illsku minni að leggja hérna bílnum til að sjá hvað mundi gerast,“ segir Kristján. Ljósmyndir sem hann tók sýna að bíll hans hafi einn fengið sektarmiða.



**HRAFN STEFÁNSSON**

Kristján segist oft sjá stöðumælaverði koma út með nýjar pítsur í kassa. Hann segist þó ekki geta sannað að þarna hafi mútur verið þegnar. „En maður getur rétt ímyndað sér,“ segir Kristján.

„Ég skal glaður sýna stöðumælasektirnar sem við höfum fengið,“ segir Hrafn Stefánsson, rekstrarstjóri Dominos. „Við erum með föst stæði í bílastæðahúsi hér rétt hjá, sem við greiðum af mánaðarlega fyrir alla bíla nema einn, sem við höfum eitt einkastæði undir hér fyrir framan.“



**KOLBRÚN JÓNATANSDÓTTIR**

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, segir að í þessu tilviki hafi Dominosmenn ætlað að fjarlægja bílana áður en stöðumælavörður hóf að skrifa sektina. Kristján hafi einnig kvartað yfir að fá ekki eitt einkastæði eins og Dominos.

„Við erum hætt að leigja einkastæði við götur,“ segir Kolbrún. „Það er alveg spurning hvort við tökum okkur til, ef það eru einhverjar nágrannaerjur, og segjum upp einkastæði Dominos. Við erum svo sem í fullum rétti.“

Kolbrún vísar ásökunum um mútur til föðurhúsanna. „Hann var að ýja að því að við værum á fríum pítsum. Ég borða ekki einu sinni Dominos pítsur. Við höfum stundum keypt mat í vinnunni og hann hefur aldrei verið frá Dominos.“

Kolbrún segir ekkert fyrirtæki fá sérmeðferð. „Ef ég borga ekki í stæði þá ber vörðunum að skrifa á mig. Ég borga reyndar alltaf í stæði, en ég veit að fyrri framkvæmdastjóri lenti í því. Hann fékk sektarmiða og gerði sér ferð í afgreiðsluna og borgaði hjá gjaldkeranum. Þannig að það eru allir jafnir hjá okkur.“

Stöðumælavörður sem Fréttablaðið ræddi við segja að þeim séu oft boðnar mútur, þá yfirleitt í formi matvæla. Þeir hafi þó sjálfir aldrei þegið slíkt.

steindor@frettabladid.is



**KRISTJÁN OLGEIRSSON** Lagði gildru fyrir stöðumælaverðina.





**BLÆJUBÍLL KRISTJÁNS OG DOMINOS-BÍLLINN** Eins og sjá má á tímasetningunni og miðanum undir rúðuþurrkunni fékk Kristján sekt, en Dominos-bíllinn ekki.



**HARRY REID** Leiðtogi demókrata í öldungadeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öldungadeild Bandaríkjanna:

## Næturfundur um Íraksmálið

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar í öldungadeild Bandaríkjaþings bjuggu sig í gær undir langan og strangan þingfund um Íraksmálið, sem standa átti alla nóttina. Reiknað er með endanlegri atkvæðagreiðslu í deildinni í dag.

Demókratar, sem hafa nauman meirihluta í deildinni, höfðu einsett sér að fá samþykkt lög um að brotthvarf bandaríska hersins frá Írak hefjist eftir 120 daga og síðasti hermaðurinn verði farinn í apríl á næsta ári.

Sams konar frumvarp var samþykkt í fulltrúadeild fyrir stuttu, en George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur sagst staðráðinn í að beita neitunarvaldi sínu. **- gb**

Tollgæslan á Akureyri:

## Sagði hassmola vera sælgæti

**LÖGREGLUMÁL** Tollgæslan á Akureyri tók ungan pilt með lítilræði af hassi við komuna til Akureyrar af Hróarskelduhátíðinni í Danmörku.

Hundur tollgæslunnar sýndi manninum áhuga sem varð til þess leitað var á honum og í farangri hans. Við leitina fannst brjóstsykursmoli sem ákveðið var að skoða nánar. Maðurinn bar að um sælgæti væri að ræða. Molinn reyndist vera hass. **- aví**


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PATHFINDER XE**

Nýskr. 12.05 - Beinskiptur - Ekinn 10 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Íslenska ríkið greiðir nú þann kostnað sem Bandaríkjamenn báru áður:

# Heræfingar kosta 45 milljónir

**VARNARMÁL** Áætlaður heildarkostnaður utanríkisráðuneytisins vegna fyrirhugaðra heræfinga í ágúst er 45 milljónir króna.

Greiðslur vegna uppihalds erlendra hermanna eru töluverður hluti fjárins. Einnig þarf að lagfæra ýmsan búnað við Keflavíkurflugvöll, svo sem þotugildrur, víra sem stöðva orrustuþotur, nái þær ekki að hemla.

„Þetta sáu Ameríkanarnir um áður, en við þurfum að gera það núna,“ segir Arnór Sigurjónsson, fulltrúi utanríkisráðuneytisins við æfingarnar.

Við æfingar verða tæplega 300 manns og eru þær því mun minni í sniðum en þær sem bandaríski herinn hélt áður hér á landi.

„Við Norðurvíkings æfingarnar var allt varnarliðið, sem var 3000 manns, plús sjö til átta hundruð menn sem komu sérstaklega frá Bandaríkjunum,“ segir Arnór.

„Loftvarnahluti æfinganna fer fram frá Keflavík og verður suðvestur af landinu, yfir hafi, í tvo daga. Þrettán flugvélar og þyrlur taka þátt í henni,“ segir Arnór.

Hin æfingin, gegn hryðjuverkum, verður einnig starfrækt frá Keflavík. Hluti hennar fer líklega fram utan Keflavíkur samtímis, en ekki hefur verið ákveðið hvar. Hugsanlegur óvinur á æfingunum er óskilgreindur, enn sem komið er. **- kóþ**



**LOCKHEED P-3 ORION** Norðmenn senda eina Orion-eftirlits- og kafbátaleitarvél til landsins í ágúst. MYND/ÚR SAFNI


Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ
Grill Kebab
600 g fituhreinsað lambakjöt, t.d. bógur eða lærisneiðar, skorið í u.þ.b. 2-3 cm bita.
1/2 dl ólífuolía
safi úr einni sítrónu
1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kínversk grillsósa, fæst í flestum búðum
3 msk. sesamfræ
Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sítrónusafa, salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst.
Raðið kjötinu á pinna, penslið með Hoi Sin sósu og stráið sesamfræjum yfir pinnana. Grillið í u.þ.b. 8-12 mín. og snúið nokkru sinnum á meðan. Borið fram með t.d. kús-kús og salati.
www.lambakjot.is
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR
ENNEMM / SÍA / NM21837

## GENGIÐ 17.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 59,99 | 60,27 |
| Sterlingspund | 122,64 | 123,24 |
| Evra | 82,58 | 83,04 |
| Dönsk króna | 11,097 | 11,161 |
| Norsk króna | 10,475 | 10,537 |
| Sænsk króna | 9,015 | 9,067 |
| Japanskt jen | 0,4915 | 0,4943 |
| SDR | 91,86 | 92,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

111,9227

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslenskur maður dæmdur fyrir smygl á hassi og örvandi efnum í Bremen:

# Fékk tveggja ára skilorð í Þýskalandi

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur íslenskur ríkisborgari hefur verið dæmdur í Bremen í Þýskalandi fyrir fíkniefnasmygl. Maðurinn var handtekinn 21. janúar síðastliðinn með fimm kíló af hassi og 700 grömm af örvandi efnum í fórum sínum. Hann hlaut tveggja ára skilorðsbundinn fangelsisdóm 6. júlí síðastliðinn.



**BREMEN** Maðurinn var handtekinn í Bremen 21. janúar með fimm kíló af hassi og 700 grömm af örvandi efnum.

Maðurinn er íslenskur ríkisborgari en hafði verið búsettur í Danmörku þegar hann var handtekinn. Alþjóðalögreglan Interpol hafði þá látið lýsa eftir honum.

Íslenskir lögreglumenn fóru utan fyrr í sumar til að yfirheyra manninn í tengslum við annað fíkniefnamál. Þrettán kíló af hassi og 200 grömm af kókaíni höfðu fundist í Kaupmannahöfn í hraðsendingu sem fara átti til Íslands. Maðurinn var grunaður um að hafa pakkað sendingunni í félagi við annan. Hann neitaði sök, líkt og allir aðrir grunaðir í málinu, og var málið að endingu látið niður falla þar sem ólíklegt þótti að nokkur yrði sakfelldur.

Ekki fengust upplýsingar um það hjá embætti Ríkislögreglustjóra hvort maðurinn hefði snúið aftur til Íslands, eða hvort hann dvelur enn í Þýskalandi eða jafnvel Danmörku þar sem hann var búsettur áður eins og fyrr segir. **- sh**

Ólöglegur kúlufiskur:

## Hugðist selja eitraðan fisk

**TÆLAND, AP Lögreglan í Taílandi handtók á dögunum mann sem hugðist selja meira en tonn af eitruðum kúlufiski til veitingastaða þar sem gera átti fiskibollur úr kúlufisknum. Árið 2002 létust sex Taílendingar eftir að hafa borðað kúlufisk og var þá sala á honum bönnuð í landinu.**

**Eitrið er í ákveðnum hlutum fisksins og í Japan sækjast hugaðir sælkerar eftir að borða kúlufisk, sem þeir kalla fugu. Þeir telja eitrið auka bragðskerpu fisksins.**

**Árlega eru skráð tilfelli þar sem fólk veikist eða deyr eftir að hafa borðað kúlufisk. - sdg**

Framleiðandi Budweiser-bjórs:

## Dreifir íslensku vatni vestra

**VIÐSKIPTI** Icelandic Glacial, sem er í eigu Jóns Ólafssonar og sonar hans, hefur gert samning við stærsta dreifingaraðila á drykkjarvörum í Bandaríkjunum, Anheuser-Busch, um dreifingu á íslensku vatni þarlendis. Tilkynnt verður formlega um samninginn í dag. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Samningurinn er sagður sá stærsti sem gerður hefur verið um sölu á íslensku vatni, en ný átöppunarverksmiðja nærri Þorlákshöfn mun geta framleitt 100-200 milljónir lítra af vatni á ári. Anheuser-Busch er einna frægast fyrir að brugga og selja Budweiser-bjórinn. **- sþs**

# Ingibjörg fyrst til að ræða við forsetann

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddi í gær við Tzipi Livni og Shimon Peres, nýkjörinn forseta Ísraels. Hún segir viðræðurnar hafa verið mjög gagnlegar en hún eigi eftir að heyra sjónarmið leiðtoga Palestínumanna.**

**JERÚSALEM, FRÉTTABLAÐIÐ** Eftir viðræður við Shimon Peres, forseta Ísraels, og Tzipi Livni, utanríkisráðherra og varaforsætisráðherra Ísraels, í Jerúsalem í gær segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra að það séu „ákveðin tækifæri“ í stöðunni í deilu Ísraela og Palestínumanna „þótt það kannski líti ekki þannig út“.

Formleg dagskrá vinnuheimsóknar Ingibjargar Sólrúnar til Ísraels hófst í gær með heimsókn í helfararminningarsafnið Yad Vashem, en á mánudag fór hún í skoðunarferð að landamærum Ísraels að Líbanon og Sýrlandi.

Ingibjörg var fyrsti erlendi ráðamaðurinn sem átti fund með Peres eftir að hann tók við embætti forseta á sunnudaginn og sýndu ísraelskir fjölmiðlar fundinum því talsverðan áhuga. Um fundinn sagði Ingibjörg að það að hitta Peres væri eins og að ganga á vit sögunnar. „Hann hefur verið á hinu pólitíska sviði í 60 ár, eða jafnlengi og Ísraelsríki hefur verið til. Að hitta slíkan mann er auðvitað mjög merkilegt og fá að heyra hans hliðar á málunum.“

Í samtali við Fréttablaðið að loknum fundunum með Peres og Livni sagði Ingibjörg að erindi hennar á þessar slóðir væri að „átta sig á þessum flóknu málum sem hér er um að ræða“. Hún minnti á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segði að hún muni beita sér fyrir friði og mannréttindum í Miðausturlöndum, og því væri hún að framfylgja með heimsókninni.



**VIÐ UPPHAF FUNDARINS** Shimon Peres, forseti Ísraels, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddust við um pólitíska ástandið í Ísrael í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN ARNÓRSSON

Í viðræðum gærdagsins hefði hún fengið að heyra hvernig þessi mál horfðu við ísraelskum stjórnvöldum. Hina hliðina fengi hún síðar í vikunni á fundum með leiðtogum Palestínumanna.

„Þetta hafa verið mjög gagnlegar viðræður. Maður fær miklu skýrari heildarmynd af þeim flóknu úrlausnaratriðum sem hér er að fást við,“ segir Ingibjörg. Hún hafi lært að í stöðunni séu ákveðin tækifæri, „þótt það kannski líti ekki þannig út“.

Um fundinn með Livni segir Ingibjörg aðspurð að sér finnist það tvímælalaust skipta máli að þær séu báðar konur. „Það skiptir verulegu máli í okkar samræðum. Það gerir þær auðveldari, opinskáari, hreinskiptari en þær kannski ella væru.“

**audunn@frettabladid.is**

ESB-skýrsla um leynifangelsi:

## Höfundurinn gagnrýndur

**BRUSSEL, AP Svissneski Evrópuþingmaðurinn Dick Marty, sem hefur rannsakað í hálft annað ár leynileg fangelsi og leynilegt fangaflug á vegum CIA í Evrópulöndum, var í gær gagnrýndur á Evrópuþinginu fyrir að nota nafnlausar heimildir fyrir ásakanir sínar á hendur nafngreindum stjórnmálamönnum í Rúmeníu og Póllandi.**



**DICK MARTY**

**Marty svaraði því til að heimildarmenn sínir væru sumir hverjir opinberir embættismenn sem gætu aðeins tjáð sig í skjóli nafnleyndar. - gb**

Lest út af sporinu í Úkraínu:

## Líkt við slysið í Tsjernóbyl

**ÚKRAÍNA, AP Fjórtán þorp í vesturhluta Úkraínu urðu í fyrrakvöld fyrir mengun eftir að eldur kviknaði í flutningalest með gulum fosfór þegar hún fór út af sporinu. Aðstoðarforsætisráðherra Úkraínu, Oleksandr Kuzmuk, líkti slysinu við kjarnorkuslysið í Tsjernóbyl og sagði ómögulegt að spá fyrir um afleiðingarnar.**

**Átta hundruð íbúar voru fluttir brott. Hinum var ráðlagt að halda sig innandyra, drekka ekki vatn úr brunnum, borða ekki grænmeti úr görðum og drekka ekki mjólk úr kúm. - sdg**

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með í grein um Grace Kelly á Tímamótum á þriðjudag. Var það Stefanía dóttir hennar sem var með móður sinni í bílnum þegar Grace lést en ekki Karólína eins og sagt er í greininni.

Skortur á líffærum í Bretlandi:

## Vill gera alla að líffæragjöfum

**LONDON, AP** Allir Bretar verða líffæragjafar nema þeir taki annað fram nái tillaga landlæknis Bretlands, Liams Donaldson, fram að ganga. Donaldson segir alvarlegan skort á líffærum í Bretlandi þar sem að meðaltali einn sjúklingur deyi daglega meðan hann bíður eftir líffæri.

Samkvæmt breskum lögum þarf fólk að hafa gefið samþykki sitt fyrir líffæragjöf eða, hafi það ekki tekið neitt fram, þurfa aðstandendur að gefa samþykki. Donaldson, sem er helsti ráðgjafi breskra stjórnvalda í heilbrigðismálum, telur núgildandi lög letja líffæragjöf.

Spánn, Belgía, Tékkland og Austurríki hafa þegar tekið upp svipaðar reglur og Donaldson leggur til. **- sdg**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NOKKRAR BREYTINGAR**

Í dag eru horfur á góðviðri um allt land. En sumum til gleði og öðrum til skelfingar er væta á leiðinni. Á morgun má búast við lítilsháttar rigningu á Vestfjörðum og vestan til á landinu en að líkindum verður úrkomulítið í borginni. Á föstudag verður hins vegar vætusamt á vesturhluta landsins . Það má því segja að framundan séu nokkrar breytingar á veðrinu. Áfram hlýtt í veðri.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg vestlæg átt. Hálf- eða léttskýjað lengst

um hádegi »




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 22°C rigning | Friedrichshafen | 29°C léttskýjað |
| Billund | 21°C skúrir | París | 24°C hálfskýjað | Basel | 29°C skúrir |
| Osló | 19°C rigning | Eindhoven | 24°C skýjað | Alicante | 30°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 28°C skýjað | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 28°C skúrir | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Útsalan

## í fullum gangi

vorum að bæta við nýjum vörum

# Allar útsöluvörur

# 250-2000 kr

## Verðdæmi

| Upphaflegt verð | Útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799~~ kr. | 500 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 750 kr. |
| 1.~~499-1.699~~ kr. | 1.000 kr. |
| 1.~~999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| 2.~~999-4.999~~ kr. | 2.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Ertu ánægð(ur) með mótmælaaðgerðir Saving Iceland?*

| | |
|---|---|
| Já | 21% |
| Nei | 79% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið í tívolíið við Smáralind í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Eigandi hundsins furðar sig á þeim sem komu Lúkasarlyginni af stað:

# Búnir að hafa alla að fífli

**LÖGREGLUMÁL** „Dóttir mín er búin að gráta sig í svefn kvöld eftir kvöld og hvers vegna?“ spyr Kristjana Margrét Svansdóttir, eigandi hundsins Lúkasar.

Kristjana undrast hegðan þeirra sem lugu því til á spjallrásum að Helgi Rafn Brynjarsson hefði drepið hundinn hennar á grimmilegan máta. Þeir hafi jafnvel gengið svo langt að staðfesta söguna hjá lögreglu.

„Ég er löngu búin að fá ógeð á þessu. Ég skil ekki fólk sem er það sjúkt að hafa ekkert betra að gera en að eltast við fólk sem er búið að týna hundinum sínum,“ segir hún. Hundurinn Lúkas sást, sem kunnugt er, á Hlíðarfjalli í fyrradag, en hefur enn ekki verið klófestur.

„Þeir eru búnir að hafa alla að fífli. Lögreglan er meira að segja búin að kafa eftir hundinum. Og þvílík mannorðssverting fyrir strákinn [Helga]. Það er búið að reka hann úr vinnu en ég ætla að vona að vinnan sjái sóma sinn í að ráða hann aftur,“ segir hún.





**KRISTJANA OG LÚKAS** Ferfætlingsins fræga er enn leitað á Hlíðarfjalli.

Kristjana ætlar að hafa samband við Helga þegar frá líður. „En ég ætla að leyfa honum að anda svolítið fyrst. **- kóþ**

Sumarbústaðaeigendur:

# Beðnir um að spara vatn

**FÓLK Sumarbústaðaeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi eru beðnir um að nota vatn sparlega og vökva í hófi. Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri segir að vatnsbólin séu ekki að þorna upp. „Vandamálið er hins vegar topparnir í vatnsnotkuninni á vissum tíma dagsins. Dælur hafa að vísu undan en það má ekki mikið út af bregða. Það er eins og allir séu með úðara stöðugt í gangi á flötinni hjá sér.“ Jón mælir með því að sleppa því að vökva á álagspunktum eins og seinni tíma dags þegar fólk er að elda. Frekar ætti að vökva snemma dags. - pal**






# Komust úr þyrlunni áður en henni hvolfdi

**Áhöfn TF-SIFJAR náði að komast út út þyrlunni áður en henni hvolfdi í sjónum við Straumsvík. Það skipti sköpum í björgun þeirra ásamt góðu veðri og nálægðar björgunarskips. Rannsókn slyssins stendur yfir. Áhöfninni líður vel.**

**SLYS** Flak björgunarþyrlunnar TF-SIFJAR er nú geymt í flugskýli á vegum Rannsóknarnefndar flugslysa (RNF) eftir að því var bjargað í land aðfaranótt þriðjudags. RNF hefur tekið yfir forræði yfir flakinu af Landhelgisgæslunni (LHG) og vinnur að frumrannsókn slyssins. Forstjóri LHG segir gott veður og nálægð björgunarskips hafa skipt sköpum við björgun áhafnarinnar. Áhöfnin komst út úr vélinni áður en henni hvolfdi í sjónum. Eitt flotholt vélarinnar sprakk með þeim afleiðingum að henni hvolfdi.

Þyrlan þurfti að nauðlenda í sjó út af Straumsvík. Fjögurra manna áhöfn bjargaðist, og komst hún úr úr vélinni af eigin rammleik. Orsakir slyssins eru ókunnar en talið er að hún hafi misst vélarafl þar sem hún var að æfingum ásamt Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Flugstjórinn neyddist til að lenda þyrlunni í sjónum og var áhöfninni bjargað um borð í björgunarskipið Einar Sigurjónsson, sem var við æfingarnar.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að gott veður á slysstað og nálægð björgunarskipsins hafi skipt sköpum í björgun áhafnarinnar. „Til allrar lukku komust þeir líka út úr þyrlunni áður en henni hvolfdi í sjónum. Það er alveg ljóst að reynsla og þjálfun þessara manna varð til þess að þeir brugðust við aðstæðum eins faglega og í mannlegu valdi stóð.“ Georg segir að allar líkur séu á að öll áhöfn vélarinnar komi til fyrri starfa hjá LHG.

Forsvarsmenn Björgunarsveitarinnar í Hafnarfirði telja mikla mildi að hífingar yfir björgunarskipinu stóðu ekki yfir þegar óhappið varð. Um tíu manns voru um borð og hætt hefði verið við slysi á mönnum hefði æfingin verið lengra komin, að þeirra mati.



**TF-SIF VIÐ BRYGGJU Í HAFNARFIRÐI** Þyrlan er búin fjórum utanáliggjandi belgjum til þess að hún geti flotið. Ástæðan fyrir að henni hvolfdi í sjónum er að einn belgurinn sprakk eftir að hann var blásinn upp. RÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### BJÖRGUN ÞYRLUNNAR TF-SIFJAR

- 23.00 Lyftibelgir settir á vélina. Hver belgur ber 300 kíló og voru settir sex slíkir belgir til að tryggja að hún flyti.
- Hljóðritinn tekinn úr vélinni og flakið myndað að beiðni RNF.
- 00.04 Kafarar fóru niður undir vélina og tóku þyrluspaðana af henni.
- Böndum komið á ásinn sem heldur spöðunum (þyrilkollur).
- 01.12 Prammi með krana notaður til að hífa vélina upp til að rétta hana af.
- Ákveðið var að taka vélina ekki um borð í prammann til að forðast skemmdir.
- 03.09 Vélin dregin upp að bryggju í Hafnarfirði.
- 03.48 Hífð upp á bíl og flutt í húsnæði á vegum RNF.
- Björgunaraðgerðir gengu að óskum, en á fjórða tug manna frá Landhelgisgæslunni, slökkviliði og lögreglu höfuðborgarsvæðisins, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Köfunarþjónustu Árna Kópssonar, tóku þátt í þeim.
- Nú þegar hefur verið haft samband við franska framleiðandann Eurocopter um að útvega nýja þyrlu til að fylla skarð TF-SIFJAR. Vél af tegundinni Aerospatiale Dauphin með öllum búnaði kostar á annan milljarð króna.

Sigurður Heiðar Wiium, flugstjóri á TF-SIF, segir að áhöfninni allri líði vel. „Þetta fór allt vel og við erum allir við hestaheilsu. Við erum búnir að tala saman og það verður framhald á því næstu daga.“ Sigurður segir að áhöfnin hafi fengið áfallahjálp fljótlega eftir slysið. „Það er full ástæða til því hver einstaklingur tekur atburðum sem þessum á misjafnan hátt.“

Þorkell Ágústsson, forstöðumaður RNF, segir að vettvangsrannsókn sé að ljúka og þá taki við frumrannsókn. Hljóðriti vélarinnar verður sendur til Bretlands eða Kanada þar sem gögn hans verða lesin.

**svavar@frettabladid.is**






Starfsmenn Flugrekstrardeildar Landhelgisgæslunnar stunda þrotlausar æfingar:

# Æfa undankomu úr þyrlu í sjó

„Strákarnir þurfa að æfa mikið. Með vissu millibili þurfa allir að æfa björgun í fjalllendi, hífingar úr skipi og björgunarbátum og úr sjó,“ segir Halldór Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar (LHG). „Á veturna æfum við svo sérstaklega hífingar með nætursjónaukum.“

Halldór segir að eftir að þyrlum LHG var fjölgað úr tveimur í fjórar, í kjölfar brottfarar þyrlusveitar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, hafi æfingum eðlilega fjölgað. Nú starfa fjórtán flugstjórar hjá LHG, stýrimenn/sigmenn eru tíu og flugvirkjar/spilmenn eru fimm alls.



**HALLDÓR NELLET**

Halldór nefnir dæmi um vikulegar æfingar með Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, eins og þá sem stóð yfir þegar TF-SIF þurfti að nauðlenda í sjónum út af Straumsvík á mánudagskvöld. „Áhafnirnar fara á tveggja ára fresti til Skotlands og fá þjálfun í að yfirgefa þyrlu sem hefur nauðlent í sjó. Um er að ræða þyrlulíkan sem sett er í stóra sundlaug og þar æfa menn hvernig þeir eiga að koma sér út úr vélinni, ef hún lendir í vatni.“

Halldór segir alla sem starfa við björgunarstörf þurfa að vera vel á sig komna andlega og líkamlega. Sigmenn LHG, sem margir eru einnig kafaramenntaðir, þurfa að fara í regluleg þrekpróf til að halda réttindum sínum. „Menn þurfa að vera í góðu jafnvægi til að mæta þeim aðstæðum sem kunna að bíða þeirra.“ **- shá**

# DEBENHAMS Bláa bomban



# 20% viðbótarafsláttur

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU. REIKNAST AF VIÐ KASSANN.

| Upprunalegt verð | 70% afsláttur | | með 20% viðbótarafslætti | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -70% | 297 kr. | -20% | 238 kr. |
| 1.990 kr. | -70% | 597 kr. | -20% | 478 kr. |
| 2.990 kr. | -70% | 897 kr. | -20% | 718 kr. |
| 4.990 kr. | -70% | 1.497 kr. | -20% | 1.198 kr. |
| 6.900 kr. | -70% | 2.070 kr. | -20% | 1.656 kr. |

**Nýtt kortatímabil**

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 38217 07/2007

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir hið umdeilda ensk-ástralska námafélag sem hefur gert tilboð í Alcan?

2 Hvað heitir björgunarþyrlan sem fór í sjóinn við Straumsvík?

3 Hvaða lið sigraði Suður-Ameríkubikarinn á dögunum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Sautján ára drengur numinn á brott, vafið nöktum í lak og stungið í skott á bíl:

# Meint mannrán líklega dýrt spaug

**LÖGREGLUMÁL** Svo virðist sem um hrekk hafi verið að ræða en ekki fólskulegt mannrán þegar sautján ára drengur var numinn brott af heimili sínu í gærmorgun, honum vafið kviknöktum í lak og stungið í skott bifreiðar. Lögreglan lítur atvikið þó grafalvarlegum augum.

Lögreglu barst ábending um málið eldsnemma í gærmorgun, frá manni sem hafði orðið vitni að aðförunum. Lögreglan kannaðist við ungmennin af lýsingum mannsins og í ljósi sögu þeirra þótti full ástæða til að taka málið mjög alvarlega, að sögn varðstjóra lögreglu.

Bíllinn var stöðvaður skömmu síðar á Snorrabraut. Í honum voru fjögur ungmenni, piltar á aldrinum sextán til nítján ára og ein stúlka undir sakhæfisaldri, auk skottbúans. Í bílnum fannst hafnaboltakylfa.

Ungmennin báru því við að allt hefði þetta verið í gríni gert, og tók sá úr skottinu undir þá sögu. „Við bentum þeim á að okkur þætti þetta ekki fyndið. Það voru sex lögreglubílar sendir á blússandi forgangi að leita að bílnum,“ segir varðstjóri.

Fólkinu var sleppt undir hádegi eftir yfirheyrslur, og má ökumaðurinn eiga von á sekt fyrir umferðar- og vopnalagabrot. **- sh**



**SNORRABRAUT** Sex lögreglubílar voru sendir af stað í forgangsakstri til að hafa uppi á bílnum. Það tókst loks á Snorrabraut.

Uppbygging á Vestfjörðum:

# Háskólasetur fær starfsmenn

**MENNTUN Ingi Björn Guðnason og Sigurður Arnfjörð Helgason hafa verið ráðnir til Háskólaseturs Vestfjarða. Ingi var ráðinn í stöðu verkefnisstjóra og Sigurður mun gegna stöðu sérfræðings á alþjóðasviði.**

**Auglýstar voru þrjár stöður hjá Háskólasetrinu í maí. Ákveðið var að ráða ekki í stöðu fagstjóra á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar nú.**

**Höfðu tveir sótt um stöðuna en annar dregið umsókn sína til baka. Alls sóttu fimmtán manns um störfin þrjú.** **- þeb**




SIEMENS

Ný þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.

Þetta er vélin handa þér!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000

www.sminor.is

ATARNA – KMI / FIT


Eftirför vatt upp á sig:

# Hópur tekinn í fíkniefnamáli

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manns um og undir tvítugu voru handteknir í fyrrinótt eftir að lögregla fann nokkuð af fíkniefnum í heimahúsi. Málið hófst þegar ökumaður reyndi að stinga lögreglu af eftir að hún gaf honum stöðvunarmerki. Hann náðist skömmu síðar og fundust fíkniefni í bíl hans.

Í kjölfarið var leitað í húsinu sem maðurinn hafði ekið frá, og fundust þá enn meira af fíkniefnum. **- sh**

## GRUNDARTANGI

**Reykmengun frá verksmiðju**

Mikinn reyk lagði frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga síðdegis í gær. Slokknað hafði á viftum verksmiðjunnar, eftir að þær ofhitnuðu. Þetta gerist nokkrum sinnum á ári.




# Borgin fékk víst erindi flugfélagsins

**Borgin fékk umsókn Iceland Express um byggingu flugstöðvar, þvert á orð aðstoðarmanns borgarstjóra. Forstjóri IE undrast yfirlýsingar hans.**

**SAMGÖNGUR** „Borist hefur til borgarráðs bréf forstjóra Iceland Express frá 25. þ.m., þar sem sótt er um byggingarlóð við Reykjavíkurflugvöll“, segir í orðsendingu frá skrifstofu borgarstjórnar, sem er dagsett 29. júní.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær fullyrti aðstoðarmaður borgarstjóra, Jón Kristinn Snæhólm, að borgin hefði aldrei fengið erindi flugfélagsins.

Ofangreind orðsending sýnir að borgarstjórn hafði móttekið erindið og sent það áfram til umsagnar skipulagsstjóra og skrifstofustjóra framkvæmdasviðs. Erindið var í opinberu ferli.

Jón Kristinn hafði áður sagt Fréttablaðinu að lóðin sem Iceland Express (IE) hafi augastað á væri lóð sem hefði verið úthlutað til Háskólans í Reykjavík (HR) og endurtók hann það í gær.

Úttekt samráðsnefndar samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar á framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar, sem IE vísar til í umsókn sinni, skilgreinir svæði HR við flugvöllinn sem R13a.

Í umsókninni frá IE til borgarinnar og Flugstoða í síðasta mánuði er sótt um reit R13b. Sá reitur er vestan við R13a, nær flugvellinum sjálfum. Forsvarsmenn IE sóttu því ekki um reit HR.

Matthías Imsland, forstjóri IE, segist hafa orðið verulega hissa á yfirlýsingum talsmanns borgarstjóra, enda beri þær þess glöggt vitni að hann hafi ekki kynnt sér málið að neinu leyti. „Þetta er bara alveg með eindæmum. Ég þekki reyndar ekkert til þessa drengs, en ég á nú von á því að einhver á skrifstofu borgarstjóra lesi þau erindi sem henni berast.“

**klemens@frettabladid.is**




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


Glænýr vörubíll fór í sjóinn í Kópavogshöfn:

# Tókst að klifra út úr bílnum

**LÖGREGLUMÁL** Enginn meiddist þegar glænýr vörubíll fór í sjóinn við Kópavogshöfn í hádeginu í gær. Óhappið varð á losunarstöð fyrir vörubíla þar sem þeir sturta jarðvegsúrgangi í sjóinn.

Jarðvegurinn gaf sig undan bílnum og rann hann aftur á bak hálfur út í sjó. Ökumanninum tókst að klifra út úr bílnum og komast upp á bakkann.

Unnið var að því í nokkrar klukkustundir að ná bílnum upp úr sjónum. Bíllinn skemmdist eitthvað, þó mest af sjó. **- sh**



**HÁLFUR Í KAFI** Nokkuð basl var að koma bílnum í land þar sem lækka þurfti bakkann fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Sumartilboð



# Ný lína – Milano Bedding svefnsófar

## Hannaðir fyrir nótt sem dag






## Áttu von á gestum? Sumartilboð á svefnsófum

Við í Betra Bak kynnum með stolti okkar frábæra úrval svefnsófa frá Milano Bedding og Recor Bedding.

Sýningarsalur á neðri hæð, 250 m², fullur af nýjum gerðum og litum.

Vegna mikilla vinsælda á svefnsófum okkar erum við með stóran lager og því hægt að afgreiða vöruna samdægurs. Einnig tökum við sérpantanir.

Gerðu kröfur um þægindi - láttu gestunum líða vel hjá þér.

milano bedding®

Milano Bedding svefnsófarnir eru afrakstur meira en 40 ára reynslu og samvinnu sérhæfðs starfsfólks og heimþekktra hönnuða.

Svefnsófarnir eru hannaðir fyrir mikla notkun, hvort sem notkunin er sem sófi eða sem rúm. Með einu handtaki er sófanum breytt í lúxusrúm með heilsudýnu.

Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**



**BARN Í BALA** Þessi litla hnáta lék sér að gúmmíöndum í plastkassa fullum af vatni úti í garði í Mainz í Þýskalandi á mánudaginn, þegar hitinn komst þar hátt í 40 gráður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Níu létust og tugir slösuðust alvarlega í jarðskjálfta í Japan á mánudaginn:

# Bilanahrina í kjarnorkuveri

**JAPAN, AP** Kjarnorkuúrgangur sem helltist niður, sprungin rör, eldur og vatnsleki eru dæmi um nokkur af þeim fimmtíu vandamálum sem uppgötvuðust í stærsta kjarnorkuveri heims, Kashiwazaki-Kariwa, eftir að stór jarðskjálfti reið yfir í norðurhluta Japans á mánudaginn.

Greint var frá vandamálunum í gær sem voru öll minni háttar að sögn talsmanns fyrirtækisins sem rekur kjarnorkuverið, Tokyo Electric Power Co. (TEPCO).

Jarðskjálftinn mældist 6,6 stig á Richter og upptök hans voru við strönd Niigata sem er 260 kílómetra norðvestur af Tókýó. Níu létust og 47 slösuðust alvarlega. Allir hinir látnu voru á áttræðiseða níræðisaldri.

Hinn mikli fjöldi vandamála og það hversu seint TEPCO greindi frá þeim hefur vakið ugg um að öryggi í kjarnorkuverum í Japan sé ábótavant, bæði vegna fjölda slysa, sem sum hefur verið reynt að hylma yfir, og að þau séu viðkvæm fyrir jarðskjálftum.

Forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, gagnrýndi TEPCO harðlega í fjölmiðlum í gær. „Þeir gáfu of seint út aðvörun. Ég hef sent strangar leiðbeiningar um að aðvaranir í svona tilvikum þurfi að gefa út skjótt og af alvöru.“



**BEÐIÐ Í NEYÐARSKÝLI** Um 13.000 fórnarlömb jarðskjálftans dvöldu í neyðarskýlum í gær. Um 50 þúsund heimili eru án vatns, 35 þúsund heimili án gass og 27 þúsund heimili án rafmagns vegna jarðskjálftans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abe sagði að þeir sem bæru ábyrgð ættu að iðrast. - sdg

Fundur hjá menntamálanefnd:

# Úkraínumenn ræða um RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Frumvarpið um Ríkisútvarpið frá síðasta þingi verður rætt á fundi úkraínskrar sendinefndar með fulltrúum menntamálanefndar í dag. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður nefndarinnar, segir um óformlegan spjallfund að ræða.

„Þetta er hópur sérfræðinga á sviði fjölmiðlunar í Úkraínu sem hefur lýst yfir áhuga á að hitta þá sem hafa fjallað mest um málefni íslenskra fjölmiðla,“ segir hann. „Frumvarpið um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið fræga verður meðal annars rætt á þessum fundi. Ég held þeir hafi meiri áhuga á að læra af okkur en við af þeim.“ - sþs




Umferðaróhöppum í Reykjavík fjölgaði um rúman þriðjung í fyrra:

# Aftanákeyrslur algengasta orsök bílslysa í Reykjavík

**UMFERÐ** Umferðaróhöppum í Reykjavík fjölgaði um meira en þriðjung í fyrra miðað við árið á undan. Flestir slösuðust í aftanákeyrslum, eða rúmlega fimm hundruð manns.

Í samantekt Sjóvár Forvarnarhússins fyrir árið 2006 kemur fram að tjón sem tilkynnt voru í Reykjavík voru alls 9.740, sem er 35 prósenta aukning miðað við árið 2005. 1.234 manns slösuðust í þessum umferðaróhöppum, sem er einnig 35 prósenta aukning miðað við árið á undan.

Flestir slösuðust í aftanákeyrslum, rétt rúmlega fimm hundruð manns. Aftanákeyrslum í Reykjavík fjölgaði um fjórðung á milli ára. Alls skemmdust tæplega tuttugu þúsund bílar í umferðaróhöppum í Reykjavík, um þrettán prósent allra skráðra bifreiða á höfuðborgarsvæðinu.

Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, segir andvaraleysi ökumanna orsaka stóran hluta allra bílslysa. Ökumenn eigi alltaf að vera viðbúnir því að eitthvað geti gerst fyrir framan þá. „Sem ökumaður áttu að mega snarstoppa ef þú telur ástæðu til þess, og þá þarf sá sem er fyrir aftan þig að vera viðbúinn því.“

Hann bætir við að þótt bannað sé að tala í síma án þess að nota handfrjálsan búnað þá sé það sjálft símtalið sem tekur athygli ökumanna frá akstrinum. „Að tala í símann og velja símanúmer veldur því að ökumenn veita akstrinum minni athygli, og hvort tveggja þarftu að gera þótt þú notir handfrjálsan búnað.“

Einar Guðmundsson, forstöðumaður Sjóvár Forvarnarhúss, segir árið í fyrra hafa verið sérstaklega slæmt hvað varðar tjón í umferðinni. Samkvæmt tölum fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs hefur slösuðum fækkað á ný.

„Gleðilegu fréttirnar eru að slasaðir einstaklingar í óhöppum á höfuðborgarsvæðinu eru um tuttugu prósent færri á fyrri helmingi þessa árs miðað við sama tíma í fyrra,“ segir hann.

Flest slysin áttu sér stað á Miklubraut, og gatnamót hennar og Kringlumýrarbrautar voru þau gatnamót landsins þar sem flest slys urðu í fyrra. salvar@frettabladid.is



**ÁREKSTUR Á MIKLUBRAUT** Of stutt bil á milli bíla er ein af helstu ástæðunum fyrir aftanákeyrslum. Yfir fimm hundruð manns slösuðust í aftanákeyrslum í Reykjavík árið 2006. Miklabraut er tjónamesta gata landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EGGERT

**HÆTTULEG GATNAMÓT**

**Fjöldi slysa á tjónamestu gatnamótum í Reykjavík árið 2006**

| | |
|---|---|
| Kringlumýrarbraut/Miklabraut | 66 |
| Hringbraut/Njarðargata | 63 |
| Miklabraut/Grensásvegur | 54 |
| Kringlumýrarbr./Háaleitisbr. | 42 |
| Suðurgata/Hringbraut | 39 |




Stjórnarmaður Orkuveitunnar:

# Leggst gegn einkavæðingu

**ORKUMÁL** Svandís Svavarsdóttir, stjórnarmaður Orkuveitu Reykjavíkur, leggst gegn einkavæðingu orkugeirans. Í yfirlýsingu frá Svandísi segir að lýðræðislegu aðhaldi innan Hitaveitu Suðurnesja sé stefnt í uppnám og almannahagsmunir verði fyrir borð bornir.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Svandís telur að stjórn Orkuveitu ríkisins beri að beita sér í þágu almennings. Orkuveitan eigi að hafa frumkvæði að umræðu milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig megi tryggja að orkufyrirtæki haldist í almannaeigu en gangi ekki kaupum og sölum á hlutabréfamarkaði. - pal

**ÓHAPP**

## Ölvaður á trampólíni

Karlmaður á þrítugsaldri var fluttur á slysadeild um helgina eftir að hann slasaði sig á trampólíni. Maðurinn hafði verið í samkvæmi í úthverfi höfuðborgarinnar og ákvað að spreyta sig á teygjudisknum í morgunsárið. Hann fékk skurð á andlitið.

Stæltir karlmenn á Ísafirði:

# Púðum stolið af sýningu

**ÍSAFJÖRÐUR** Tveimur listaverkum var stolið af myndlistarsýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á dögunum. Listaverkin, púðar skreyttir með myndum af stæltum karlmönnum að takast á, eru hluti af sýningunni Maður með mönnum.

Jón Sigurpálsson, einn forsvarsmanna Myndlistarfélags Ísafjarðar er sannfærður um að sá sem átti í hlut sé viljugur að skila púðunum. Hann segir í samtali við Bæjarins besta að þau í Myndlistarfélaginu lofi að vera blíð og góð og skilningsrík við þann sem hreifst svona af listaverkinu. - þeb

Fimm þyrlur og fylgivél voru stöðvaðar á Ísafirði á mánudag:

# Höfðu ekki tilskilin leyfi

**SAMGÖNGUMÁL** Fimm erlendar þyrlur og fylgivél þeirra voru kyrrsettar á Ísafjarðarflugvelli í nokkrar klukkustundir á mánudag. Þyrlurnar komu til Ísafjarðar frá Höfn í Hornafirði á leið sinni til Bandaríkjanna.

Að sögn Valdísar Ástu Aðalsteinsdóttur, upplýsingafulltrúa Flugmálastjórnar, hefur Ísafjarðarflugvöllur aldrei verið skilgreindur sem millilandaflugvöllur. Vegna þess má ekki fljúga þaðan til annarra landa nema í undantekningartilvikum og með sérstökum leyfum. Þá þarf fyrsti viðkomustaður að vera einn fjögurra millilandaflugvalla á Íslandi, en þeir eru í Reykjavík, á Akureyri, á Egilsstöðum og í Keflavík.

Þyrlurnar hafa ekki flugdrægni til Grænlands, sem átti að vera næsti viðkomustaður þeirra. Af flugöryggisástæðum fengu þær því sérstakt leyfi til að halda för sinni áfram. „Þetta er einstakt leyfi sem er bundið við þessar vélar og þetta flug. Það felur ekki í sér að þær fái leyfi til að fara sömu leið til baka,“ segir Valdís. - þeb



**ÞYRLURNAR Á ÍSAFIRÐI** Þyrlurnar voru fastar í nokkra klukkutíma á meðan gengið var frá leyfum. Þær héldu áfram för sinni um klukkan tvö í gær. BB.IS/HALLDÓR

Friðrik V á Akureyri:

# Veitingahús í sögufrægu húsi

**AKUREYRI** Sögufrægt hús, sem áður hýsti Kaupfélag Eyfirðinga var tekið í notkun á ný í síðustu viku. Húsið er hundrað ára gamalt og stendur við Kaupvangsstræti 6 á Akureyri.

Engin starfsemi hefur verið í húsinu undanfarna þrjá áratugi en það er í eigu KEA. Í febrúar var gerður samningur milli KEA og Friðriks V um uppbyggingu og leigu á húsnæðinu næstu tíu árin.

Húsið er um 460 fermetrar. Á efri hæð þess er veitingahúsið sjálft staðsett og hefur það þegar verið tekið í notkun. Á neðri hæð verður sælkeraverslun og hádegisverðarstaður. - þeb

Hollenskur draumóramaður:

# Siglir yfir haf á íspinnaskipi

**HOLLAND** Hollenskur skipasmiður hefur smíðað víkingaskip úr endurunnum íspinnum einum saman. Verkið tók fjögur ár. Fimm þúsund skólabörn hjálpuðu til og í haust hyggst hann sigla yfir Atlantshafið á fleyinu.

Skipið, sem smiðurinn kallar „Thor“, er í fullri stærð og hefur þegar farið sína jómfrúarferð á stöðuvatni. „Þetta er ekki aðeins skip úr íspinnum, heldur einnig stærsti endurunni hlutur heims,“ sagði smiðurinn Robert McDonald, sem slasaðist alvarlega níu ára gamall og missti foreldra sína og níu systkin í gassprengingu.

„Ég gerði þetta til að sýna krökkunum að allt er mögulegt,“ sagði McDonald. Þetta kom fram á vefvarpsstöðinni ITV.com. - sgj


Fyrir heilsuna



vilborga@centrum.is

magimix

Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Verð frá kr.: 23.500

GJAFABRÉF

EIRVÍK

-hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Aðrir söluaðilar: Kokka, Laugavegi, Egg, Smáratorgi Villeroy & Boch, Kringlunni, Líf og list, Smáralind Maður lifandi, Borgartúni og Hæðarsmára






KIA CARENS

Nýi sjö manna fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra aksturseiginleika.

Ríkulegur staðalbúnaður:

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling
- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Akstursstölva
- Ræsitengd þjófavörn
- ... og margt fleira



BÍLABÍÓ

Nú bjóðum við KIA Carens með DVD bílabíói og þráðlausum heyrnartólum, ásamt 5 frábærum DVD diskum frá Senu.



KIA MOTORS
The Power to Surprise™

KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



**SKRÍPALEIKUR Í DÝRAGARÐI** Þessi björn hefur verið klæddur upp í boxarabúning til að skemmta áhorfendum í dýragarði í Kína. Sumir dýragarðar þar í landi hafa sætt gagnrýni frá dýraverndarsamtökum fyrir að etja saman ungum bjarndýrum í sýningaratriðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bók um Jón Ásgeir í haust:

## Kynlíf, lygar og stórmarkaðir

**VIÐSKIPTI** Bók um Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann Baugs Group, kemur út 31. október. Bókin er eftir Ian Griffiths og Jonathan Edwards, og heitir „Kynlíf, lygar og stórmarkaðir“.




**BÓKAKÁPAN**

„Bókin ætti að vera áhugaverð, hún er engin sérstök ádeila á Jón Ásgeir eða Baug,“ segir Griffiths. Undirtitill bókarinnar er „Leynilegt líf Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, milljónamæringsins sem er að kaupa Bretland“.

Bókin er komin í forsölu í vefversluninni Amazon, og þar segir að í bókinni sé meðal annars fjallað um upphaf og aðdraganda Baugsmálsins. - bj

# Dauðadómur og ævilangt fangelsi fyrir þrælahald

Stjórnvöld í Kína hafa hafið herferð gegn nauðungarvinnu. Þrír yfirmenn í lítilli múrsteinsbrennslu hafa hlotið þunga dóma fyrir misþyrmingar, þrælahald og manndráp. Nærri þúsund manns hafa hlotið frelsi.

**KÍNA, AP** Forstjóri, verkstjóri og undirverkstjóri í kínversku múrsteinsbrennslufyrirtæki voru í gær dæmdir fyrir þrælahald og misþyrmingar á starfsfólki.

Verkstjórinn, Heng Tinghan, hlaut ævilangt fangelsi fyrir að hafa vísvitandi valdið fólki líkamsmeiðslum og haldið því föngnu með ólöglegum hætti. Hann hélt 34 starfsmönnum í þrældómi, þar af voru níu þroskahamlaðir. Við réttarhöldin kom fram að frá marsmánuði árið 2006 þar til í maí á þessu ári hafi nítján af verkamönnunum meiðst vegna barsmíða og einn látið lífið.

Einnig kom fram að starfsfólkið hafði mætt í vinnu klukkan fimm að morgni og oft ekki fengið að hætta fyrr en klukkan 23 að kvöldi. Fullyrt var að Heng hafi skipað undirverkstjórum sínum að berja „letingjana“ sem sýndu ekki nógan dugnað.



**FORSTJÓRINN** Wang Bingbing hlaut níu ára fangelsisdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einn undirverkstjóra Hengs, Zhao Yanbing, hlaut dauðadóm fyrir að berja einn verkamannanna, Liu Bao, svo illa að hann lét lífið. Zhao hafði áður viðurkennt að hafa barið þroskaheftan starfsmann með skóflu fyrir að sinna starfinu ekki nógu vel.

Þá var Wang Bingbing, forstjóri verksmiðjunnar, dæmdur í níu ára fangelsi fyrir að hafa haldið fólki föngnu með ólöglegum hætti.

Dómarnir koma í kjölfar umfangsmikillar rannsóknar á þrælahaldi í múrsteinaverksmiðjum í kínverskum sveitahéruðum. Fjölmiðlar hófu að greina frá málinu eftir að fjöldi foreldra lýsti eftir börnum sínum sem þeir sögðu hafa verið rænt og send til vinnu við brennsluofna verksmiðjanna.

Kínverski kommúnistaflokkurinn segist hafa hafið herferð gegn þrælahaldi og nauðungarvinnu. Síðustu mánuði hafa tæplega þúsund manns hlotið frelsi úr slíkri ánauð fyrir tilstilli lögreglunnar. - gb/sdg



**MÚRSTEINSFRAMLEIÐSLA** Þessi kona vinnur hörðum höndum í einni af fjölmörgum múrsteinsverksmiðjum í Kína. Þar hefur fólki verið haldið í nauðungarvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


Bílabúð Benna

**100% VAXTALAUS LÁN TIL ALLT AÐ 48 MÁN af völdum bílum og LÆKKAÐ VERÐ af fjölda bifreiða.**



MMC PAJER LANGUR V-6 11/1996, ek. 185 þús. ssk. 7 manna, 5 dyra, álf. dráttarkrókur, leður, rafm. í rúðum og speglum og fl. Verð 590 þús.



DAEWOO TACUMA CDX 8/2002, ek. 81 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. fjarstýrðar samlæsingar, cd, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir og fl. Nýleg tímareim. Verð 790 þús.



CHEVROLET LACETTI CDX 1,8 WAGON 6/2005, ek. 26 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, dráttarkrókur, cd, kastarar, rafm. í rúðum og speglum, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir og fl. Verð 1.450 þús. áhv. 1.100 þús.25 þús. pr. mán.



FORD ESCAPE 3,0 XLT, árg. 2005, ek. 58 þús. km. ssk, abs, dráttarkrókur, cd magasín, kastarar, litað gler, rafm. í rúðum og speglum og fl. Verð 2.290 þús. áhv. 750 þús. 42 þús. pr. mán.



SUBARU LEGACY 2,0 WAGON ek.205 þús. 5 dyra, ssk. rafm. í rúðum og speglum, þjónustubók. Nýleg tímareim. Verð 290 þús.



PEUGEOT PARTNER COMBI 12/1999, ek. 103 þús. km. 5 sæti, 4 dyra, 5 gíra, abs, álf. fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir og fl. Nýleg tímareim. Lækkað verð 499 þús. áhv.200 þús. 16 pr. mán.



SKODA FABIA 1400 COMFORT 11/2001, ek. 59 þús.5 dyra, 5 gíra, abs, cd, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, þjónustubók. Ásett verð 650 þús.



CHEVROLET LACETTI CDX 1,8 4/2006, ek. 19 þús. 5 dyra, ssk. abs, fjarstýrðar samlæsingar, cd magasín, spólvörn, rafm. í rúðum og speglum. kastarar og fl. Verð 1.590 þús.



NISSAN TERRANO II 2400, 8/1998,ek. 158 þús.7 manna, 5 dyra,5 gíra, álf. dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum. Ásett verð 855 þús. Tilboð 650 þús. stgr.



SUZUKI BALENO GLX WAGON 6/1998, ek. 152 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar og fl. Ásett verð 450 þús. Tilboð 330 þús. stgr.



FORD FOCUS 1600 TREND WAGON 7/2004, ek. 67 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. Dráttarkrókur, cd, rafm. í rúðum og speglum, fjarstýrðar samlæsingar, smurbók og fl. Verð 1.290 þús.



FORD MONDEO GHIA WAGON 2,0 9/2003, ek. 103 þús. 5 dyra, ssk. Abs, álf. Cd. Líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum og fl. Ásett verð 1.650 þús. Tilboð 1.390 þús.

**Bíldshöfða 10 - S: 577 2800 / 587 1000**

Verslunarmiðstöð á Akureyri:

## Tillaga féll ekki að deiliskipulagi

**FRAMKVÆMDIR** Hugmyndum um smíði 3.800 fermetra verslunarmiðstöðvar á horni Glerárgötu og Tryggvabrautar á Akureyri hefur verið hafnað. Það var fasteignafélagið Smáragarður sem kom fram með hugmyndina en það ásamt fjárfestingafélag KEA á lóðina.

Eftir því sem fram kemur á fréttavefnum nordurlandid.is segir Leifur Þorsteinsson, verkefnastjóri byggingareftirlits Akureyrarbæjar, hugmyndina ekki hafa fallið að deiliskipulagshugmyndum bæjarins en hann vildi þó ekki tjá sig nánar um það að svo stöddu hvað það væri sem bærinn setti fyrir sig. **- kdk**

Jónas H. Haralz gagnrýnir hagstjórn Íslands:

# Skortur á jafnvægi í hagstjórn

**EFNAHAGSMÁL** Jónas H. Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri, segir íslensk stjórnvöld ekki hafa rekið nógu staðfasta jafnvægisstefnu í hagstjórn landsins og án hennar náist ekki sá stöðugleiki sem sé forsenda heilbrigðs hagvaxtar. Stöðugleikinn sé jafnframt forsenda fyrir því að eiga þess kost að taka upp evruna.



**JÓNAS H. HARALZ**

„Þessi ágæta tilraun með sjálfstæðan seðlabanka og fljótandi gengi sem við tókum upp var skynsamleg og rétt – en það hefur gengið mjög illa að framkvæma hana," segir Jónas í samtali við Fréttablaðið í tilefni af útkomu bókarinnar „Ný staða Íslands í utanríkismálum - Tengsl við önnur Evrópulönd", sem Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stendur að, en Jónas á kafla í bókinni þar sem hann rekur þróun íslenskra gengismála á fyrri hluta 20. aldar.

Ástæður þess að þessi tilraun hafi ekki gengið betur en raun ber vitni rekur Jónas að hluta til aðstæðna „sem við ekki ráðum við og að nokkru leyti er það af aðstæðum sem við ráðum við, það er að segja við höfum ekki rekið nógu staðfasta jafnvægisstefnu."

Spurður hvort hann telji nýrra áherslna í þessu efni að vænta af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segist Jónas „ekki hafa heyrt þá tóna" frá henni sem hann vildi heyra. „Það kom þarna mjög góð greinargerð frá Samfylkingunni fyrir kosningar sem Jón Sigurðsson ritstýrði. Það var mjög að mínu skapi," segir hann. „En síðan hef ég ekki heyrt, hvorki frá Samfylkingunni né ríkisstjórninni, neitt í þeim dúr sem ég tel að maður þyrfti að fá að heyra." **- aa**




**NÝ BÓK** Uppistaðan er erindi sem haldin voru á ráðstefnu þann 24. nóvember 2006.

Verkalýðsfélag Siglufjarðar:

## Stjórnvöld skýri byggðastefnuna

**ATVINNUMÁL** Stjórn Verkalýðsfélagins Vöku á Siglufirði lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra uppsagna Ramma hf. á 31 starfsmanni. Með því sé öll landvinnsla fyrirtækisins á Siglufirði lögð niður.



**SIGNÝ JÓHANNESDÓTTIR**

Í ályktun sem Vaka gerði er skorað á stjórnvöld að skýra byggðastefnu sína. Þar segir: „Sé stefnan áfram sú að leggjast ekki gegn hnignun byggðar í landinu, þá eiga stjórnvöld að þora að gangast við þeirri stefnu og hefja markvissar aðgerðir til þess að leggja byggðarlög niður og skapa jafnframt núverandi íbúum, lífsskilyrði í nýjum heimkynnum." **- pal**



**HÖFNIN Í SANDGERÐI** Einkum hefur verið kvartað undan ólykt á hafnarsvæðinu.

Íbúar kvarta:

## Vond lykt í Sandgerði

**SANDGERÐI** Íbúar í Sandgerði kvarta mikið undan ólykt í bænum. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs Sandgerðis á dögunum. Aðallega er kvartað undan vondri lykt á hafnarsvæði en einnig víðar í bænum. Frá þessu er greint á vef Víkurfrétta.

Bæjarráð lýsti á fundinum yfir áhyggjum af lykt og umgengni í kringum fyrirtæki að Hafnargötu 4 í bænum. Er heilbrigðiseftirlitið hvatt til aðgerða í málunum og að koma í veg fyrir dreifingu á slógi í heiðarlönd í nágrenni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og í umhverfi bæjarfélagsins. **- þeb**

Tilkynnt um tvö innbrot:

## Blóðslóð fannst í vinnuskúrum

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um innbrot í Laugalækjaskóla á fjórða tímanum í fyrrinótt. Þar hafði gluggi verið spenntur upp og tölvuturni stolið.

Nokkru síðar, um fimmleytið, var tilkynnt um innbrot í vinnuskúra á Dalbraut, sem er í næsta nágrenni. Ekki liggur fyrir hverju var stolið úr skúrunum, en þar fannst blóðslóð á vettvangi.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er talið líklegt að innbrotin séu tengd, þar sem svo stutt var á milli staðanna tveggja. Ekki hefur tekist að hafa hendur í hári þjófsins, en málið er í rannsókn. **- sh**




## „ORÐRÉTT“

*Hefði ekki verið rétt að kanna það fyrst?*

**„Hins vegar er ég einfaldlega ekki klár á því með hvaða hætti hún kann að hafa áhrif á einstaka framkvæmdir.“**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON IÐNAÐARRÁÐHERRA UM ÞÁ ÁKVÖRÐUN AÐ VÍSA FRÁ ÓSKUM UM RANNSÓKNARLEYFI.

Fréttablaðið.

*Upp með sokkana í sókn og vörn*

**„Við verðum bara að nýta færin betur. Reyndar þurfum við einnig að verjast betur því enn einu sinni fengum við á okkur mark úr föstu leikatriði, sem er skelfilegt.“**

MAGNÚS GYLFASON, ÞJÁLFARI VÍKINGA, EFTIR JAFNTEFLISLEIK GEGN HK.

Morgunblaðið.

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** FRIÐRIK SKÚLASON TÖLVUFRÆÐINGUR

## *Sinnir trójuhestum og öðrum óþverra*



„Ég veit ekki nú hvað ætti að vera að frétta hjá mér þannig séð,“ segir Friðrik Skúlason tölvufræðingur. „Þetta er alltaf þessi sama rútína, sinna þessum skrítnu vírusum, ormum, trójuhestum, bakdyrum og öðrum óþverra. Það er svona það eina sem ég fæst við þessa dagana. Það sem er kannski áhugavert er að það hefur breyst svolítið af hverju menn eru að gera þetta, þetta eru ekki lengur bara hobbíistar sem eru að gera þetta að gamni sínu. Það eru komin skipulögð glæpasamtök á bak við þetta, Þetta gengur allt út á að hafa pening af fólki. Þetta er líka orðið svo mikið magn. Fjöldi vírusa hefur tvöfaldast á hverju einasta ári frá 1986.“

Friðrik hefur ásamt Íslenskri erfðagreiningu byggt upp ættfræðigrunninn Íslendingabók. „Næst á dagskrá hjá okkur í ættfræðinni eftir sumarfrí er að skrá bændatölin frá 18. öld. Til eru nokkuð heilleg bændatöl frá 1735, 1753 og svo auðvitað 1762. Annars er ósköp lítið af mér að frétta. Ég fékk brjósklos í bakið vegna of mikillar setu við tölvuna. Mér er því skipað að sitja ekki of mikið. Ég er því búinn að vera mikið úti í garði og uppi í sumarbústað. Ég labba einnig í vinnuna, við erum komin með hund. Það er ágætis líkamsrækt að fá sér hund sem þarf mikla hreyfingu. Ég tek mér ekki frí yfir hásumarið, það eru það margir í fríi og ég verð að leysa einhverja af. Ég náði reyndar nokkurra daga frí um daginn og fór að skoða Vestfirði í fyrsta skipti og heimsótti nánast hvert einasta byggðarlag og staði eins og Selárdal.“

## LJÓTASTI HUNDUR Í HEIMI

■ Frægasti hundur Íslands um þessar mundir er Lúkas, af Chinese Crested kyni. Uppruni tegundarinnar er ekki ljós.



Sumir segja hundinn hafa verið til í Kína frá 13. öld, en aðrir telja hann eiga uppruna sinn í Afríku. Tegundin er bæði til nær hárlaus og mjög loðin (powderpuff).Hundarnir þykja mjög skemmtileg gæludýr, en þykja helst til undarlegir í útliti. Hundar af þessari tegund hafa ítrekað verið kosnir ljótustu hundar veraldar.

## SJÓNARHÓLL

**LÚKAS KOMINN Í LEITIRNAR**



**BÖRKUR HRAFN BIRGISSON**
Tónlistarmaður

## *Verið að gera mat úr engu*

„Ég hef nú ekki myndað mér neina sérstaka skoðun á þessu máli,“ segir Börkur Hrafn Birgisson tónlistarmaður. „Er þetta ekki bara dæmigert mál sem er ekkert mál en fjölmiðlar blása upp? Mér finnst þetta bara eins og með Paris Hilton. Það er verið að gera mat úr engu. Það verður alltaf að virða þá grundvallar reglu að menn eru saklausir uns sekt er sönnuð,“ segir hann. „Þegar menn eru farnir að leysa málin í fjölmiðlum finnst mér þetta orðið svolítið ameríst. Einhver kemur fram og segir einhvern annan hafa gert eitthvað á sinn hlut og ætlar að fara í mál. Það væri nær að setjast bara niður og fá sér kaffibolla og ræða málin.“

„Mér finnst fólk ekki vera nógu gagnrýnið á það sem það heyrir og les í fjölmiðlum. Fólk trúir því sem kemur fram án þess að vera með gagnrýna hugsun. Því er svo auðvelt að spinna upp svona múgsefjun.“

# Skátar á alheimsmóti í Englandi

**Alheimsmót skáta fer fram í Englandi dagana 27. júlí til 8. ágúst í Englandi. Með hátíðinni er ætlunin að fanga aldarafmæli skátahreyfingarinnar ásamt því að sýna að jarðarbúar geti lifað saman í sátt og samlyndi. Án fordóma, ofbeldis og fátæktar.**



**SKÁTAR** Æfingamót skáta fór fram í Hylands-Park fyrir tveimur árum. MYND/BRAGI

„Þarna eru allir jafnir, án stéttskiptingar og fordóma,“ segir Bragi Björnsson aðstoðarskátahöfðingi og aðalfararstjóri. Ríflega 440 íslenskir skátar fara í næstu viku á alheimsmót skáta sem fram fer í Hylands-Park í Englandi um 50 kílómetra frá London.

Um 42 þúsund skátar frá 159 þjóðlöndum verða saman komnir á hátíðinni. Talið er að allt að 80 þúsund gestir heimsæki mótið og því verður heildarfjöldi þeirra sem koma að mótinu yfir 120 þúsund manns. Þema hátíðarinnar er Einn heimur, eitt heiti þar sem friður og náungakærleikur er hafður að leiðarljósi.

Á svæðinu verða landkynningarbúðir þar sem öll löndin hafa sitt eigið tjald og kynna sitt land. „Við kynnum að sjálfsögðu hana Björk okkar sem er einn frægasti Íslendingurinn. Einnig ætlum við að kynna íslensku glímuna og lýsið ásamt vikivakadansinum,“ segir Bragi. Stoðtækjagerð Össurar sýnir sérhannaða gervifætur og geta heilbrigðir prufað að ganga á gervifótum. Það verkefni er í sambandi við kynningu Rauða krossins á jarðsprengjuhreinsun.

Bragi fór á alheimsmót skáta í Chile fyrir átta árum. „Þar voru allir vinir. Ísraelar og Palestínumenn sváfu í tjöldum hlið við hlið sem og Króatar og Serbar,“ segir hann og bætir við að hann haldi enn sambandi við fjöldann allan af fólki úr öllum heimshornum sem hafa heimsótt hann til Íslands og hann þá.

Til að gera sem flestum kleift að komast á mótið borga ríkar þjóðir hærra mótsgjald en þær fátækari. „Þarna koma síðan krakkar frá fátækum löndum og gista kannski í tjaldi við hliðina á Karli Svíakonungi sem hefur verið tíður gestur á alheimsmótið þar sem hann gistir í tjaldi innan um aðra. Stéttaskipting þekkist ekki,“ segir hann.

andriv@frettabladid.is



**HVÍLD** Dagskráin á mótinu er þéttskipuð. Margt er í boði og mikið um að vera. Því verður hvíld inn á milli kærkomin. MYND/BRAGI

## EITT SINN SKÁTI ÁVALLT SKÁTI

**Meðal þekktra íslenskra skáta eru:**

Ólafur Ragnar Grímsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Friðrik Sophusson
Björk Guðmundsdóttir
Sölvi Blöndal
Magga Stína

## HÓPURINN

Í íslenska hópnum eru tæplega 450 manns. Til að komast á staðinn fara skátarnir með fjórum flugvélum, tveimur flugfélögum og lenda á tveimur flugvöllum. Í fararstjórahópnum eru meðal annars sálfræðingur, prestur, læknir og lögfræðingur svo dæmi sé tekið. Þetta er einn stærsti hópur sem hefur farið frá Íslandi í skipulagða ferð.



**ÚTIHÁTÍÐ** Mótið er áfengis- og vímefnalaust og af þeim sökum þarf aðeins lágmarksgæslu. MYND/BRAGI





Bylgjan á puttanum um landið í sumar

BYLGJAN 989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## >Svona erum við

Algengustu eiginnöfn kvenna á Íslandi:

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING: FASTEIGNAMAT RÍKISINS**

# *Heldur skrá yfir allar fasteignir landsins*

Fasteignamat ríkisins komst í fréttirnar á dögunum fyrir að selja Byko og Húsasmiðjunni upplýsingar úr Landskrá fasteigna. Persónuvernd gerði athugasemdir við að fasteignaeigendur gætu ekki ráðið því hvort upplýsingar um þá yrðu nýttar til beinnar markaðssetningar.

**Hvað er Fasteignamat ríkisins?**
Hlutverk FMR er að annast skráningu og mat fasteigna, varðveita upplýsingar í viðeigandi kerfum og miðla þeim upplýsingum. Í því skyni heldur FMR úti Landskrá fasteigna, annast fasteignamat, brunabótamat og sinnir rannsóknum á fasteignamarkaðnum.

**Hvað er í Landskrá fasteigna?**
Allar fasteignir landsins eru skráðar í Landskrána. Í skránni eru meðal annars upplýsingar um auðkenni, gerð og staðsetningu fasteigna, eignarhald, veðbönd, fasteignamat og brunabótamat. Upplýsingum úr Landskránni miðlar FMR eftir ákveðnum reglum.

**Hver er munurinn á fasteignamati og brunabótamati?**
FMR metur matsskyldar fasteignir fasteignamati. Það er gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvember ár hvert, miðað við leyfilega og mögulega nýtingu hennar á hverjum tíma. Brunabótamat er mat á efnislegum verðmætum húseignar sem geta eyðilagst í eldi. Brunabótamat miðast við byggingarkostnað, að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar.



**SPURT&SVARAÐ**
**FLUGFÉLAGIÐ ERNIR**



ÁSGEIR ÖRN ÞORSTEINSSON

## *Eftirspurn eftir viðskiptaflugi*

Flugfélagið Ernir fékk í gær nýja flugvél sem er sú sjötta í flota þess. Flugfélagið hefur frá því um áramót haldið uppi áætlunarflugi til Hafnar, Sauðárkróks, Bíldudals og Gjögurs. Auk þess sinnir félagið leiguflugi. Ásgeir Örn Þorsteinsson er sölu- og markaðsstjóri Ernis.

**Hvernig hefur áætlunarflugið gengið?**
„Framar vonum. Þetta hefur gengið mjög vel og við höfum meira að segja verið að auka flug á Sauðárkrók og Höfn og flug á Vestfirðina gengur líka vel,“ segir Ásgeir.

**Hvað með aðra starfsemi þessa félags?**
„Við bjóðum upp á mjög öflugan flota af minni vélum. Þær sinna öllu, frá sjúkraflugi og til þess að flytja helstu ráðamenn þjóðarinnar. Það er mikil eftirspurn eftir viðskiptaflugi. Við erum líka með mikla þjónustu við erlenda ferðamenn. Hjá okkur hefur verið boðið upp á útsýnisflug lengi og það koma þúsund ferðamenn á sumri í slík flug.“



**VLADIMÍR PÚTÍN** Talið er að Vladimír Pútín sé afar reiður Bretum fyrir að hafa neitað að framselja Boris Berezovsky sem er svarinn fjandmaður hans.



**GORDON BROWN** Segir að rússnesk yfirvöld eigi að vinna með yfirvöldum í Bretlandi í Litvinenko-málinu.

# Kalt stríð milli Rússa og Breta

**Samskipti Rússlands og Bretlands hafa ekki verið eins slæm síðan í kalda stríðinu, eftir að breska ríkisstjórnin tók ákvörðun um að reka fjóra rússneska diplómata úr landi á mánudag. Rússar sögðust í gær myndu svara Bretum en sögðu ekki hvernig.**

Allir diplómatarnir fjórir sem voru reknir frá Englandi starfa hjá samtökum sem tóku við hlutverki leyniþjónustunnar KGB. Talið er að þetta bendi til þess að bresk yfirvöld gruni að rússneska leyniþjónustan hafi komið nærri morðinu á Litvinenko. Eins og utanríkisráðherra Englands sagði í ræðu á breska þinginu á mánudag þá er ljóst að hverjum aðgerðir bresku ríkisstjórnarinnar beinast. En hann útskýrði orð sín ekki frekar.

### Samskiptin munu versna

Ríkisstjórnin í Kreml sagði í gær að hún ætlaði að svara bresku stjórninni á „ákveðinn og viðeigandi hátt“ en sagði ekki hvað hún hygðist gera. Fréttaritari breska blaðsins The Guardian í Moskvu, Luke Harding, sagði í gær að svar Pútíns yrði óvænt og andstyggilegt, og ekki endilega það að vísa breskum diplómötum úr landi. Hann sagði að Pútín gæti hugsanlega vísað breska sendiherranum í Rússlandi, Anthony Brenton, úr landi á næstunni. „Samskipti þjóðanna eiga eftir að versna til muna á næstu vikum,“ segir Harding.

### Ráku síðast úr landi 1996

Bretar hafa ekki rekið rússneska diplómata úr landi síðan 1996, sem var svar þeirra við því að yfirvöld í Rússlandi ráku níu breska diplómata úr landi fyrir meintar njósnir. James Nixey, sérfræðingur í málefnum Rússlands hjá Chatham House hugmyndaveitunni, segir hins vegar að sambandið á milli þjóðanna sé verra en það var þá því svo margir neikvæðir þættir spili inn í núna.

Samskipti Rússa og Vesturlanda hafa versnað á margvíslegan hátt á liðnum mánuðum og nægir að minnast á að Rússar hafa hótað því að koma fyrir loftskeytum við landamæri Póllands ef Bandaríkjastjórn lætur verða af því að koma upp eldflaugavarnarkerfi í Austur-Evrópu.

### Morðið á Litvinenko

Upphafið að þessari deilu Rússlands og Bretlands er andlát fyrrverandi starfsmanns rússnesku leyniþjónustunnar FSB – sem var búin til þegar sovéska leyniþjónustan KGB var lögð niður – Alexanders Litvinenko í London í nóvember í fyrra. Bresk yfirvöld komust að því í desember að Litvinenko hefði verið drepinn með geislavirku efni sem heitir pólon 210. Rannsókn breskra yfirvalda beindist að fyrrverandi KGB-manni, Andrei Lugovoi að nafni, sem átti fund með Litvinenko á hóteli í borginni þegar eitrað var fyrir honum með því að láta pólon 210 í teið hans.

Litvinenko var fyrrverandi FSB-maður sem flúði frá Rússlandi árið 2000. Rússnesk yfirvöld höfðu handtekið hann eftir að hann hafði sagt frá því að þau ætluðu að drepa rússneska auðkýfinginn Boris Berezovsky, sem er svarinn fjandmaður Pútíns Rússlandsforseta. Berezovsky hefur verið í útlegð í Englandi frá árinu 2000. Litvinenko vændi auk þess yfirvöld í Rússlandi um að hafa sviðsett sprengjutilræði í fjölbýlishúsum í Moskvu til þess að skella skuldinni á hryðjuverkamenn í Tsjetsjeníu og réttlæta þannig aðgerðir gegn þeim.

Litvinenko sagði á dánarbeði að Pútín, sem er fyrrverandi yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB, hefði látið eitra fyrir sér.

### Neita að framselja Lugovoi

Yfirsaksóknari Rússlands, Yuri Chaika, sagði í desember, að Lugovoi yrði ekki framseldur til Englands. Í maí vísuðu yfirvöld í Rússlandi geta sætt sig við að skipta á Lugovoi í staðinn fyrir Berezovsky, sem hefur verið ákærður fyrir peningaþvætti í heimalandi sínu og fyrir að leggja á ráðin um að steypa Pútín af stóli.

Bresk yfirvöld hafa neitað að framselja Berezovsky til Rússlands á þeim forsendum að hann myndi ekki fá sanngjarna málsmeðferð í landinu. Bretar hafa verið gagnrýndir fyrir tvískinnung vegna þessa. Réttarhöldin yfir Berezovsky hófust að honum fjarstöddum í Rússlandi í síðustu viku.

Hinn 9. júlí neituðu yfirvöld í Rússlandi svo endanlega að framselja Lugovoi á þeim forsendum að það bryti gegn stjórnarskrá landsins. Utanríkisráðherra Englands, David Miliband, gaf það út í kjölfarið að breska ríkisstjórnin hygðist refsa Rússum fyrir það. Miliband tilkynnti svo á mánudag að fjórum rússneskum diplómötum yrði vísað úr landi, sem er hugsanlega upphafið að köldu stríði á milli þjóðanna tveggja.



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is

## TÍMAÁS: LITVINENKO-MÁLIÐ



ALEXANDER LITVINENKO

**1. nóvember 2006**
Fyrrverandi njósnarinn Alexander Litvinenko hittir tvo Rússa, annar þeirra er Andrei Lugovoi, á hóteli í London

**4. nóvember 2006**
Litvinenko lagður inn á sjúkrahús

23. nóvember 2006
Litvinenko deyr á sjúkrahúsi í London

**24. nóvember 2006**
Komist er að því að eitrað var fyrir Litvinenko með geislavirku efni sem heitir pólon-210

**4. janúar 2007**
Pólon-210 finnst á veitingahúsi sem talið er að Andrei Lugovoi hafi heimsótt

**22. janúar 2007**
Breskur saksóknari mælir með því að Lugovoi verði ákærður fyrir morðið á Litvinenko

**28. maí 2007**
Rússnesk yfirvöld neita að framselja Lugovoi en gefa í skyn að þeir myndu skipta á honum og auðkýfingnum Boris Berezovsky sem er andstæðingur Pútíns sem er í útlegð á Englandi

**9. júlí 2007**
Rússnesk yfirvöld segja að þau muni ekki framselja Lugovoi

**16. júlí 2007**
Utanríkisráðherra Englands David Miliband segir að bresk yfirvöld muni vísa fjórum rússneskum diplómötum úr landi. Rússar segjast ætla að grípa til harðra aðgerða gegn Bretum.

**Heimild: The Guardian**

**Sumarleyfi**
**23. júlí-6. ágúst**



Heyrnar- og talmeinastöð Íslands verður lokuð vegna sumarleyfis dagana 23. júlí–6. ágúst. Opnum aftur þriðjudaginn 7. ágúst.

Fram að sumarleyfi og að því loknu er tekið við tímapöntunum alla virka daga kl. 9–12 í síma 581 3855. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum www.hti.is.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars.

*Starfsfólk Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.*

**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**
Háaleitisbraut 1 • 105 Reykjavík • Sími: 581 3855 • hti@hti.is • www.hti.is

HAFÐU ÞAÐ **FLOTTASTA** Í STURTUNNI!

**SÉR TILBOÐ!**
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

## - beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum



VELDU
ÞITT GLER
EFTIR STÆRÐ



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og110 sm

**GLER HURÐIR** stærðir
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160 og 165 sm

VELDU
RENNIHURÐ
ÚR GLERI
EFTIR STÆRÐ



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

**GLER RENNIHURÐIR** stærðir
80 sm, 85 sm, 90 sm

STURTUHORN
ÚR GLERI
- beint á gólf



VM 321
8 mm öryggisgler
Rammalaust bogahorn
m krómfestingum



VM 531
8 mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Orkufyrirtækin og neytendur:

## Slæm samheldni

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Umræður um nýja eigendur Hitaveitu Suðurnesja hafa kallað fram ólíkt pólitískt tungutak. Hugtakið einkavæðing er helsta bitbeinið. Í ljósi þess að hér er að stærstum hluta til um einokunarrekstur að ræða er eðlilegt að spurningarmerki séu sett um einkavæðingu.

Af tungutaki þessarar umræðu mætti ætla að djúpstæður hugmyndafræðilegur ágreiningur ríkti um hvort ætti að vera í fyrirrúmi: Arðsemi orkufyrirtækjanna eða þeir hagsmunir heimila að fá orku á kostnaðarverði. Raunveruleg afstaða einstakra stjórnmálaflokka bendir á hinn veginn til að býsna góð samheldni hafi verið um að setja hagsmuni neytenda skör neðar en arðsemishagsmuni orkufyrirtækjanna.

Fyrst er á það að líta að allir stjórnmálaflokkar í landinu, utan Frjálslyndi flokkurinn, hafa átt aðild að sölu á hlutabréfum í Hitaveitu Suðurnesja til einkafyrirtækis. Þetta hefur ýmist gerst í gegnum aðild að ríkisstjórn eða meirihluta í einstökum sveitarfélögum sem hlut eiga að máli.

Lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur voru samþykkt árið 2001 að beiðni þáverandi meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Frumvarpið var samþykkt ágreiningslaust á Alþingi. Í lögunum eru fátækleg ákvæði um vernd neytenda eða kaupenda þjónustunnar.

Á hinn bóginn eru í lögunum skýr ákvæði um að gjaldskrá skuli ákveðin þannig að fyrirtækið skili eðlilegum arði af eigin fé. Í athugasemdum er gerð grein fyrir nauðsyn þess að arðsemiskröfur séu gerðar eins og um væri að ræða fyrirtæki á almennum og frjálsum samkeppnismarkaði.

Ennfremur kveða lögin á um að fyrirtækið skuli auk orkuframleiðslu og sölu stunda iðnþróun, nýsköpun og hvers kyns viðskipta- og fjármálastarfsemi. Þessu víðtæka hlutverki hefur fyrirtækið sinnt kappsamlega með óbeinni skattlagningu á neytendur og ábyrgð skattborgaranna. Allar ákvarðanir þar að lútandi hafa verið teknar fyrir luktum dyrum með sama hætti og í fyrirtækjum á markaði. Almennar reglur um meðferð skattpeninga og opinbera þátttöku í atvinnurekstri hafa þótt úreltar að mati þeirra sem um hafa vélað.

Sams konar lagaákvæði gilda um einokunarrekstur Hitaveitu Suðurnesja. Allir þingflokkar bera ábyrgð á þessari skipan mála. Satt best að segja verður ekki séð að þessi opinberu einokunarfyrirtæki hafi snúið annarri hlið að neytendum en venjuleg einkafyrirtæki.

Nýr borgarstjóri í Reykjavík hefur að sönnu lýst því yfir að opinber fyrirtæki af þessu tagi eigi ekki að vera þátttakendur í almennum samkeppnisrekstri. Í samræmi við það rifti Orkuveitan samningsáformum þar að lútandi í fyrra og í ráði er að draga hana út úr áður umdeildri fyrirtækjafjárfestingu.

Þrátt fyrir þessa stefnubreytingu hefur Orkuveitan undir núverandi stjórn tekið nokkrar nýjar ákvarðanir um aðild að samkeppnisrekstri. Eftir sem áður verður ekki séð að rök standi til að nota hitaveituskattpeninga Reykvíkinga til skólastarfs á Miðnesheiði, sinna félagslegum verkefnum fyrir íbúa í Reykjanesbæ eða vera grundvöllur samkeppnismismununar í orkusölu til stóriðju.

Verð á heitu vatni er hærra en það þyrfti að vera vegna of mikillar samheldni um þetta skipulag.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki lýgur lögreglan?

Uppi varð fótur í Straumsvík í fyrrakvöld þegar komið var með þrekaða þyrluáhöfn í land eftir brotlendingu. Inn á lóð álversins óku Björn Bjarnason og forstjóri Landhelgisgæslunnar, og bíll Ríkissjónvarpsins í humátt á eftir. Öðrum var vísað frá. Við það gátu starfsmenn hinna miðlanna skiljanlega illa unað og kröfðust inngöngu, en lögreglukona tilkynnti þeim ítrekað að sjálfur dómsmálaráðherra hefði fyrirskipað að RÚV yrði hleypt inn, öðrum fjölmiðlum ekki. Þegar Björn sneri aftur bar hann af sér allar sakir, og furðaði sig á að slík fásinna hafi verið tekin trúanleg. Væntanlega vill dómsmálaráðherra þó ekki að lögreglan sé rengd?

### Leikstjóri snupraður

Í öllum æsingnum missti Ríkissjónvarpið svo af hinni hjartnæmu stund þegar ráðherra kvaddi áhöfnina með handabandi áður en hún steig um borð í sjúkrabíl. Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir rauk til og bað Björn að endurtaka leikinn, en Björn tók fálega í þá bón. „Þetta er ekki leikrit,“ sagði hann og mátti á honum heyra að honum þætti ágengnin helst til mikil.

### Barist fyrir frelsinu

Friðbjörn Orri Ketilsson, formaður Frjálshyggjufélagsins, má eiga það að hann kemur jafnan með ferska sýn á málin. Á vef sínum fjallar hann um bresku stúlkuna Madeleine McCann, sem hvarf í Portúgal 3. maí. Hann segir mannræningjana eiga þrjá kosti; að selja stúlkuna til fólks sem ekki geta eignast barn, að selja hana í þrældóm, eða að taka hana af lífi. Allir séu kostirnir vondir, en þeir tveir fyrrnefndu – þar með talinn þrældómurinn – þó skömminni skárri en sá síðasttaldi. Viðbrögð foreldranna, sem birtu myndir af stúlkunni fjölmiðlum, séu því alls ekki jákvæð heldur hafi þau líklega ráðið örlögum stúlkunnar þar sem ólíklegt er að nokkur vilji kaupa svo frægt barn. Einmitt. Það er sjónarmið.



stigur@frettabladid.is

# Ritstjórinn og barrtrén



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

**Í DAG** | Þingvellir

Þorsteinn Pálsson ritstjóri Fréttablaðsins birti leiðara í blaðinu 16. júlí síðastliðinn undir yfirskriftinni Flórufasismi. Í greininni reiðir ritstjórinn hátt til höggs gegn þeirri stefnu Þingvallanefndar að takmarka á Þingvöllum útbreiðslu barrtrjáa sem þar var plantað á öldinni sem leið. Trjám þessum lýsir hann sem menningararfleifð sem nú eigi að rífa upp með rótum. Þorsteinn segir þetta gert í skiptum fyrir inntöku Þingvalla á Heimsminjaskrá UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, og gerir afar lítið úr þeim gjörningi, tengir hann við sölumennsku og peningaplokk af ferðamönnum. Barrtrjánum lýsir hann sem heilögu tákni fyrir hátíðarsamkomur þjóðarinnar á Þingvöllum á öldinni sem leið. Þjóðin segir hann „stofnaði lýðveldi í landinu í samveru við barrtré á Þingvöllum“, minntist búsetu „í skjóli slíkra trjáa“ og „átti samverustund með barrtrjám þegar þúsund ár voru liðin frá því kristni var lögtekin á Lögbergi.“ Hér er ekki nein smáræðis tilfinningaleg upplifun á ferðinni og ekki seinna vænna að átta sig á hvað öðru fremur laðar Íslendinga að þessum helgistað.

### Söguleg upprifjun

Við þennan sögulega óð um barrviði hvarflar hugur minn tvo áratugi til baka en þá áttum við Þorsteinn sem alþingismenn sæti í Þingvallanefnd ásamt Þórarni Sigurjónssyni, en Þorsteinn var um þær mundir forsætisráðherra. Þingvallanefnd hafði þá um nokkurt árabil unnið að stefnumörkun í skipulagsmálum fyrir þjóðgarðinn. Eftir sérstaka gróðurfarslega úttekt á þjóðgarðslandinu og ítarlegt kynningarferli staðfesti nefndin „þetta skipulag og samþykkir það sem stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum“. Um umhirðu trjágróðurs segir í þessari stefnumörkun Þingvallanefndar:

„Rétt er að láta furulundinn, sem markar upphaf skógræktar á Íslandi, halda sér og hlúa að honum, en girðingar umhverfis lundinn verði fjarlægðar. Að öðru leyti verði ekki gróðursettir barrviðir eða aðrar aðfluttar tegundir á Þingvallasvæðinu milli gjáa. – Grisja þarf trjágróður innan þinghelginnar með hliðsjón af fornleifaúttekt, því að trjárætur spilla minjum í jörðu.“

Undir þetta rituðum við nefndarmennirnir í góðri sátt 27. maí 1988. Þessari stefnumörkun hefur síðan í aðalatriðum verið fylgt af Þingvallanefnd og hefur þjóðgarðsvörður mörg undanfarin ár látið grisja og fjarlægja barrviði á nokkrum stöðum.

### Heimsminjaskráin

Umsókn íslenskra stjórnvalda um Þingvelli á heimsminjaskrá var lögð fram í febrúar 2003 og þurfti því ekki atbeina UNESCO um þá stefnu sem Þingvallanefnd hafði samþykkt hálfum öðrum áratug fyrr. Hinsvegar er ákvörðunin um að grisja og fjarlægja aðfluttar trjátegundir hluti af þeim kvöðum sem innsiglaðar voru með inntöku Þingvalla á heimsminjaskrána árið 2004. Jafnframt var ítrekað það sem áður lá fyrir að furulundurinn frá árinu 1903 yrði varðveittur sem sögulegt minnismerki um upphafsár skógræktar hérlendis.

Það er ekkert við því að segja að ritstjóranum Þorsteini hafi snúist hugur frá þeirri samþykkt sem hann sem alþingismaður stóð að í Þingvallanefnd fyrir tveimur áratugum. Fyrir þeim hughvörfum færir hann hins vegar engin rök í grein sinni en beinir spjótum sínum nú að ósekju að þeim sem stóðu að því að Þingvellir voru teknir inn á skrá yfir staði sem taldir eru hafa einstakt gildi fyrir alla heimsbyggðina. Undir gjörninginn rituðu af Íslands hálfu Davíð Oddsson forsætisráðherra og Björn Bjarnason formaður Þingvallanefndar. Með inntöku á heimsminjaskrá fékk sérstaða Þingvalla alþjóðlega viðurkenningu en jafnframt er framtíðarverndun þjóðgarðsins betur tryggð en ella. Margir hljóta að spyrja hvað ritstjóra Fréttablaðsins gangi til að taka þetta mál nú upp með þeim hætti sem hann gerir. Er hann að leggja til að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir að gera afturræka viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna og að allir barrviðir á Þingvöllum verði friðlýstir svo tryggja megi gestum þar skjól á næsta hátíðarfundi?

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.*

# Að verja vondan málstað

**UMRÆÐAN**
Matvælaverð



ÓLAFUR DARRI ANDRASON

Fjölmiðlar hafa að undanförnu greint frá könnunum ASÍ á þróun matarverðs í helstu verslanakeðjum landsins. Kannanirnar hafa sýnt að á tímabilinu frá því í desember 2006 til maí 2007 lækkaði verðið um 4,2 til 6,7% í lágvöruverðsverslunum og 1,6 til 6,4% í öðrum verslanakeðjum. Samkvæmt einföldu meðaltali þá lækkaði matarverð um 4,8% samkvæmt mælingum ASÍ. Til samanburðar þá lækkaði liðurinn matar- og drykkjarvara í mælingum Hagstofu Íslands um 5% á sama tímabili. Þegar það er haft í huga að niðurstöður Hagstofunnar byggja á vegnu meðaltali úr verðmælingum í öllum verslunum má fullyrða að góð samsvörun er á milli niðurstaðna ASÍ og Hagstofunnar.

Á grundvelli þessara niðurstaðna er eðlilegt að spyrja; þróaðist matarverð með eðlilegum hætti á tímabilinu frá desember 2006 til maí 2007? Hagstofa Íslands mat það svo í upphafi árs að lækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum ætti að skila almenningi 8,7% lægra matarverði. Að auki styrktist gengi íslensku krónunnar um 6% frá 15. desember 2006 til 15. maí 2007. Við hjá ASÍ höfum því talið að matarverð til almennings hefði átt að lækka umtalsvert meira.

Þetta hefur farið fyrir brjóstið á fulltrúum verslunarinnar. Þannig fer forstjóri Haga mikinn í grein í Fréttablaðinu í gær og kvartar sérstaklega undan hlut ASÍ í umræðunni um matarverðið. Forstjórinn velur að nota stór orð og segir m.a: „Yfirlýsingagleði og ónákvæmni ASÍ um verðlag á matvöru kemur mér ekki á óvart. Hana þekki ég fullvel og hef ítrekað gert athugasemdir við óvönduð vinnubrögð þegar kemur að umfjöllun um matvöruverð. Óvönduð vinnubrögð við ríkisstyrkt verðlagseftirlit hæfa ekki samtökum eins og ASÍ.“

Það vekur athygli að á sama tíma og forstjórinn kvartar undan umræðunni um matarverðið þá víkur hann sér algjörlega undan því að svara efnislega þeirri gagnrýni sem að versluninni er beint. Það er þekkt aðferð hjá þeim sem hafa vondan málstað að verja að ráðast með dylgjum og rógi að þeim sem gagnrýna þá og reyna þannig að draga úr trúverðugleika þeirra. Eftir stendur að forstjórinn skuldar þjóðinni skýringar á því hvers vegna matar- og drykkjarvörur lækkuðu aðeins um 5%, svo vitnað sé í niðurstöður Hagstofu Íslands, á tímabilinu frá desember 2006 til maí 2007, þegar lækkun á opinberum álögum átti að skila 8,7% lækkun og styrking krónunnar hefði til viðbótar átt að skila lægra innflutningsverði.

*Höfundur er hagfræðingur ASÍ.*


Europris
TILBOÐIN GILDA 18.07 - 25.07
HVERGI BETRA VERÐ!
MIKIÐ fyrir LITIÐ
ALLT Í FERÐALAGIÐ
weber
6990
WEBER GRILL
• Létt grill sem er kjörið í útileguna, bátinn o.fl
MELISSA
3990
RAFMAGNSGRILL
• 2000 W
GRILL KULL
159
GRILLKOL, 2 KG
• Grillolía, 1 ltr, kr 199
ENGANGSGRILL
199
EINNOTA GRILL
• Tilbúið eftir 15 mín.
• Grillar í ca 1-2 tíma
pr. stk
45
COCA COLA
• 33 cl
pr. stk
45
COCA COLA LIGHT
• 33 cl
5 stk
Lion
199
LION BAR
• 5 stk x 45 gr
400 gr
Fruit
229
HLAUP
• 400 gr
19.900
FERÐA-DVD
• Með 9'' skjá
• Með vasa til að festa á bílahnakkapúða
• 12 v kapall, 220v lithium rafhlaða
• Spilar DVD/VCD/CD/MP3/DVCD/CD-R/CD-RW
• Samsung DVD lesari
• Spilar öll kerfi
5 stk
KitKat
199
KITKAT
• 5 X 45 gr
www.europris.is


2.3 kg
299
ÞVOTTAEFNI
• 2.3 kg
pr. stk
299
PIZZA GRANDIOSA / PEPPERONI
• 585 gr
189
MARSIPAN KAKA
• 350 gr
pr. stk
99
ÞVOTTAEFNI - MICRO
• 850 gr
500 gr
pr. stk
199
AJAX - 1 LTR
• 3 gerðir
199
SALERNISPAPPÍR - SUPER SOFT
• 6 rúllur
198
NESQUICK
• 500 gr
79
SALERNISPAPPÍR
• 8 rúllur
Schwarzkopf
PROFESSIONAL
pr. stk
249
SJAMPÓ - SCHWARZKOPF
• 400 ml
pr. stk
199
HÁRNÆRING - SCHWARZKOPF
• 300 ml
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Miðöldin vaknar í Eyjafirði

MIÐALDARKAUPSTAÐURINN GÁSIR Í EYJAFIRÐI VAKNAR TIL LÍFSINS UM HELGINA.

Gásir í Eyjafirði, við Akureyri, verður sögusvið miðalda helgina 21.- 22. júlí. Minjasafnið á Akureyri, Hörgárbyggð og Akureyrarstofa blása þá lífi í Gásakaupstað með aðstoð innlendra og erlendra kaupmanna og handverksfólks.

Á markaðinum geta gestir upplifað starfshætti og menningu síðmiðalda. Þar sem eyfirskt og danskt handverksfólk klæðist miðaldaklæðnaði og vinnur að leður- og vattarsaumi, ullarþæfingu, vefnaði og tálgun, ásamt því að bjóða ýmsan miðaldarvarning þar sem eini gjaldmiðillinn er að sjálfsögðu reiðufé.

Gestir geta reynt sig í bogfimi og steinakasti og fylgst með brynjuðum riddurunum skylmast.

Miðaldatónlist mun hljóma og boðið er upp á leiðsögn báða daganna um þennan merka sögustað.

Kauptíðinni lýkur á sunnudag með fallbyssuskoti sem sendiherra Dana á Íslandi, Lasse Reimann, hleypir af.



Miðaldarmenn berjast með sverðum á Gásum í Eyjafirði um helgina.
MYND/PETER VEMMING

Aðgangseyrir er 1000 kr. fyrir fullorðna, 250 kr. fyrir þrettán ára og yngri- en fyrir þá sem eru minni en miðaldarsverð er frítt inn.

Markaðurinn verður opnaður kl. 10 laugardaginn 21. júlí. Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar setur kauptíðina að fornum sið. Hann verður opinn frá kl.10-16 báða dagana. Sjá www.gasir.is - *rh*


## Umsjónaraðili markaðs- og sölumála

4th Floor Hotel

4th Floor Hotel sem staðsett er í hjarta Reykjavíkur óskar eftir að ráða starfsmann í markaðs- og sölumál.

**Starfið felur í sér;**
- Samskipti / samningar við ferðaskrifstofur
- Samskipti / samningar við fyrirtæki
- Umsjón með bókunum
- Tekjustýring
- Uppfærsla heimasíðu
- Auglýsingarmál
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur;**
- Lágmark 2 ára starfsreynsla í ferðaþjónustu
- Háskólanám á sviði ferðamála æskilegt
- Yfirgripsmikil tölvuþekking
- Góð tungumála kunnátta, sjálfstæð vinnubrögð, fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Öllum umsóknum skal skilað á rafrænu formi fyrir 20/07 á póstfangið diddi@4thfloor.is




Arnar Freyr Birkisson mælir með siglingum fyrir alla, bæði stráka og stelpur, á öllum aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Siglingar eru fyrir alla

***Arnar Freyr Birkisson hefur stundað siglingar frá því hann var tíu ára.***

„Þetta er mjög skemmtilegt sport. Sérstaklega þegar vindurinn er mikill og báturinn fer hratt. Þá fer adrenalínið af stað,“ segir Arnar Freyr Birkisson átján ára Akureyringur sem siglir og kennir á seglbáta.

„Ég er búinn að stunda þetta sport síðan ég var átta ára svo það eru komin tíu ár. Pabbi kenndi þetta á sínum tíma og þegar hann spurði hvort ég vildi ekki prófa ákvað ég að slá til,“ segir Arnar Freyr sem stundar engar aðrar íþróttir þar sem sjósportið tekur sinn tíma. „Ég byrjaði á námskeiðum hér hjá siglingafélaginu Nökkva og sigldi þá litlum skútum. Smám saman þróaðist þetta yfir í stærri báta,“ segir hann en Arnar Freyr býst við að stunda bátasportið fram eftir aldri. „Ef maður byrjar í þessu er maður kominn með bakteríuna,“ segir hann brosandi.

Arnari Frey hefur gengið vel á mótum en hann var í fyrsta sæti á Eimskipsmótinu sem haldið var í Hrísey í sumar og aðspurður segist hann stefna á meistaratitla í sportinu. „Ég mæli með þessu sporti fyrir alla, bæði stráka og stelpur á öllum aldri. Að sjálfsögðu felst ákveðinn peningur í þessu en þetta sport er ódýrt miðað við margt annað. Peningurinn felst aðallega í fötunum sem þú þarft að kaupa en svo borgarðu gjald til að vera í klúbbnum og getur þá notað báta klúbbsins. Við erum aðallega að sigla á sumrin og bíðum alltaf spennt eftir vorinu til að geta byrjað.“

*indiana@frettabladid.is*






**Þýskir bílar** bila stöðugt sjaldnar ef marka má könnun ADAC í Þýskalandi, en samtökin eru sambærileg FÍB hér á landi.

# Toyota Rav4 með bestu auglýsinguna

***Listi yfir bestu og snjöllustu bílaauglýsingarnar í heimi***



Citroën-auglýsingin er á listanum.

Listi yfir sex bestu bílaauglýsingarnar hefur verið settur inn á Time Online og þar trónir efst á toppnum auglýsing með Rav 4 þar sem hjónabandserjur eru í fyrirrúmi.

Auglýsingin sýnir par sem beitir öllum tiltækum ráðum til að hafa heimilisbílinn, sem er af gerðinni Rav 4, út af fyrir sig, og veigrar sér ekki við að koma hinum aðilanum fyrir kattarnef. Varla er skrítið að auglýsingunni skuli hafa verið líkt við kvikmyndirnar Mr. and Mrs. Smith (2005) og War of the Roses (1989).

Auglýsing með Mercedes E-Class er í öðru sæti og Honda Accord-auglýsing í því þriðja. Citroën-auglýsingin góða þar sem Citroën C4 bifreið umbreytist í vélmenni, er í fjórða sæti. Hún þótti á sínum tíma ekki aðeins góð kynning fyrir bifreiðina sjálfa heldur Transformers-myndina sem væntanleg er hingað til lands í ágúst.

Skoda Octavia með feitlagna fimleikakappanum er í fimmta sæti og loks stórskemmtileg Skoda Fabie auglýsing þar sem kökugerðarmenn búa til sælgætisútgáfu af bifreiðinni.

Hægt er að lesa sér til um og skoða auglýsingarnar á www.driving.timesonline.co.uk. *- rve*





BMW 325 xi er fjórhjóladrifinn sem er ótvíræður kostur. Því verður heldur ekki neitað að hann lítur vel út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skíðabíllinn BMW 325xi

***B&L býður nú BMW 325 xi Prestige Edition 2007. Bíllinn er fjórhjóladrifinn og með skíðapoka.***

BMW framleiðir frábæra bíla. Um það verður ekki deilt. Grunngerðir þeirra eru í þokkabót ekki svo dýrar. Vandamálið er hins vegar að þá er maður að kaupa svo mikla grunngerð að búast má við því að fá bílinn í flötum pappakassa ásamt leiðbeiningabæklingi og sexkanti. Allt sem kallast getur aukabúnaður er ekki inni í verðinu og allur búnaður kostar aukalega. Þannig er verðið fljótt að hækka.

Til að reyna að halda verðinu niðri hefur B&L keypt nokkra BMW 3-línu bíla í svokallaðri Prestige Edition 2007 útgáfu. Bílunum fylgir ákveðinn pakki af aukabúnaði og þar sem ekki þarf að púsla hverjum bíl saman sérstaklega að ósk kaupanda eru þeir ódýrari.

Bílarnir eru af gerðinni 325 xi og 330 xi, með 2,5 lítra 218 hestafla vél eða 3,0 lítra vél sem skilar 258 hestöflum. Aukabúnaðurinn er af ýmsum toga, misgagnlegur, en helst ber að nefna xDrive-fjórhjólabúnað BMW. Það sem gerir þennan tæplega sex milljón króna bíl hins vegar að reyfarakaupum er að skíðapoki fylgir bílnum…

En snúum okkur að bílnum sjálfum. Helsti kostur og um leið helsti galli 3-línunnar er hversu þungur hann virkar á hægum hraða en stöðugur á meiri hraða. Hann er tiltölulega þungur í stýri sem gefur frábæra akstursеiginleika þegar komið er upp fyrir 70 km/klst en í bæjarumferðinni er hann einfaldlega of þungur. Hann er svolítið eins og Ronaldo, of þungur en þegar hann er kominn á skrið gerast töfrarnir.

Bíllinn liggur á götunni eins og fuglaskítur á framrúðu. Fjórhjóladrifið gerir bílinn einungis betri á þessu sviði og er xDrive ótvíræður kostur þegar vetra tekur (þó svo að miðað við veðurfarið undanfarið megi ekki búast við því að hitinn falli niður fyrir 10°C í vetur).

Það er erfitt að dæma Prestige Edition á einfaldan hátt. Auðvelt er að mynda ástar-haturs samband við bílinn því maður vill halda í akstursеiginleikana en á sama tíma gerir hann mann gráhærðan í miðbæjarumferðinni. Hvað sem því líður þá fær maður að minnsta kosti skíðapoka í kaupbæti og um hvað meira getur maður beðið?

*tryggvi@frettabladid.is*



BMW 325 xi er blessunarlega laus við iDrive. Að öðru leyti er um klassíska BMW-hönnun að ræða.

**BMW 325 XI PRESTIGE EDITION 2007**

**Vél:** 2,5 lítra bensín
**Afl:** 218 hö / 200 Nm
**Þynd:** 1.615 kg
**Eyðsla:** 9,2 l/100 km
**Verð:** 5.900.000 kr

**Kostir:** Fjórhjóladrifinn
Liggur vel

**Gallar:** Þungur
Frekar dýr



B&L hefur fest kaup á nokkrum BMW 325 og 330 xi í „prestige" útgáfu. Það þýðir meiri aukabúnað fyrir minni pening.



„Prestige" þýðir víst að maður renni sér reglulega á skíðum. Þess vegna er skíðalúga í skottinu.



Alfa 149 verður að öllum líkindum frumsýndur á næsta ári.

# Ný tvenna Alfa Romeo

***Alfa Romeo ætlar sér að hætta framleiðslu á Alfa 147 og koma með tvo nýja bíla í staðinn.***

Alfa Romeo ætlar sér að leysa Alfa 147 af með tveimur nýjum bílum, Alfa Junior og Alfa 149. Þetta gerir fyrirtækið til þess að ná til stærri hóps kaupenda.

Alfa Junior verður tveggja dyra hlaðbakur sem ætlað er að höfða til fólks á aldrinum 18 til 30 ára. Útlit bílsins verður byggt á 8C Competizione og því má búast við mjög aggressívu útliti. Bíllinn verður fáanlegur með 95 og allt upp í 230 hestafla vél.

Alfa 149 verður aftur á móti fimm dyra hlaðbakur byggður á grind Fiat Bravo. Hann mun verða töluvert dýrari en Junior og sömuleiðis betur búinn og með 149 upp í 265 hestafla vél. *- tg*


**Þýskar álkerrur**



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

**Nesti, nýir skór og sólarvörn** er það sem þarf í sumarfríið á Íslandi. Veðrið er svo gott á Íslandi að það er hægt að fara hvert á land sem er og skemmta sér stórkostlega. Bændagisting og tjaldstæði er góður kostur fyrir þá sem vilja bara bruna af stað án fyrirhafnar.











Nestið getur verið girnilegt svo um munar. Það gefur manni líka fína afsökun að taka sér frí frá keyrslunni og blunda í grænni laut. Nestiskarfan á myndinni er að hætti Café Flóru. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN







# Afsökun fyrir ævintýri

***Tilvalið er að finna sér fallegan blett í náttúrunni og borða nesti þegar farið er í fríið. Ævintýri fyrir börnin.***



Samlokur með fersku káli, osti, skinku og slettu af pítusósu eða sinnepi eru herramannsmatur.

Allir landsmenn virðast á faraldsfæti. Heilu hjarðirnar af ferðamönnum með húsbíla, fellihýsi, tjaldvagna eða bara tjaldið í skottinu streyma út fyrir borgar- og bæjarmörk. Eitthvað þarf allt þetta fólk að borða og oftar en ekki er stoppað í einhverjum af hinum fjölmörgu vegasjoppum sem standa við þjóðveginn.



Fyrir þá sem vilja breyta út af vananum má gera tortilla-samlokur. Sama hráefni en allt önnur útkoma.

Vandamálið er að sjoppurnar bjóða fæstar upp á hollan mat og er hamborgarinn og frönsku kartöflurnar algengasti kosturinn sem valinn er á matseðlinum.

Í staðinn fyrir að stoppa á bensínstöðvarplani er alltaf hægt að finna sér fallegan blett, setjast niður og borða nesti. Af slíkum blettum er nóg og þó svo það þurfi aðeins að fara út af hringveginum þá margborgar það sig.

Nestið þarf ekki að vera flókið. Kaffibrúsi, kókómjólk og Svali, ávextir, jógúrt og kexpakki, samlokur með osti, skinku, hangikjöti, salati og sósu að eigin vali.

Með þessu móti verður ferðalagið ekki bara til að komast frá A til B heldur líka skemmtun í sjálfu sér. Leitina að fullkomna nestisstaðnum má setja upp sem fjarsjóðsleit fyrir börnin sem einnig verða mun ánægðari með að fá að borða úti þar sem þau geta hlaupið og leikið sér án þess að trufla aðra veitingahúsagesti. Bílferðin langa verður því að eins konar afsökun fyrir ævintýri.

Svo er samlokan einnig mun hollari en franskar kartöflur með kokkteilsósu.

*tryggvi@frettabladid.is*




## Gönguferð í Svartaskógi

***Upplýsingasíða um Svartaskóg nú á íslensku.***

Vefsíðan svartiskogur.de er ný vefsíða með upplýsingum um Svartaskóg fyrir ferðamenn frá Íslandi. Þar eru upplýsingar sem eiga að auðvelda ferðamönnum að skipuleggja ferðalagið. Þar er hægt að finna gistingu, veitingastaði, menningaratburði og margt fleira. Einnig eru skráðar um 40 gönguferðir um skóginn auk upplýsinga um dagsferðir um svæðið. Svartiskógur er góður viðkomustaður fyrir þá sem vilja ganga, hjóla eða skíða. Þar að auki er þar hinn þekkti háskólabær Freiburg, sem er litríkasta og hippalegasta borgin í Þýskalandi. Baden-Baden er einnig við Svartaskóg og er þekkt fyrir heilsulindir og spilavíti.



Sífellt fleiri Íslendingar heimsækja Svartaskóg. Vefsíðan svartiskogur.de veitir upplýsingar fyrir ferðamenn á íslensku.

Iceland Express flýgur til borganna Basel and Friedrichshafen sem báðar eru í nágrenni við Svartaskóg. *- kep*

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S. 892 7260 & 567 0530.**

**Stífluþjónustan ehf**
**S.5542255: 8965800**
**Stíflulosun-Röramyndun**
**www.stiflutjonustan.is**

## Spádómar

*ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI – Spámiðill*
*Spái í spil og kristal. Fyrirbænir. Sími 557 4391, www.engill.is*

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
Visa S. 566 7311 Euro

**Englaljós S. 908 6050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11 á morgnana til 01 eftir miðnætti.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811**
**- Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

**Allsspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m. Fl. Vísa Euro Masters. www.spamidlun.com

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife.

Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir.

www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s.8625920

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

## Nudd

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist - Útsala**
Útsala á sófa- & sófasettaáklæðum, rúmteppum, brúðarskreytingum og ýmsum öðrum fallegum vörum. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

Til sölu 6-8 manna tekk borðstofuborð með stólum og ísskápur. S. 821 4073.

Til sölu sófasett 3+2, sófaborð, borðstofuborð og 6 stólar. Uppl. í s. 895 8840.

Til sölu fallegt rúm frá R.Björnss, 120x200x52. Fylgihl. í boði. S. 898 0052.

Til sölu nokkur rúm með dýnum með eikar göflum auðveld til flutninga, tilvalið fyrir verktaka gott verð. uppl. s. 862 7525.

Til sölu koniaksbrúnt leðursófasett 3+1+1, ekki ársgamalt, fæst á 110 þús. Vel með farinn hillusamstæða með tveim glerskápum, hvítt að lit á 15 þús. Borðstofuborð + 8 stólar á 20 þús. Glerborð / hornborð á 15 þús. saman og einnig king size amerískt. rúm á 20 þús. S. 862 3831.

## Gefins



Þessum kelnu kassavönu kettlingum vantar góð heimili sem first. Staðsettur á norðurlandi en hægt að koma þeim suður. Uppl. í s. 868 8051 & 466 1520.

Rimlarúm með gormadýnu, 140 x 200 cm. S: 899-2398

## Dýrahald



Veiði og fjölskylduhundar í sérflokki. Ungverskar vizslur leita að heimili í júlí. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 844 0548 / vizsla.blog.is

Þrír kettlingar, gulir með hvítt undir, fást gefins. Uppl. í s. 867 5497.

Hef íslenska hænuunga til sölu og nokkra hana. Uppl. í s. 478 2113 & 845 4400.

Hef nokkur vel ættuð hross til sölu. Uppl. í s. 478 2113 & 845 4400.

17 mán. yndislegur hundur þarfnast heimilis vegna ofnæmis. Einungis góð fjölskylda kemur til greina. Uppl. í s. 691 6276.

Til sölu 11 mán. Chihuahua hvolpur, brún og hvítur. Uppl. í s. 698 9856.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

Til sölu þvottavél, þurrkari og 28“ Thomson sjónvarp, selst á 50 þús. allt saman. Uppl. í s.849 8625.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting



**Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði**
Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omfl. Uppl. í s. 862 2129.

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

**Gistiheimili sólheimar 1. 601 Akureyri**
Gisting í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 897 7613.

## Fyrir veiðimenn

Maðkar til sölu uppl. í síma 564 1813 og 691 1813.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Falleg 100 fm. 3ja herb. íbúð. í hverfi 112 í Rvík. Leiga 150 þ. pr. mán, hússj. rafm. og hiti innif. Uppl. í s. 820 3733.

Hlýleg 2ja herb. 45 fm íbúð til leigu í Teigahverfi.Fyrir reglusaman & reyklausan einstakling eða par. V. sanngjarnt. Upplýs. í síma 693 1742 til kl. 15.30.

Til leigu í Hafnaf. ný 128 fm íbúð á sjöttu hæð með útsýni, lokað bílastæði fylgir. 24 fm. svalir. 2 lyftur í sameign. Skóli og leikskóli í næsta húsi. Trygging og fyrirframgr. samkomulag. Leiguverð 145 þús. með hússj. S. 896 4335.

Raðhús til leigu í Grafarholti. Leigutimabíl er 1 ár. Raðhúsið er 200fm m.bílsk. Innbú fylgir (t.d. Sky og heitipottur). tilboð sendist á geir@veislukompaniid.is

Fertugur karlmaður óskar eftir 2-3 herb. íbúð í Rvk eða nágrenni. Góðri umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 860 8587.

3 herb. íbúð með húsgögnum í Keflavík til leigu, laus. Uppl. í s. 869 9677.

## Húsnæði óskast

Reglusamar systur óska eftir 2 svefnherb. íbúð til leigu. Nánari uppl. í síma 866 0140.

## Sumarbústaðir



Ódýr gæða bjálkahús, henta vel sem garðhús eða gestahús, fyrirliggjandi á lager ósamsett, verð frá 69.400,- Viðarhús ehf. Upplýsingar í síma 898 2430 & 660 4088 & 660 6090 Netfang vidarhus@vidarhus.is

## Atvinnuhúsnæði

**Óskum eftir húsnæði fyrir Sálfræðistofu miðsvæðis í Reykjavík**

**Húsnæðið þarf að vera á bilinu 80-120 fermetrar, hafa möguleika á biðstofu og 2-3 viðtalsherbergjum.**
**Upplýsingar í síma 8919212**

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is




**Hlutastarf í sérvöruverslun**
**Starfsmaður óskast í hlutastarf í verslun. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 23 ára. Upplýsingar í s. 846 5848.**

AVM
alltaf gott fólk

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
**Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfumenn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**

**Bettís Kópavogi & Garðabæ**
**Starfsfólk óskast á dagvaktir. Einnig óskast starfsfólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 899 8212.**

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
- Vel lesið

*Gallup maí 2006

**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum.**
**Svör sendist fréttablaðinu fyrir 23 júlí 2007 merkt Málarar.**

**Gröfumann vantar**

**á 17" Komastu hjólavél, þarf að vera vanur og með vinnuvéla-réttindi. Góð laun fyrir góðan mann.**

**Uppl. í s. 822 2660.**

**Leikskólastjóri óskast!**
**Leikskólinn 101**
**Bræðraborgarstíg 1 er lítill 2ja deilda einkarekinn leikskóli sem óskar eftir leikskólastjóra frá 1 september 2007.**

**Æskilegt er að umsækjendur hafi :**

**- Leikskólakennaramenntun.**
**- Góða skipulagshæfni. -**
**Frumkvæði og metnað í starfi.**
**- Lipurð í mannlegum samskiptum.**
**Upplýsingar gefur Hulda í s. 562 5101 & 891 8430.**

## Atvinna í boði

Óska eftir gröfumanni, mikil vinna í boði á þriggja tommu beltavél. Uppl. s. 869 8704.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neigbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

**Barinn**
Fólk óskast í eldhús á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

Aktu Taktu getur bætt við sig starfsfólki. Aðeins stundvíst og áreiðanlegt fólk kemur til greina. Fullt starf og hlutastörf í boði. Umsóknir á aktutaktu.is

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum.

Málningarvöruverslun. Óskum eftir að ráða þjónustulipurt fólk til afgreiðslustarfa. Netfang. im@islandsmalning.is Upplýsingar í S. 896 9747.

Smiðir óskast til starfa sem first, fjölbreytt verkefni. Veggir Ehf. S. 865 5795.

Matsveinn vatnar til afleysinga á veitingastað í nágrenni Rvk. Uppl. í s. 892 0367 og 847 7467.

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgarvinnu nú þegar. Upplýsingar í s. 567 2880.

Okkur vantar hresst fólk í sal og vana barþjóna um helgar. Uppl. í s. 691 0840, Barinn Laugavegi 22.

**Sjómenn**
Traust útgerðarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir háseta á skip fyrirtækisins. Uppl. í s. 843 5640.

Hjón með 2 börn óska eftir heimilishjálp og barnapössun, góð laun í boði. Uppl. hjá Jóni s. 893 2628.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Er 41ára kk. vantar gott framtíðarstarf. Er vanur akstri ofl. er með lyftara og meirapróf, er opinn fyrir öllu. Uppl. í s. 696 0048 get byrjað strax.

Verkfræðinema óskar eftir sumarvinnu/afleysingum frá 19.07 - 24.08. Sími 866 4403.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Félag Tælendinga, Rauðikrossinn.**
**Ef þig vantar að losna við eitthvað td. frá fötum til bíla eða bara vilt aðstoða með vinnu eða peningum. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum.**
**50-60% úts.**
**Endilega hafið samb. í síma 893 8886. Opið alla daga.**

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Tek að mér flísalagnir og málningarvinnu. Vönduð vinnubrögð, geri fast verðtilboð. S 869 2511.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

53 ára gamall karlmaður sem hvorki reykir né drekkur á íbúð og bíl. Langar að kynnast konu með langtímasamband í huga. Svör sendist FBL merkt „maður 53"

## FASTEIGNIR

FASTEIGNASALAN GIMLI **570 4800**
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

**FYRIR ELDRI BORGARA**



Frum

Vorum að fá í sölu sérlega vel staðsett og fallegt 80 fm **parhús við Hjallasel**. Húsið er á einni hæð á skjólsælum stað við Seljahlíð í Breiðholti. Seljahlíð er hjúkrunar- og þjónustuheimili fyrir aldraða. **Nálægðin við Seljahlíð** býður upp á ýmsa þjónustumöguleika ásamt þátttöku í félagsstarfi sem þar er í boði. **NÁNARI LÝSING:** Húsið er rúmgott **2ja herb.** með björtum sólskála. Inngangur er yfirbyggður. Flísalögð **forstofu** með fatahengi. Rúmgóð **geymsla**. Stórt og rúmgott flísalagt **baðherb.** með sturtuklefa og t.f. þv.-vél. **Stórt hjónah.** með góðum skápum og geymslurými fyrir ofan skápana. **Eldhús** með fallegri beyki innréttingu, helluborði og veggofni. Björt og rúmgóð stofa með parketi. **Sólstofa** þar sem hægt er að opna út í fallegan garð. Loft í stofu og herbergi eru viðarklædd. **Sér hellulagt bílastæði.** Útigeymsla. **Hitabræðslukerfi** í stétt. Húsið er **laust** til afhendingar.

*ALLAR NÁNARI UPPL. Á SKRIFSTOFU GIMLI*

**SVARTI SVANURINN**
Rauðarárstígur 6
BÓKAÐU SKOÐUN !

**Stærð: 283 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind



**Verð: tilboð**

Til sölu söluturninn og veitingasalan Svarti svanurinn við Rauðarárstíg í Reykjavík. Um er að ræða rótgróið fyrirtæki með góða framlegð og mikla möguleika. Rekstur fyrirtækisins er tvískiptur, annars vegar hefðbundinn rekstur og sala á smávöru/matvöru og hins vegar er til staðar mjög vel tækjum búið veislueldhús sem hefur til dagsins í dag lítið verið nýtt. Langtíma leiga. Hér er á ferðinni spennandi tækifæri fyrir rétta aðila að byggja upp góðan rekstur í hverfi sem er í mikilli uppbyggingu.

Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is



Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

RE/MAX Fasteignir

**Bóas**
**Sölufulltrúi**
**699 6165**



**Gunnar**
**Sölufulltrúi**
**899 0800**



**Krókavað 15, 110 Árbær - 5 herb.**

OPIÐ HÚS



**Opið hús í dag miðvikudag frá kl 17 -18**

**Stórglæsileg 165fm íbúð í tvíbýlishúsi.**

- Fimm herbergja, stórar svalir yfir bílskúr
- Var nýlega sýnd í þættinum Innlit / Útlit
- Verð: 43.900.000

**Stefán Páll**
Löggiltur
fasteignasali



**BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign
RE/MAX Fasteignir

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsingum nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

**Úlfarsárdalur, svæði 2 áfangi 1.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal, vesturhluta. Svæðið er staðsett í suðvesturhlíð Úlfarsfells og hallar niður að Úlfarsá til suðurs og vesturs og til norðurs í átt að Vesturlandsvegi. Fyrsti áfangi er 31 ha að stærð.
Tillagan felur meðal annars í sér 540 íbúða byggð sem skiptist í fjölbýli, raðhús og einbýli ásamt lóð fyrir grunnskóla og lóð fyrir leikskóla. Aðkoma að svæðinu er fyrirhuguð frá Vesturlandsvegi og frá Reynisvatnsvegi um stofnbraut sem liggja mun milli byggðar og fjalls. Lögð verður áhersla á skjólsæla byggð og í þeim tilgangi verður markvisst plantað skjólbeltum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Reynisvatnsheiði**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Reynisvatnsheiði, svæði fyrir miðlunargeyma Orkuveitu Reykjavíkur.
Tillagan gerir ráð fyrir að breytingu á svæði sem nú er skilgreint grænt svæði til sérstakra nota. Breytingin felst í því að lengja lóð undir miðlunargeyma um þrjátíu metra til norðvesturs þannig að lóðin verður 50.025m² í stað 43.725m², byggingareitur E er færður með óbreyttu byggingarmagni, byggingareitur D er færður og gerður annar jafnstór, norðvesturhluti mögulegrar manar er færður um tuttugu metra og byggingareitur F skilgreindur á lóð.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Sogamýri**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits sem afmarkast af Suðurlandsbraut og grænu svæði norðan Miklubrautar.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að á grænu svæði verði afmarkaðar tvær lóðir fyrir þjónusturými og verða þær númer 68 og 70 við Suðurlandsbraut. Heimilt verði að reisa hús á tveimur hæðum og reiknað verður með niðurgröfnum bílakjallara undir húsunum. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,6 og er bílakjallari ekki innifalinn. Aðkoma að húsum og bílastæðum verður frá Suðurlandsbraut.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Spöngin 3 – 5.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina, einingu G. Þar sem áður var gert ráð fyrir kvikmyndahúsi verður gert ráð fyrir íbúðabyggð.
Tillagan gerir ráð fyrir að skipta svæðinu í tvær lóðir, Spöngina 3 og 5, og er eingöngu tekið á skilmálum á lóð númer 3 í þessari tillögu. Sérskilmálar eru fyrir lóðina Spöngin 3 og er þar gert ráð fyrir íbúðum ætluðum fimmtíu og fimm ára og eldri í þremur íbúðarhúsum á þremur og fjórum hæðum með allt að fimmtíu og fjórum íbúðum. Gert er ráð fyrir einu bílastæði á íbúð og er heimilt að hafa hluta þeirra í kjallara. Aðkoma er frá Móavegi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 18. júlí 2007 til og með 29. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 29. ágúst 2007.**
**Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 18. júlí 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# Europris

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!



**19.990**

**21" SJÓNVARP MEÐ DVD**

- Litasjónvarp með DVD spilara
- Textavarp og fjarstýring
- Spilar DVD / VCD / MP3
- Valmöguleikar á skjá
- Fjöldi stillimöguleika
- Stereo



**14.990**

**14" SJÓNVARP M/DVD SPILARA**

- Litasjónvarp með DVD spilara
- Textavarp og fjarstýring
- Spilar DVD/VCD/MP3
- Valmöguleikar á skjá
- Margir stillimöguleikar
- Stereo



**5990**

**12" BARNAHJÓL**

- Stráka, 2-4 ára

**5990**

**12" BARNAHJÓL**

- Stelpu, 2-4 ára



**19.900**

**26" DÖMUREIÐHJÓL**

- Classic
- Með körfu
- 3ja gíra



**1490**

**REIÐHJÓLAFESTING Á BÍL**



pr. stk

**8990**

**20" REIÐHJÓL**

- Stelpu/stráka
- Fyrir 6-8 ára
- 5 gíra



SHIMANO GÍRAR

**12.900**

**HERRAREIÐHJÓL**

- 26" hjól
- 18 gíra
- Shimano gírar
- Álgrind

www.europris.is



# 19.990
## GRÓÐURHÚS
- 193x193 cm
- Með hillu
- Vökvunarkerfi
- Plast og ál




# 690 pr. pk
## GRÓÐURMOLD - 50 LTR




# 7990
## FERÐASALERNI
- Kjörið í útileguna,bílinn eða bátinn
- 12 ltr ferskvatnstankur og 10,6 ltr safntankur
- 1 ltr niðurbrotsefni, Super Shape, kr 1490



# 10.900
## SALERNI




# 890
## VIÐAROLÍA - 3 LTR
- 120 mm pensill, kr 275



# 18.900
## TRAMPÓLÍN - 4.0 M
- Öryggisnet, kr 12.900
- Trappa, kr 2590
- Yfirbreiðsla, kr 2990



# 24.990
## GASGRILL
- 3 brennarar

**OPIÐ 9 - 20**
LAU. OG SUN. OPIÐ 10 - 18

Europris

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar*

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.876 **+1,28X%**

**Fjöldi viðskipta:** 549
**Velta:** 14.000 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | +2,59% | **ATLANTIC PETROLEUM** | -0,83% |
| **LANDSBANKINN** | +2,25% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,50% |
| **GLITNIR** | +1,53% | **CENTURY ALUMINUM** | -0,05% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 86,20 +0,00% ... Atorka 9,22 +0,99% ... Bakkavör 71,50 +0,42% ... Eimskipafélagið 39,50 -0,50% ... Exista 39,75 +1,02% ... FL Group 30,20 +0,84% ... Glitnir 29,85 +1,53% ... Icelandair 31,00 +0,81% ... Kaupþing 1.255 +1,46% ... Landsbankinn 40,90 +2,25% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,95 +1,33% ... Össur 108,00 +1,41% ... Teymi 5,73 +0,18%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fresturinn rennur út í dag

Þeir hluthafar sem enn hafa ekki samþykkt yfirtökutilboð Novators, eignarhaldsfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, verða að gera það fyrir klukkan fjögur í dag. Geri þeir það ekki hafa þeir ekki rétt á viðbótargreiðslu, fari svo að Novator selji Actavis áfram til þriðja aðila innan tólf mánaða.

Fyrsta yfirtökutilboð Novators í Actavis kom fram nú í byrjun júní og hljóðaði upp á 0,98 evrur fyrir hlutinn. Stjórn Actavis taldi það ekki endurspegla virði félagsins og réði hluthöfum frá því að samþykkja. Í kjölfarið var tilboðið hækkað í 1,075 evrur á hlutinn.

Í tilkynningu sem Novator sendi frá sér í gær kom fram að félagið hefði náð yfirráðum yfir meira en níutíu prósentum hlutafjár í Actavis. Við það mark myndaðist söluskylda fyrir þá hluthafa sem ekki höfðu samþykkt tilboð Novators. - hhs



**BJÖRGÓLFUR THOR** Hluthafar í Actavis verða að samþykkja yfirtökutilboð Novator í dag. Annars fá þeir ekki viðbótargreiðslu verði félagið selt áfram.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Á fyrstu sex mánuðum ársins jókst fiskafli íslenskra skipa um 8,6 prósent frá sama tímabili í fyrra og nam 858 þúsund tonnum. Botnfiskafli dróst saman um 2,8 prósent og flatfiskafli um 17,5 prósent. Uppsjávarfiskur jókst um 15,8 prósent. Vegvísir Landsbankans segir frá.

Hagnaður fjárfestingarbankans Merrill Lynch á öðrum ársfjórðungi jókst um 31 prósent frá því á sama fjórðungi í fyrra. Hagnaðurinn nam 2,1 milljón Bandaríkjadala. Það eru um 127 milljónir íslenskra króna.

Verðbólga í Bretlandi mælist nú 2,4 prósent. Í Vegvísi Landsbankans segir frá því að verðbólgan hafi verið hærri en tveggja prósenta verðbólgumarkmið Englandsbanka frá því í maí á síðasta ári. Mikill hagvöxtur í landinu hafi ýtt undir hækkun verðlags.

# Coke eykur söluna

## Hlutabréf í bandaríska gosrisanum Coke hafa ekki verið hærri í fimm ár.




Hagnaður bandaríska drykkjarvöruframleiðandans Coca-Cola nam rúmum 111 milljörðum íslenskra króna á síðasta rekstrarári og jókst um tæpt prósent milli ára.

Sala á afurðum fyrirtækisins jókst um nítján prósent; nam tæpum 464 milljörðum króna og hefur ekki tekið svo stórt stökk í heil níu ár. Sérfræðingar þakka mikilli eftirspurn eftir hinum nýja Coca-Cola Zero drykk.

Coca-Cola fær um áttatíu prósent tekna sinna af sölu á drykkjarvörum og hefur sótt hratt í sig veðrið á nýrri mörkuðum á borð við Kína og Indland „Coke Zero hefur vegnað alveg ótrúlega vel“, sagði Pete Hastings, sérfræðingur fjármálafyrirtækisins Morgan Keegan, og bætti við „Coke Zero drykkurinn virðist sérstaklega hitta í mark í Evrópu.“

Bréf í Coca-Cola hafa náð hæstu hæðum í Kauphöllinni í New York undanfarna daga. Hlutabréf í félaginu hafa hækkað um tæp tíu prósent á árinu og hafa ekki verið hærri í fimm ár. - jsk

# Flugfélög slást um Kínaflugið

Nokkur bandarísk flugfélög hafa sótt um heimild til beins flugs milli Bandaríkjanna og Kína. Samgönguráðuneyti Bandaríkjanna fer nú yfir umsóknir og útdeilir leyfum, að því greint er frá í bandarískum fjölmiðlum.

Um nokkrar flugleiðir er að ræða, eitt flug á að hefjast á þessu ári, annað á næsta og fjórar nýjar flugleiðir árið 2009.

Þrjú helstu flugfélög Bandaríkjanna keppa til að mynda um flug sem heimila á í mars árið 2009, en það eru American Airlines, dótturfélag AMA Corporation sem FL Group hefur fjárfest í, Continental Airlines og US Airways. Flugleiðirnar opnast samkvæmt margra ára samkomulagi sem stjórnvöld í Bandaríkjunum og Kína vinna að. Flugfélög í Bandaríkjunum vilja ólm sinna ört vaxandi markaði í Kína, en verða sökum samninga þjóðanna að sækja um leyfi til flugsins til ráðuneytisins.



**ÞOTA FRÁ AMERICAN AIRLINES** Bandarísk flugfélög eiga í samkeppni um flugleiðir milli Bandaríkjanna og Kína sem úthluta á þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

American Airlines sækir um flug milli Chicago og Peking, Continental vill fljúga milli Newark og Sjanghæ og US Airways frá Philadelphiu til Peking.

Í frétt Dow Jones fréttaveitunnar er í gær haft eftir talsmanni bandaríska samgönguráðuneytisins að á næstu sex árum muni tekjur af daglegum flugleiðum milli Kína og Bandaríkjanna skila flugiðnaðinum þar í landi allt að fimm milljörðum Bandaríkjadala í tekjur, eða sem nemur 300 milljörðum íslenskra króna. - óká



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Halldóra Hjörleifsdóttir**

Miðjanesi, Reykhólasveit,

lést í Barmahlíð, dvalarheimili aldraðra á Reykhólum, sunnudaginn 15. júlí.

**Helga Játvarðardóttir**
**Halldóra Játvarðardóttir**
**Ámundi Jökull Játvarðsson** **Lovísa Hallgrímsdóttir**
**Jón Atli Játvarðarson** **Dísa Sverrisdóttir**
**Þórunn Játvarðardóttir** **Þórarinn Þorsteinsson**
**María Játvarðardóttir** **Hugo Rasmus**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra*

**Gréta S. Svavarsdóttir,**

Grundarsmára 3, Kópavogi,

andaðist 12. júlí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 19. júlí kl. 15.00.

**Guðmundur Gunnlaugsson**
**Óskar Bragi Guðmundsson**
**Ingvar Geir Guðmundsson**
**Oliver Aron Guðmundsson**
**Svavar B. Bjarnason**
**Gunnlaugur B. Óskarsson**
**og systkini hinnar látnu.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Ólafsson**

frá Syðri-Hraundal, Njálsgötu 43a, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 23. júlí nk.

**Jenney Þorláksdóttir**
**Vigdís Ólafsdóttir** **Guðmundur Agnar Ernuson**
**Ólafur Ólafsson**
**Jóna Guðrún Sigurðardóttir**
**Þorlákur Magnús Sigurðsson**
**Ólafur Guðmundsson**
**Thelma Rut Guðmundsdóttir**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hallfríður Guðmundsdóttir**

sjúkraliði, Jörfagrund 52, Kjalarnes,

andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 11. júlí síðastliðinn. Útför fer fram fimmtudaginn 19. júlí. kl. 13 í Grafarvogskirkju.

**Karl Jósefsson (Drago Vrh)**
**Björn Rúnar Sigurðsson** **Sigríður Viðarsdóttir**
**Davíð Vrh Karlsson** **Sonja Karlsson**
**Marija Kristína Vrh Karlsdóttir** **Donald Engley**
**Davor Karlsson** **Birna Jóhanna Ragnarsdóttir**
**og ömmubörnin.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haukur Svanberg Guðmundsson**

Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á Hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, fimmtudaginn 12. júlí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. júlí kl. 13.00.

**Jóhanna Hálfdánardóttir**
**Ingvar Hauksson** **Sigríður Axelsdóttir**
**Elín Hauksdóttir** **Svavar Helgason**
**Guðmundur Vignir Hauksson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Sigurdís Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**VIN DIESEL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1967**



*„Ég er ekki myrkfælinn, nema ef ég er gangandi. Það sem hræðir mig mest er möguleikinn á að labba á vegg og sprengja á mér vörina.“*

***Hasarmyndin XXX skaut Vin Diesel snögglega upp á stjörnuhimininn árið 2002.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. JÚLÍ 1984

## *Skothríð á McDonalds*

Á þessum degi árið 1984 upphóf James Oliver Huberty skothríð á troðfullum McDonalds-veitingastað í San Ysidro í Kaliforníu með þeim afleiðingum að 21 lést og 19 særðust. Skömmu áður en Huberty hóf skothríðina tilkynnti hann konunni sinni að hann væri á leið á veiðar, að veiða fólk.

Huberty hafði átt við geðræn vandamál að stríða um langt skeið og missti vinnu sína í Ohio árið áður.

Huberty elskaði byssur og var með lítið vopnabúr í svefnherberginu sínu. Daginn örlagaríka tók hann nokkrar af byssunum sínum og riffil á McDonalds-staðinn sem er rúmum þremur kílómetrum frá landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Þar sagði hann gestum staðarins að leggjast á gólfið og gekk svo um í rólegheitunum og skaut fólkið.

Klukkustund eftir að skothríðin hófst komst einn starfsmaður undan og hringdi í lögreglu. Huberty var skotinn í brjóstið skömmu síðar og lést af sárum sínum.




**FJÖLDAMORÐ Á MCDONALDS** James Oliver Huberty myrti 21 og særði 19 í skothríð á McDonalds.



**TILBÚIN Á TÓLF MÁNUÐUM** Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður ráðgjafarsviðs Bændasamtaka Íslands, segir nýju Nautastöðina verða byggða á næstu tólf mánuðum en skóflustunga að stöðinni verður tekin í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS:** SKÓFLUSTUNGA AÐ NÝRRI NAUTASTÖÐ

# Sameining undir einu þaki

Í dag verður tekin fyrsta skóflustunga að nýrri Nautastöð Bændasamtaka Íslands að Hesti í Borgarfirði. Stöðin mun leysa af hólmi nautastöðina á Hvanneyri sem rekin hefur verið þar í fjöldamörg ár og nautauppeldisstöðina í Þorleifskoti í Flóa. Það verður Bjarni Arason, fyrrverandi nautgriparæktarráðunautur í Borgarfirði sem tekur fyrstu skóflustunguna að Nautastöðinni að Hesti klukkan 13.30 í dag.

Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður ráðgjafarsviðs Bændasamtaka Íslands, segir báðar stöðvarnar vera gamlar og að þær uppfylli ekki kröfur um aðbúnað gripa og starfsfólks.

„Við ætlum að byggja nýja stöð fyrir gripi og starfsfólk að Hesti í Borgarfirði og leggja hinar niður,“ segir Gunnar og bætir við: „Við fengum þriggja hektara lóð hjá Landbúnaðarháskólanum og ætlum að nota hana undir bygginguna sem viðtökum fyrstu skóflustunguna að í dag. Byggingin verður um 1.400 fermetrar og ætlunin er að byggja hana á næstu tólf mánuðum.“

Gunnar segir nýju stöðina rúma 25 fullvaxin naut til sæðistöku og uppeldi fyrir allt að 50 kálfa á aldrinum þriggja vikna til þrettán mánaða. „Nautin verða ekki höfð á bás heldur í stíum, sem er nýbreytni,“ segir Gunnar. „Síðan verður byggð þarna lítil 100 fermetra eining sem er einangrunarstöð þar sem kálfarnir verða fyrstu 28 dagana eftir að þeir koma til þess að láta á það reyna hvort smitsjúkdómar séu í stofninum, sem engir eru í dag,“ bætir hann við. Gunnar segir einangrunarstöðina vera nauðsynlega til að uppfylla öll skilyrði sem Evrópusambandið setur til dæmis um útflutning á sæði. „Reglurnar eru svo stífar að við þurfum að geta sýnt fram á að stofninn okkar sé laus við alla smitsjúkdóma, þó við vitum að þeir séu ekki hér og hafi aldrei verið en sönnunarbyrðin er okkar,“ segir Gunnar og bætir því við að þetta byggi fyrst og fremst á því að taka blóðsýni í greiningu til að sanna að stofninn sé sjúkdómalaus.

**sigridurh@frettabladid.is**


**www.minningargreinar.is**




**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.
Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
www.shelgason.is
S.HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677



*Fallegir legsteinar á góðu verði*

*Englasteinar*
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is


AFMÆLI



Vilborg Dagbjartsdóttir skáld er 77 ára.



Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, er 61 árs.



Eggert Þorleifsson leikari er 55 ára.



Jóhannes Kristjánsson skemmtikraftur er 52 ára.


ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE
2 skemmtilegri
ÞAU STÁLU
AMERÍSKA DRAUMNUM
THE RICHES
Í KVÖLD KL. 20:50
OPRAH í kvöld kl. 20:05
THE RICHES í kvöld kl. 20:50
MEDIUM í kvöld kl. 21:40




## STUÐ MILLI STRÍÐA Tæknivædd eftirlaun

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR SPJALLAR** VIÐ AFA SINN Á MSN



„Afi has added you to his/her contact list“ birtist einn dag þegar ég kveikti á MSN-inu mínu. Ég velti því fyrir mér hver það væri sem kallaði sig Afa á MSN og datt ekki í hug að það væri tæplega áttræður faðir mömmu. Svo reyndist hins vegar vera og stundum á ég skemmtilegt spjall við afa í gegnum MSN. Efast um að margir geti sagt hið sama. Viðbót afa míns við MSN-listann minn hefði svosum ekki átt að koma mér neitt á óvart þar sem ég veit varla um tæknigladdari mann.

Hann var sá fyrsti sem ég vissi af sem eignaðist GSM-síma og ég man hversu stoltur hann var þegar hann spilaði fyrir mig allar hringingarnar sem í boði voru á símanum. Álíka stoltur er hann þegar hann sýnir mér hversu margar stöðvar eru í sjónvarpinu hans, hve nuddstóllinn nuddar vel eða hve blóðþrýstingsmælirinn hans er nákvæmur. Ég get ekki annað en dáðst að mínum stórgáfaða afa og hversu móttækilegur hann er fyrir nútímatækni enda gerir hann óspart grín sjálfur að þeim tíma þegar hann var ekki eins tæknivæddur.

Amma rifjaði nýlega upp söguna af því þegar hún lá veik í rúminu einn daginn og afi neyddist til að elda. Greip hann þá til þess ráðs að setja postulínsdisk á eldavélina og leggja pylsu ofan á. Amma fékk því sjóðheitan sprunginn disk og kalda pylsu í rúmið og að sjálfsögðu hló afi hæst og mest að þessari sögu. Í dag er afi alls ekki vankunnur eldhúsinu og vaskar upp og aðstoðar við eldamennskuna eins og atvinnumaður. Ég verð að viðurkenna að ég er ansi stolt af því hversu opin afi og amma eru fyrir nútímanum hvort sem það er í sambandi við tækninýjungar eða það að endurskoða gamlar staðalímyndir. Ég er líka spennt að sjá hvort fólk verði viðtækilegra með aldrinum en mér hefur ekki ennþá tekist að kenna föður mínum að kveikja á tölvu. Kannski ég setji afa í málið. Ég vona allavega að það sé ekki of langt í að birtist á MSN-inu mínu: „Pabbi has added you to his/her contact list.“

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**HLJÓMSVEITIN STEED LORD** Blaðamaður Missbehave er augljóslega hrifinn af sveitinni og kallar hana „tísku og tónlistar sprengingu".

# Steed Lord í glanstímariti í New York

Hljómsveitin Steed Lord er í opnuviðtali í nýjasta tölublaði tímaritsins Missbehave í New York. Reyndar koma fleiri Íslendingar við sögu í blaðinu því þar er einnig að finna umfjöllun um Björk Guðmundsdóttur og „tískuleyndarmál" hennar.

Missbehave er nýtt tímarit sem fjallar bæði um tísku og tónlist, en leikkonan í American Beauty, Mena Suvari, prýðir forsíðu þessa nýjasta tölublaðs sem er það fjórða í röðinni. Það var Colby Katz sem myndaði meðlimi Steed Lord fyrir viðtalið, en hún hefur meðal annars tekið myndir fyrir Vanity Fair, Time Magazine, Marie Claire og The New York Times Magazine svo nokkur séu nefnd. Katz tók myndirnar þegar meðlimir Steed Lord voru staddir í tónleikaferð í Miami í Flórída fyrr á árinu.

„Bringing the heat – from Iceland" segir í umfjöllun blaðsins um sveitina. Þar er þess jafnframt getið að hljómsveitin eigi sér fáa sína líka, enda fái hún innblástur úr jafn ólíkum áttum og frá Prince, The Diplomats, Janis Joplin og New Kids on the Block. Svala Björgvinsdóttir, sem gengur undir nafninu Kali í bandinu, er sögð reynsluboltinn í hópnum og tekið er fram að hún hafi tekið upp lög frá 7 ára aldri, enda sé hún dóttir hinnar íslensku stjörnu „Bo Halldorsson". Þá kemur fram að eftir að hafa gefið út tvær sólóplötur sé Svala nú gengin til liðs við Steed Lord þar sem „hjarta hennar er". Blaðamaður er augljóslega hrifinn því í lok viðtalsins segir að aðdáendur Steed Lord geti til allrar lukku fengið að sjá það sem hann kallar „tísku- og tónlistarsprengingu" með eigin augum enda séu fyrirhugaðir tónleikar í Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Þýskalandi.

# Emilía hætt í Nylon

Emilía Björg Óskarsdóttir hefur ákveðið að segja skilið við Nylon-flokkinn eftir þriggja ára samstarf. Brotthvarf Emilíu var ákveðið fyrir nokkru en var haldið leyndu af tillitsemi við fyrirætlað brúðkaup hennar nú um helgina. Fréttablaðið hafði meðal annars samband við söngkonuna fyrir nokkrum vikum en þá neitaði hún þessu staðfastlega. Einar Bárðarson, umboðsmaður sveitarinnar, upplýsti hins vegar að þetta hefði verið frágengið þá en ákveðið hefði verið að láta ákvörðunina ekki skyggja á sjálfan brúðkaupsdaginn.

Til stendur að finna staðgengil fyrir Emilíu og er ráðgert að áheyrnarprufur hefjist í ágúst. Það hefur verið samið við Saga Film um gerð sjónvarpsþátta um leitina og hvernig nýjum meðlimi reiðir af í hinni sívinsælu stúlknasveit. Verða þættirnir sýndir á Stöð 2 og Sirkus.



**EMILÍA BJÖRK** Gekk að eiga unnusta sinn, Pálma Sigurðsson, um helgina og hefur ákveðið að hætta í Nylon.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Britney Spears** hefur fengið sér nýjan hund og pungaði heilum þrjú þúsund dollurum út fyrir hann. Söngkonan keypti hvolpinn í gæludýrabúð sem er víst alveg bannað í Ameríku og sendu dýraverndunarsinnar henni bréf. „Hundar sem eru seldir í gæludýrabúðum koma frá fyrirtækjum sem líkjast verksmiðjum sem rækta hunda í stórum stíl. Í hvert skipti sem einhver kaupir hund úr gæludýrabúð auðgast þessi hræðilegu fyrirtæki," sagði meðal annars í bréfinu.







**Sýningar í ágúst**
Lau. 11. ágúst kl. 20. Uppselt
Sun. 12. ágúst kl. 15. Laus sæti
Sun. 12. ágúst kl. 20. Uppselt
Lau. 18. ágúst kl. 20. Uppselt
Sun. 19. ágúst kl. 15. Laus sæti
Sun. 19. ágúst kl. 20. Örfá sæti laus!
Fim. 30. ágúst kl. 20. Laus sæti
Fös. 31. ágúst kl. 20. Uppselt

**Sýningar í september**
Lau. 8. september kl. 20. Laus sæti
Sun. 9. september kl. 20. Laus sæti
Fös.14. september kl. 20. Laus sæti
Lau.15. september kl. 20. Laus sæti
Lau. 22. september kl. 20. Laus sæti
Sun. 23. september kl. 20. Laus sæti
Fös. 28. september kl. 20. Laus sæti
Lau. 29. september kl. 20. Laus sæti

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



www.ellingsen.is




**Á eigin vegum í Adria-hjólhýsi**



Adria Adiva 553 PH

**Útbúnaður**
- Hlíf yfir beisli
- Stuðningsfætur
- Demparar
- Hjólkoppar
- Álfelgur
- Rúllugardína og flugnanet í öllum gluggum
- Ein frárennslislögn
- Opnanlegir gluggar
- Plastklæðning að framan og aftan
- Útiljós
- Loftljós
- Óbein lýsing
- Straumbreytir, CSW 409+P310
- Rásvörn, 1300/3004
- Ljóskastari í borðkrók
- Ebeco-gólfhiti
- Sjónvarpsloftnet
- Kapall og tengi fyrir sjónvarp
- Lögn fyrir útvarp og CD
- Geymsluhurð, Seitz
- Hurð með glugga og innbyggðu flugnaneti
- Dyratrappa, inn- og útdraganleg með rafmagni
- Þakgluggi
- Vatnstankur, 40 l, fylltur utanfrá
- Sturta
- Sturtuhengi
- Sturtubotn úr plasti
- Blöndunartæki í sturtu
- Alde vatns- og miðstöðvarhitun 3010, 3kW
- Salerni, C402

**Eldhús**
- Thetford-kælir, 97 l, N97 PL
- Þrjár gashellur
- Gufugleypir

**Aukaútbúnaður**
- Dýnur í svefnrými fyrir tveggja og eins manns rúm í fullri lengd

**Útilegukortið**




Kaupauki! Útilegukortið fylgir öllum Adria-hjólhýsum

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

**Aðrar upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Bremsubúnaður | Ýtihemlar |
| Rafgeymir | já |
| Heildarlengd | 745 cm |
| Heildarbreidd | 248 cm |
| Lengd að innan | 554 cm |
| Hæð að innan | 195 cm |
| Breidd að innan | 232 cm |

**Verðdæmi**

| | |
|---|---|
| Verð | 3.250.000 kr. |
| Útborgun | 500.000 kr. |

Mánaðargreiðsla
39.111 kr.*
*miðast við 84 mánuði

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 8–18,
laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Gisele gat varla andað fyrir stressi

Gisele Bündchen er ekki lengur andlit og líkami undirfatafyrirtækisins Victoria's Secret en hún hefur nóg að gera og er nú andlit nýs ilmvatns frá hönnuðunum Dolce & Gabbana. Á blaðamannafundi sem haldinn var í tilefni af útkomu ilmvatnsins var Gisele spurð um nýlega Dior-hátískusýningu þar sem hún gekk fyrst fram á tískupallinn.

„Ég hef aldrei í lífinu verið svona stressuð. Það eina sem ég gat sagt og hugsað var: „Getur einhver hjálpað mér? Ég vil ekki vera fyrst fram. En þetta var að sjálfsögðu mjög spennandi," sagði Gisele og bætti því við að hún hefði varla náð andanum af spenningi.

„Ég bað guð um að hjálpa mér að klára þetta. Sem ég gerði og þurfti svo að setjast niður og horfa á sýninguna í hálftíma. Það var ekki bara ég sem var stressuð heldur við allar stelpurnar enda var þetta stórviðburður."



**GISELE BÜNDCHEN** Ofurfyrirsætan lýsti því á blaðamannafundi hversu stressuð hún hafði verið á Dior-hátískusýningu fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/AFP

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Móðir **Lindsay Lohan** er á leiðinni í sjónvarpið og vinnur nú að þætti í samvinnu við E! sjónvarpsstöðina en stöðin einbeitir sér að fréttum af fræga fólkinu. **Joel McHale,** þáttastjórnandi í The Soup á sömu sjónvarpsstöð, ljóstraði þessu upp í viðtali. Einnig talaði hann um það hvernig sjónvarpsstöðin reyndi sífellt að ritskoða þáttinn og gæta þess að hann gengi ekki of nærri einstaka frægum einstaklingi, en krafa um það var einmitt gerð þegar hann tók viðtal við **Dinu Lohan**.



**Gwen Stefani** er ansi reið þessa dagana. Hún hefur kært verslanakeðjuna Forever 21 fyrir að stela hönnun sinni. Einhverjar flíkur í búðinni eru heldur líkar hönnun Gwen sem hún selur undir merkinu L.A.M.B. Forever 21 er þekkt fyrir að kópera hönnun af tískupöllunum eins og margar aðrar ódýrari keðjur gera, svo sem Topshop og H&M.



Leikararnir **Josh Hartnett** og **James Franco** eru í fýlu. Þeir hafa báðir sóst eftir aðalhlutverkinu í kvikmyndinni On The Road og voru heldur pirraðir yfir að hittast í veislu sem haldin var eftir tónleika með Kings of Leon. „Josh kom inn með **Liv Tyler** og á sama tíma kom James út úr bílnum sínum og strunsaði inn," sagði vitni. „Þeir mættust en létu eins og þeir þekktust ekki."



**VIRÐINGARVOTTUR** Karl Lagerfeld, yfirhönnuður Chanel, lét sig ekki vanta á sunnudaginn og vottaði minningu Giannis virðingu sína.



**GLEÐI OG GAMAN** Gestir sunnudagskvöldsins minntust Gianni Versaces með bros á vör, eins og tónlistarmaðurinn víðfrægi, Quincy Jones, gerir hér.



**VINIR OG VANDAMENN** Ofurfyrirsætan Naomi Campbell kom til kvöldverðarins í fylgd Santos Versace, bróður fatahönnuðarins.



**VERSACE-FJÖLSKYLDAN** Donatella Versace, systir Giannis og núverandi yfirhönnuður Versace-tískuhússins, stillir sér upp ásamt fyrrverandi eiginmanni sínum og börnum, þeim Allegru og Daníel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Versaces minnst í Mílanó

**Fatahönnuðarins fræga, Gianni Versaces, var minnst í Mílanó á sunnudag, en þá voru liðin tíu ár frá því að Versace var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt í Miami. Vinir og aðdáendur Giannis flykktust í óperuhúsið La Scala til að horfa á ballett til heiðurs hönnuðinum. Eftir sýninguna buðu systkini Giannis, Donatella og Santo Versace, 500 vinum hans til kvöldverðar í Palazzo Reale.**



**STJÖRNUFANS** Jessica Alba var ein þeirra gullfallegu vinkvenna Versace-fjölskyldunnar sem tritlaði fram rauða dregilinn í Mílanó, íklædd Versace-kjól.



**FRÆGUR FÉLAGSSKAPUR** Claudia Schiffer með leikaranum Rupert Everett.




ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net




**Á FARALDSFÆTI** Félagarnir KK og Maggi Eiríks verða á faraldsfæti um landið á næstunni til að kynna sína nýjustu plötu.

# Ferðast um landið

Tónlistarmennirnir KK og Maggi Eiríks verða á faraldsfæti um landið á næstunni til að kynna nýjustu plötu sína Langferðalög. Tónleikaferðin hefst á Borg í Grímsnesi á fimmtudag og byrja tónleikarnir kl. 20.30. Kvöldið eftir leika þeir félagar í Duushúsum í Keflavík og á laugardag liggur leiðin í Bíóhöllina á Akranesi. Á sunnudagseftirmiðdaginn verða síðan stórir fjölskyldutónleikar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík.

Fimmtudaginn 26. júlí liggur leiðin vestur á firði og verða tónleikar haldnir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Laugardaginn 28. júlí verða þeir á Græna hattinum á Akureyri og ferðinni lýkur með fjölskyldutónleikum í félagsheimilinu Ljósheimum við Sauðárkrók.



Gerum gott úr þessu
Árlega berst mikið af prentuðum pappír inn á heimilin í landinu en kosturinn er sá að hann má endurnýta. Leggjum okkar af mörkum fyrir náttúruna og skilum honum í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.
Gott til endurvinnslu
Samtök iðnaðarins og SVP-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmiðla á www.si.is – Hönnun Hvíta húsið/ SÍA

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 3-4-6-7-9-10 | 16 |
| HARRY POTTER LÚXUS | kl. 3-6-9 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4-6-8-10 | 10 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5-8-10.45 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAXI 4 | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.30 - 8 - 10.40 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| 1408 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| 1408 | kl. 8 - 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 | 14 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS



SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 3:30-5-6:30 - 8-9:30-11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 -11 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 -11 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 4 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 4 - 5:15 - 7 - 8:15 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| PIRATES 3 | kl .8 | 10 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 9 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 9 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 8 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 10 | 14 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |



Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER | 16 |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 og 6 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10 | 14 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 5.45 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Írak í nýju ljósi á RIFF

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF) hyggst sýna fjórar nýjar heimildarmyndir sem varpa mismunandi ljósi á ástandið í Miðausturlöndum. Kastljósinu verður hins vegar fyrst og fremst beint að innrás bandamanna í Írak. Í tilefni af sýningum myndanna verður síðan efnt til málþings um ástandið í Írak og verða leikstjórar heimildarmyndarinnar Meeting Resistance viðstaddir.

Kvikmyndirnar Iraq in Fragments, Shadow Company og áðurnefnd Meeting Resistance fjalla um ólíkar hliðar Íraksstríðsins. Iraq in Fragments fjallar þannig um lífið í stríðshrjáðu landi frá þremur löndum, Shadow Company um störf málaliða í stríðinu og Meeting Resistance um andófshópa sem berjast gegn innrásarhernum. Fjórða myndin tengist síðan stríði bandamanna gegn hryðjuverkum en hún fjallar um dularfullan dauða leigubílstjóra en hann lést af völdum sára sem bandarískir hermenn veittu honum.



**ÍRAK** Fjórar heimildarmyndir um stríðsrekstur bandamanna í Miðausturlöndum verða sýndar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst 27.september og stendur til 7.október. Þetta er í fjórða sinn sem hún er haldin og hefur hátíðin þegar vakið mikla athygli út fyrir landsteinana.



**LADA SPORT** Þeir Haraldur Leví Gunnarsson, Friðrik Sigurbjörn Friðriksson, Jón Þór Ólafsson og Stefnir Gunnarsson skipa hljómsveitina Lödu Sport. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Gleðirokkið á undanhaldi

**Hljómsveitin Lada Sport hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu, Time and Time Again, á vegum Geimsteins. Platan inniheldur ellefu lög og hefur annað smáskífulagið, The World Is A Place For Kids Going Far, fengið góðar viðtökur.**

Að sögn trommarans Haraldar Levís Gunnarssonar hófust upptökur á plötunni í janúar á þessu ári og kláruðust þær fjórum mánuðum síðar eftir nokkrar stuttar pásur. „Þetta er skemmtileg og fjörug plata, með líflegum og poppuðum hljómi,“ segir Haraldur. „Við erum búnir að vinna lengi að þessu og erum ógeðslega sáttir.“

### Tveir söngvarar

Nokkur breyting hefur verið á stefnu og mannaskipan Lödu Sport síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2004 þegar hún lenti í öðru sæti í Músíktilraunum á eftir Mammút. „Þegar við byrjuðum var þetta mun meira gleðirokk heldur en það er núna. Fólk vildi alla vega halda því fram að þetta væri gleðirokk. Við erum orðnir mun poppaðri og þroskaðri í lagasmíðum. Svo hafa líka verið mannabreytingar og núna eru það tveir söngvarar sem skipta á milli sín söngnum. Mér finnst það mun betra,“ segir Haraldur.

### Til Ameríku

Hann segir þá félaga ætla að koma plötunni á erlendan markað. „Við spiluðum í Ameríku í mars og ætlum að reyna að fara aftur út í haust. Við ætlum að reyna að koma henni út og kynna okkur betur.“

### Tónleikar í kvöld

Næstu tónleikar Lödu Sport verða á Dillon í kvöld þar sem Dr. Spock treður einnig upp. Á föstudag spilar sveitin síðan á listahátíðinni Lunga á Seyðisfirði.

freyr@frettabladid.is

# *Útirokk fyrir ungt fólk á Ingólfstorgi*

Stórir útitónleikar verða haldnir á Ingólfstorgi á morgun, fimmtudag milli 17 og 19. Fram koma Jeff Who?, Jan Mayen, Æla, Kimono, Skátar og Beikon og munu þau væntanlega rokka grimmt í veðurblíðunni. Útvarpsmaðurinn góðkunni Ólafur Páll Gunnarsson verður kynnir og plötusnúður.

Tónleikarnir eru fyrst og fremst haldnir með ungt fólk í huga og verður Jafningjafræðslan mjög sýnileg á svæðinu. Eru tónleikarnir haldnir að frumkvæði Landsbankans.



**JEFF WHO?** Hljómsveitin Jeff Who? verður á meðal þeirra sem koma fram á Ingólfstorgi á fimmtudag.


2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

# Hjónabandið undir smásjá

**Fulltrúar frá barnaverndaryfirvöldum í Malaví eru á leiðinni til Bretlands þar sem þeir hyggjast rannsaka hjónaband poppdrottningarinnar Madonnu og leikstjórans Guys Ritchie. Niðurstaðan mun ráða því hvort hjónin fái að ættleiða David Banda.**



**MADONNA OG GUY** Hjónabandið þarf að ganga í gegnum mikla eldraun þegar barnaverndaryfirvöld frá Malaví koma í heimsókn.

Ættleiðingin vakti mikla athygli á sínum tíma og var talið að Madonna hefði brotið lög þegar hún fór til Malaví og kom heim með David. Faðir drengsins sagðist ekki hafa gefið leyfi fyrir ættleiðingunni og yfirvöld töldu söngkonuna hafa eitthvað óhreint í pokahorninu. Yfir fimmtíu mannréttindahópar mótmæltu þessari aðferð Madonnu en hún stóð föst á sínu og sagðist ekkert rangt hafa gert. David og Madonna fóru síðar til Bretlands þar sem strákurinn hefur búið í góðu yfirlæti en nú er komið að úrslitastundu.

Fulltrúar barnaverndaryfirvalda Malaví ætla að skoða hjónaband Guy og Madonnu ofan í kjölinn og verða þau spurð fjölmargra erfiðra spurninga um sambúð sína. Malaví er samkvæmt breska blaðinu The Sun mjög íhaldssamt land sem hefur horn í síðu áfengisdrykkju, lyfjanotkunar og skilnaða. Hjónaband skötuhjúanna hefur verið þó nokkuð á milli tannanna á bresku slúðurpressunni sem hefur margoft spáð því að það sé að fara í hundana. Sögusagnir um framhjáhald hafa verið nokkuð lífseigar en svo virðist sem þau Guy og Madonna hafi staðið stormviðrið af sér. Ef einhverjir maðkar eru í mysunni munu barnaverndaryfirvöldin vafalítið koma auga á það því þau hafa í hyggju að dvelja á heimili þeirra í heila viku og vera með þeim í allt að fimm stundir á dag.

Madonna hefur lýst því yfir að hún sé hvergi nærri hætt ættleiðingum og vilji ólm ættleiða afríska stelpuna Grace. Madonna á fyrir dótturina Lourdes með einkaþjálfaranum Carlos Leon og Rocco með Guy en þau hafa verið gift í sjö ár.

# Bonsom í tónleikaferð

Djasskvartettinn Bonsom er á leiðinni í stutta tónleikaferð sem hefst í Krákunni á Grundarfirði í kvöld. Annað kvöld spilar kvartettinn í Deiglunni á Akureyri og á föstudags- og laugardagskvöld spilar hann á Mývatni.

Bonsom er að fylgja eftir samnefndri plötu sinni sem kom út um miðjan síðasta mánuð. Að sögn bassaleikarans Þorgríms Jónssonar hafa þeir félagar undanfarið verið að fikra sig í átt að rokki og þjóðlagatónlist og má því búast við skemmtilegri tónlistarblöndu á væntanlegum tónleikum.



**DJASSARAR** Hljómsveitin Bonsom er á leiðinni í stutta tónleikaferð.

# Spila blöndu af því besta

Hljómsveitin Dúndurfréttir heldur nokkurs konar „best of“ kvöld á Gauki á Stöng í kvöld. Sveitin ætlar að spila lög með fjórum uppáhaldshljómsveitum sínum, Pink Floyd, Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep. Verður meiri áhersla lögð á Pink Floyd en venjulega. Dúndurfréttir eru í fantaformi um þessar mundir. Skemmst er að minnast tónleika sveitarinnar í Laugardalshöll þar sem hún spilaði plötuna The Wall með Pink Floyd í heild sinni ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands við frábærar undirtektir. Fyrir skömmu spiluðu þeir félagar síðan í Valaskjálfi á Egilsstöðum og voru móttökurnar ekki síðri. „Þetta var þvílíka stuðið,“ segir söngvarinn Matthías Matthíasson. „Þetta gaf nánast Höllinni ekkert eftir. Þetta var ótrúlegt. Ég hef varla spilað svona skemmtilegt gigg lengi fyrir færri áhorfendur.“



**DÚNDURFRÉTTIR** Fjórar þekktar hljómsveitir verða teknar fyrir hjá Dúndurfréttum í kvöld.

Framundan hjá Dúndurfréttum eru tónleikar á landsbyggðinni, þar á meðal á Akureyri. Einnig ætlar sveitin að halda stóra tónleika síðar á árinu þar sem lög Eagles verða í fyrirrúmi, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá.

- fb






3G Vertu með frá byrjun

NOVA er nýtt 3G félag sem mun bjóða nýja tegund farsíma- og netþjónustu síðar á þessu ári. 3G mun breyta með hvaða hætti fólk á í samskiptum, miðlar upplýsingum og afþreyingu.

Vilt þú takast á við nýja og skemmtilega hluti að loknu sumarfríi og ganga til liðs við NOVA?

Við leitum að kraftmiklu og hressu fólki sem vill takast á við áskorun í starfi. Starfið felur í sér að veita viðskiptavinum NOVA ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G þjónustu fyrirtækisins.

Við leggjum áherslu á gott og skemmtilegt starfsumhverfi hjá nýju og spennandi fyrirtæki.

Verslanir

NOVA leitar að öflugum sölu- og þjónusturáðgjöfum í verslanir.

Hæfniskröfur

Lífsgleði og jákvætt viðhorf.
Góð tölvukunnátta.
Stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Sölu- og þjónustuver

NOVA leitar að öflugum sölu- og þjónusturáðgjöfum í sölu- og þjónustuver.

Vinnutími

Unnið er á vöktum.
Í boði er fullt starf og hlutastarf.

Nýir starfsmenn munu fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið nova@nova.is fyrir 1. ágúst nk. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir.

Nánari upplýsingar á nova.is
NOVA · Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími 517 6660 · nova.is

NOVA

## > Víkingar fá 10 þúsund króna sekt

Knattspyrnufélagið Víkingur hefur verið dæmt til að greiða tíu þúsund króna sekt vegna brottvísunar Magnúsar Gylfasonar, þjálfara liðsins, í bikarleiknum gegn ÍA á dögunum. Þjálfarinn fékk einnig eins leiks bann. Magnús fékk rautt spjald eftir leikinn þegar hann hellti sér yfir dómara leiksins í gremju sinni. „Mér fannst líka dómgæslan skelfileg og vil að það komi fram. Maður á kannski að taka sömu taktík og Gaui og fleiri og hrauna yfir dómara til að fá betri dómgæslu.“ Þetta sagði Magnús við Fréttablaðið eftir leikinn og ýjaði að því að einhverjir þjálfarar í deildinni fengju sérmeðferð vegna framgöngu sinnar.



**sport**

sport@frettabla-

RAGNAR SIGURÐSSON: ER ANNAR Í EINKUNNAGJÖF AFTONBLADET Í SVÍÞJÓÐ SEM HANN TREYSTIR EKKI ALVEG

# *Þetta gæti verið eitthvað rugl með mig*



Ragnar Sigurðsson hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína með IFK Gautaborg það sem af er tímabili. Ragnar spilar í hjarta varnarinnar hjá félaginu sem er í sjöunda sæti deildarinnar.

Ragnar er annar í einkunnagjöf sænska dagblaðsins Aftonbladet sem gefur leikmönnum einkunn á bilinu 0 til 5 í hverjum leik. „Já, ég sá þetta í flugvélinni á leiðinni heim í gær. Það er gaman að þessu,“ sagði Ragnar sem nú er staddur heima á Íslandi í stuttu fríi á milli leikja.

Talið barst fljótlega að Henrik Larsson, framherja Helsinborg, sem Ragnar segir að sé ekki sá yfirburðarmaður í deildinni og margir eflaust sjá fyrir sér. „Ég spilaði tvo leiki í röð á móti honum og gekk vel að ráða við hann,“ sagði Ragnar. Fyrri leikurinn endaði með markalausu jafntefli en síðari leikurinn fór 2-2 þar sem Larsson náði ekki að skora.

„Mér fannst svolítið skrítið að sjá þetta blað með einkunnunum. Framherji hjá okkur, Marcus Berg, er markahæsti maður deildarinnar en hann komst ekki á topp tíu lista yfir bestu framherjana hjá Aftonbladet. Þar var Larsson fyrstur. Þetta með mig gæti því alveg eins verið í sama rugli,“ sagði Ragnar léttur í bragði.

Hann dró þó ekki úr því að hann hefði staðið sig vel í Svíþjóð. „Mér er reyndar búið að ganga mjög vel. Við höfum fengið á okkur nítján mörk í deildinni, þar af held ég að fimmtán séu úr föstum leikatriðum. Við þurfum að taka okkur aðeins á í þeim en við erum lítið að hleypa mönnum í gegn.“

Miðverðinum líkar lífið í Gautaborg vel. „Þetta er algjör snilld. Fótboltinn er mjög góður og það sama má segja um veðrið,“ sagði Ragnar sem býr nálægt góðvini sínum Eyjólfi Héðinssyni, en þeir léku saman hjá Fylki.

„Eyjó býr ásamt kærustunni sinni í svona tíu mínútna fjarlægð. Þau eru dugleg að bjóða mér í mat því ég kann ekkert að elda. Það er virkilega gott. Svo erum við með snókereinvígi í gangi. Ég leiði það 4-2 en það er langt síðan við spiluðum síðast,“ sagði Ragnar, langeygur eftir næsta einvígi.



**MEIDDUR** Hans Mathiesen er á meiðslalistanum hjá Fram. Hann er hér í leik gegn FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Mikið um meiðsli hjá Fram:

## Fimm sterkir á sjúkralistanum

**FÓTBOLTI** Fimm sterkir leikmenn Framara eru meiddir og er þjálfari liðsins í leit að liðsstyrk. Ólafur Þórðarson sagði við Fréttablaðið í gær að vel kæmi til greina að semja við framherjann Henry Nwosu, sem hefur verið til reynslu hjá félaginu um hríð.

„Daði Guðmundsson, Hjálmar Þórarinsson, Hans Mathiesen, Patrick Redo og Theodór Óskarsson eru allir meiddir. Það er ekkert launungarmál að allir þessur leikmenn væru nálægt byrjunarliðssæti þrátt fyrir að vissulega eigi enginn víst sæti,“ sagði Ólafur, en auk þess meiddist Norðmaður sem var til reynslu hjá liðinu og sneri til síns heima.

Fram tapaði fyrir Val í deildinni á mánudag og er í næstneðsta sæti með átta stig. - hþh

# Meistaraþjálfararnir vinna saman

**Íslandsmeistarar KR ætla sér stóra hluti í körfuboltanum og til marks um það hafa þeir fengið Ágúst Björgvinsson, þjálfara Íslandsmeistara Hauka í kvennaflokki síðustu tvö ár, til þess að aðstoða Benedikt Guðmundsson næsta vetur en þá fer liðið meðal annars í Evrópukeppni í fyrsta sinn í sautján ár.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar hafa fengið Ágúst Björgvinsson, þjálfara Íslandsmeistara Hauka í kvennaflokki síðustu tvö ár, til þess að vera aðstoðarþjálfari Benedikts Guðmundssonar hjá Íslandsmeisturum KR í Iceland Express deild karla á komandi tímabili.

„Það heillar mig við KR-liðið að það hefur alla burði til þess að vinna titla í vetur. KR-ingar eru ríkjandi meistarar og ég þekki það mjög vel að þjálfa meistaralið. Það vilja allir vinna meistarana og menn þurfa að leggja enn þá meira á sig en þegar liðið vann titilinn í fyrsta skipti,“ segir Ágúst Björgvinsson sem hætti með kvennalið Hauka í vor eftir þrjú farsæl ár.

Benedikt Guðmundsson gerði KR að Íslandsmeisturum í fyrsta sinn í sjö ár í vor og í kjölfarið á því er KR að fara í Evrópukeppnina í fyrsta sinn í 17 ár. Það er því viðburðarríkur vetur framundan.

„Ég hitti Gústa á Landsmótinu og viðraði þessa hugmynd við hann um hvort að hann kæmi ekki og myndi þjálfa yngri flokka hjá okkur og yrði síðan aðstoðarþjálfari hjá mér í meistaraflokki karla. Hann tók strax vel í það. Við höfum unnið saman áður og það var frábært að hafa hann þá. Hann er þvílíkt duglegur og metnaðarfullur. Ég pressaði því svolítið á hann að taka þennan slag með mér,“ segir Benedikt og bætir við: „Gústi er búinn að gera þvílíka hluti með kvennalið Hauka og maður sá það þegar hann var með mér í yngri landsliðunum á sínum tíma að hann yrði hörku þjálfari. Mér líst gríðarlega vel á að fara að vinna með honum aftur,“ segir Benedikt sem segir þá félaga enn eftir að skipta verkum á milli sín. „Við erum ekki búnir að negla niður nákvæma starfslýsingu ennþá,“ segir Benedikt.



**ÞJÁLFARI ÍSLANDSMEISTARA KVENNA** Ágúst Björgvinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ágúst segir málin hafa þróast á annan hátt en að hann áætlaði í upphafi sumars. „Ég ætlaði mér að komast út og þjálfa erlendis. Ég lét Haukaliðið af hendi til þess að freista þess að komast út en þegar það kom í ljós í byrjun júlí að ég færi ekki út þá höfðu KR-ingarnir samband við mig. KR er stór klúbbur og eina íslenska liðið sem er að fara að keppa í Evrópukeppni á næsta ári. Það heillaði mig mjög mikið,“ segir Ágúst.

„Við erum mjög ánægðir. Þetta er stór áfangi fyrir okkur að vera búnir að fá Gústa inn í núverandi þjálfarateymi. Við erum með Benna og Inga og fáum hann núna sem þriðja mann. Það er mikið af krökkum að æfa og við viljum bjóða upp á það besta. Við leggjum mjög mikla áherslu á að vera með öflugasta yngri flokka starfið á landinu,“ sagði Böðvar Guðjónsson, formaður Körfuknattleiksdeildar KR.

Ágúst hefur verið kosinn besti þjálfari Iceland Express deildar kvenna undanfarin þrjú tímabil. Undir hans stjórn vann Haukaliðið alla titla í boði á síðasta tímabili.

„Ég kynntist Benna þegar ég var aðstoðarþjálfari hans í unglingalandsliðinu í tvö ár. Hann er frábær þjálfari og það verður gaman að vinna með honum aftur. Við erum svo ólíkir á margan hátt og höfum ólíkar áherslur í þjálfun. Við erum samt mjög góðir félagar og eigum örugglega eftir að ná mjög vel saman, erum með aðeins öðruvísi aðferðir en markmiðin okkar eru mjög lík,“ segir Ágúst sem býst við að leikgreina KR og mótherja þess líkt og hann gerði sem aðstoðarþjálfari hjá litháenska liðinu Lietuvos Rytas.



**ÞJÁLFARI ÍSLANDSMEISTARA KARLA** Benedikt Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ég hef mikla reynslu af allskonar vídeóklippingum sem ég vann við í Litháen og lærði mikið að kryfja bæði mitt eigið lið og andstæðinginn. Ég veit að það er eitthvað sem verður á mínum snærum en það á síðan eftir að koma í ljós hvar Benni vill nota mig mest og hvar hann vill fá mestu hjálpina. Finnur Stefánsson er líka þarna fyrir þannig að þetta verður hörkuteymi,“ sagði Ágúst.

ooj@frettabladid.is




Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.



**ÁFRAM Í RUGLINU** Kevin Garnett á enga möguleika á meistaratitilinum með Minnesota miðað við leikmannahóp liðsins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kevin Garnett:

## Verður um kyrrt hjá Minnesota

**NBA** Kevin Garnett verður öllum að óvörum áfram hjá Minnesota Timberwolves. Talið var næsta víst að hinn 31 árs gamli Garnett myndi færa sig um set en árangur Minnesota hefur ekki verið upp á marga fiska.

„Kevin hefur alltaf sagt að hann vilji vera hér áfram. Hann sagði mér að það yrði mikið slúðrað um sig enda ákváðum við að athuga hvaða tilboð við fengjum í hann. Þau voru ekki spennandi auk þess sem hann vildi heldur ekkert fara,“ sagði eigandi Minnesota, Glen Taylor. - hþh



**ÓÐINN** Var nálægt því að ná lágmarki fyrir HM utanhúss í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kúluvarparinn Óðinn Björn:

## Með fjórða besta kast sögunnar

**FRJÁLSAR** Óðinn Björn Þorsteinsson, 26 ára gamall kúluvarpari úr FH, náði fjórða besta kasti Íslendings frá upphafi á Coca Cola-móti FH um síðustu helgi. Óðinn varpaði kúlunni 19,23 metra og var aðeins 47 sentimetrum frá því að ná lágmarki fyrir HM utanhúss sem fer fram í Japan í haust.

Íslandsmetið á Pétur Guðmundsson, 21,26 metra, sem hann setti árið 1990. - hþh








Landið er fallegra á löglegum hraða

UMFERÐARSTOFA
Ferðamálastofa
www.ferdalag.is



**CARLOS TEVEZ** Svo virðist sem West Ham sé að þvinga hann til að vera áfram í herbúðum liðsins á næsta tímabili.

West Ham grípur til aðgerða:

## Tevez meinuð læknisskoðun

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon og félagar í West Ham neituðu í gærkvöldi beiðni Manchester United um að fá argentínska framherjann í læknisskoðun hjá félaginu sem fyrirhuguð var í dag. Tevez mun vera staddur í Manchester til að ganga frá persónulegum samningi við félagið. West Ham virðist hins vegar ekki hafa í hyggju að missa sinn besta mann frá síðasta tímabili.

„Félögin hafa átt í viðræðum en ekkert samkomulag hefur náðst,“ sagði talsmaður West Ham í gær en í reglugerðum segir að leikmaður geti ekki farið í læknisskoðun nema með samþykki beggja félaga. Fyrr í gærdag hafði Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. lýst því yfir að hann væri vongóður um að klófesta Tevez. Nú er hins vegar ljóst að leikmaðurinn mun ekki einu sinni fá að fara í læknisskoðun fyrr en félögin hafa náð samkomulagi um kaupverð. - vig

Liverpool lagði Bremen:

## Voronin með tvö fyrir Liverpool

**FÓTBOLTI Úkraínski framherjinn Andriy Voronin skoraði tvö mörk fyrir Liverpool þegar liðið lagði Werder Bremen í æfingaleik í gærkvöldi, 3-2. Voronin skoraði markið í sitthvorum hálfleiknum en hann þótti spila einstaklega vel í leiknum. John Arne Riise skoraði þriðja mark Liverpool.**

**Fernando Torres spilaði sinn fyrsta leik fyrir þá rauðklæddu þegar hann kom inn á í hálfleik. Torres náði ekki að setja mark sitt á leikinn en fékk tvö góð færi sem hann náði ekki að nýta. Ryan Babel og Youssi Benayoun komu einnig inn á í síðari hálfleik.**

- vig

Óvíst hvort David Beckham geti spilað í æfingaleik gegn Chelsea á laugardag:

# Beckham hinn kátasti á fyrstu æfingunni

**FÓTBOLTI** David Beckham mætti á sína fyrstu æfingu með LA Galaxy í fyrrakvöld og virtist una sér vel með sínum nýju liðsfélögum. Beckham gat reyndar ekki tekið þátt í æfingunni af fullum krafti vegna ökkameiðsla sem tóku sig upp í vikunni og er óvíst hvort hann geti tekið þátt í æfingaleik liðsins gegn Chelsea á laugardag. Vegna meiðslanna eyddi enski landsliðsmaðurinn því stærstum hluta á séræfingum fyrir framan rúmlega 2000 áhorfendur sem mættu á æfinguna, gagngert til að fylgjast með nýjasta liðsmanni Galaxy.

„Auðvitað viljum við fá hann í liðið okkar um leið og mögulegt er. En við munum ekki taka neina áhættu með ökklann,“ sagði þjálfarinn Frank Yallop eftir æfinguna.



**ALEINN OG YFIRGEFINN** Beckham eyddi stærstum hluta æfingatímans í að styrkja ökklann með ýmsum séræfingum. Hann tók ekki þátt í skotæfingum liðsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Meiðslin eru þó ekki alvarleg en bólga í ökklanum tók sig upp í langri flugferð kappans frá London til LA. Beckham tjáði sig ekki við fjölmiðla eftir æfinguna. - vig



**HRESS** Beckham hló og gantaðist með nýju liðsfélögunum í upphitun. Honum á hægri hönd er Abel Xavier, fyrrverandi leikmaður Liverpool og Middlesbrough. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# HB á í sama vanda og KR

**Rógvi Jacobsen, fyrrum leikmaður KR, mætir með liði sínu HB í Kaplakrika í kvöld þar sem liðið etur kappi við Íslandsmeistara FH í fyrstu umferð forkeppni Meistaradeildarinnar. Rógvi segir HB eiga ýmislegt sameiginlegt með KR.**

**FÓTBOLTI** „Ef við eigum góðan dag tel ég okkur vissulega eiga möguleika á móti FH. En þeir eru samt mun sigurstranglegri,“ sagði Rógvi við Fréttablaðið, spurður um möguleika sinna manna í leiknum í kvöld. Rógvi þekkir vel til FH-liðsins, enda er liðið ekki mikið breytt frá tíma Rógva með KR í Landsbankadeildinni sumarið 2005 og fyrri hluta síðasta sumars. Hann viðurkennir að hafa verið ein helsta upplýsingaveita þjálfara síns fyrir leikinn.

„Ég segi honum bara eins og er, að FH séu mjög vel skipað lið með valinn mann í hverju rúmi. Liðið hefur spilað langbesta boltann á Íslandi síðustu árin. Þetta er ekki svo flókið. Við gerum okkur grein fyrir að við erum að fara að spila á móti mjög öflugu liði,“ segir Rógvi, sem sjálfur mun ekki spila í fyrri leiknum í kvöld vegna leikbanns sem er tilkomið vegna brottvísunar sem hann hlaut í leik með HB gegn Kaunas árið 2003. Þrír aðrir leikmenn HB, sem alla jafna eru í byrjunarliðinu, eru auk þess tæpir vegna meiðsla. „Við eigum í nokkrum vandræðum fyrir þennan leik en náum vonandi að stilla upp okkar sterkasta liði í síðari leiknum.“

HB urðu færeyskir meistarar á síðasta tímabili en liðið hefur alls ekki staðið undir væntingum í ár



**HEITUR Í FÆREYJUM** Rógvi Jacobsen hefur spilað sem sóknarmaður hjá HB og staðið sig vel. Hann er markahæsti leikmaður liðsins með átta mörk. MYND/HEIMASÍÐA HB

og er í 4. sæti deildarinnar með 24 stig úr 16 leikjum, tólf stigum minna en efsta lið deildarinnar.

„Við erum með góða leikmenn í liðinu en eigum í vandræðum með að ná nægilega vel saman. Við erum að glíma við svipað vandamál og KR á Íslandi,“ segir Rógvi í glettnum tón en hann kveðst fylgjast nokkuð vel með íslenska boltanum í gegnum internetið og síðan félaga sinn og landa hjá Keflavík, Simun Samuelsen. „Við höfum verið að vinna toppliðin en tapa fyrir lakari liðunum og það er alltaf dýrkeypt. En við höfum ekki gefið upp vonina á að verja titilinn,“ bætir hann við.

Rógvi er markahæsti leikmaður HB það sem af er tímabili með átta mörk og spilar eingöngu í sókninni eða framarlega á miðjunni. „Ég hef allavega ekki verið settur í hægri bakvörðinn ennþá,“ sagði Rógvi glottandi og vísaði þannig í veru sína hjá KR, þar sem hann leysti af nánast allar stöður á vellinum. vignir@frettabladid.is



**LEIKMAÐUR KR** Rógvi Jacobsen lék með KR-ingum í eitt og hálft tímabil en náði sér aldrei almennilega á strik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HEIMIR GUÐJÓNSSON** Ætlar sér sigur gegn HB í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimir Guðjónsson:

## Mikilvægast að halda hreinu

**FÓTBOLTI** „Færeyskur fótbolti hefur verið á mikilli uppleið síðustu ár svo að við búumst við að mæta góðu fótboltaliði,“ segir Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, um leik liðsins gegn HB í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Heimir segir mikilvægt að vinna leikinn á heimavelli og ná forskoti fyrir síðari leikinn sem fram fer ytra að viku liðinni. „Og eins og alltaf í Evrópukeppni er gríðarlega mikilvægt að fá ekki á sig mark.“

Heimir og aðalþjálfarinn Ólafur Jóhannesson hafa úr nánast fullskipuðum leikmannahópi að velja fyrir leikinn í kvöld en aðeins Arnar Gunnlaugsson á við meiðsli að stríða. Þjálfarateymi FH hefur horft á upptökur með leikjum HB og telur Heimir sig þekkja nokkuð vel hvar styrkleikar HB liggja. „Við erum óánægðir með úrslitin í leiknum gegn ÍA í deildinni og erum staðráðnir í að vinna okkur upp úr þeim vonbrigðum.“ - vig

Kvennalandslið íslands spilar sinn fyrsta leik í Evrópukeppni U-19 ára í kvöld:

# Alltaf möguleiki á að koma á óvart

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu, skipað leikmönnum 19 ára og yngri, þreytir frumraun sína í lokakeppni Evrópumótsins í kvöld þegar liðið mætir Norðmönnum. Eins og kunnugt er fer lokakeppnin fram hér á landi og fer leikurinn í kvöld fram á Laugardalsvelli.

Auk Norðmanna eru Íslendingar í riðli með Dönum og Þjóðverjum, en síðastnefnda liðið er núverandi Evrópumeistari í aldursflokknum og þykir sigurstranglegast í ár. Að miklu er að keppa fyrir öll lið því auk þess að komast í undanúrslit mótsins munu tvö efstu liðin í báðum riðlunum tryggja sér sæti í lokakeppni HM U-20 ára í Chile á næsta ári.

„Þetta eru gríðarlega sterkar þjóðir sem við erum að fara að keppa við en að sjálfsögðu er alltaf möguleiki á að koma á óvart,“ segir Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari íslenska liðsins. Þjálfari Norðmanna, Jan Torske, segist




bera mikla virðingu fyrir íslenska liðinu. „Íslenska liðið er gott, með öfluga varnarmenn og hættulega sóknarmenn. Við eigum von á hörkuleik.“ - vig

**ALLT TIL REIÐU** Þjálfarar allra liðanna í lokakeppninni mættu á blaðamannafund í gær og sátu fyrir svörum. Í miðið er Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KSÍ sér um skipulagningu Evrópumótsins:

# Yfir 300 manns á landinu í tengslum við mótið

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands hefur umsjón með Evrópumótinu og vinnur náið með Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, við alla skipulagningu. Verkefnið er það langstærsta sem KSÍ hefur tekið þátt í frá upphafi en á fjórða hundrað manns eru stödd á landinu í tengslum við mótið. Í þeirri tölu eru leikmenn, þjálfarar og umsjónarmenn keppnisliðanna átta, sem hjá flestum telja um og yfir 30 manns. 40 starfsmenn UEFA vinna við mótið auk þess sem 16 dómarar munu skipta dómgæslu á milli sín. Þá eru ótaldir njósnarar frá mörgum af sterkustu félagsliðum heims sem munu hafa augun opin fyrir efnilegustu leikmönnum Evrópu.

Öll umgjörð er gríðarlega faglega unnin og hefur UEFA unnið sérstakan kynningarbækling fyrir mótið. Í því er meðal annars að finna ávarp frá Michael Platini, formanni UEFA, þar sem hann býður fótboltaáhugamenn velkomna til hins fallega Íslands. Þá hrósar hann KSÍ í hástert fyrir frábæra frammistöðu í skipulagninu mótsins.

Leikir Evrópumótsins fara fram á sjö völlum á suðvesturhorni landsins. Úrslitaleikurinn fer fram á Laugardalsvelli þann 29. júlí og mun Platini afhenda sigurverðlaunin. - vig



**MICHAEL PLATINI** Krýnir Evrópumeistarana á Laugardalsvelli í lok júlí.



**GÓÐIR SAMAN** Eiður Smári og Giuly sjást hér á góðri stund með Barcelona á síðasta ári. Þeir verða ekki saman á Spáni á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Minni samkeppni fyrir Eið:

# Giuly til Roma

**FÓTBOLTI** Franski vængmaðurinn Ludovic Giuly hefur skrifað undir samning við Roma á Ítalíu og kemur til liðsins fyrir um 300 milljónir króna frá Barcelona. Brottför Giulys rennir stoðum undir að Eiður Smári Guðjohnsen verði áfram í herbúðum spænska félagsins, enda fækkar sífellt þeim leikmönnum sem geta leyst af Thierry Henry og Samuel Eto´o í fremstu víglínu liðsins.

Giuly skrifaði undir þriggja ára samning við Roma en hann er 31 árs gamall. Giuly skoraði 20 mörk á þriggja ára ferli sínum með Barca. - vig

Formaður KSÍ beitti sér fyrir sáttum á milli ÍA og Keflavíkur:

# ÍA og Keflavík verður ekki refsað

**FÓTBOLTI** Sættir hafa náðst á milli forystumanna ÍA og Keflavíkur vegna atviksins sem átti sér stað í leik liðanna í Landsbankadeildinni þann 4. júlí síðastliðinn og þeirrar viðbragða og ummæla sem áttu sér stað í kjölfar leiksins. Knattspyrnusamband Íslands mun ekki refsa félögunum fyrir sinn þátt í uppákomunni sem varð eftir leikinn, þar sem miklar deilur áttu sér stað við búningsklefa leikmanna. Í tilkynningu frá KSÍ segir að málinu sé lokið af hálfu sambandsins.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, beitti sér fyrir sáttum í málinu og fagnar þeirri niðurstöðu sem nú hefur verið náð. Spurður um af hverju þessi leið hafi verið farin sagði Geir að hann teldi hana hafa verið besta fyrir knattspyrnuna í landinu. „Við erum allir félagar í knattspyrnuhreyfingunni en stundum kastast í kekki og þá er það mitt hlutverk að ná sáttum,“ sagði Geir en vildi annars lítið tjá sig um málið og vísaði í yfirlýsingu. Spurður að því hvort atvikin sem áttu sér stað eftir leik væru ekki refsiverð sagðist Geir ekki geta tjáð sig um einstaka málsatvik en bætti við að um væri að ræða mjög sérstakt tilfelli. „Margt af því sem þarna kemur upp er ekki skráð í lög og reglugerðir en ljóst er að málið hafði mjög neikvæð áhrif fyrir ímynd íslenskar knattspyrnu. Við teljum þessa lausn vera þá bestu fyrir íslenska knattspyrnu.“

Í yfirlýsingu KSÍ kemur fram að sambandið telur markið umdeilda, sem Bjarni Guðjónsson skoraði, ekki samræmast heiðarlegum leik. KSÍ harmar að það hafi ráðið úrslitum í leiknum og fer fram á það við leikmenn Knattspyrnufélags ÍA að slíkt endurtaki sig ekki. Jafnframt hvetur KSÍ leikmenn, forystumenn og stuðningsmenn liða til þess að halda vöku sinni og standa vörð um heiðarlegan leik. - vig



**SÁTTASEMJARI** Geir Þorsteinsson segir það eitt af sínum skylduverkum að ná sáttum þegar kastast í kekki á milli félaga í landinu. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Málalyktir ÍA og Keflavíkur:

# ÍA biðst afsökunar

**FÓTBOLTI ÍA og Keflavík sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu í gær sem markar endalok málsins af þeirra hálfu. Málalyktirnar eru eftirfarandi:**

**„Í heiðarlegum leik felst að keppendur komi fram af drenglyndi og sýni mótherjum virðingu. Sannur keppnisandi verður ávallt að grundvallast á heiðarlegum leik innan sem utan vallar. Seinna mark ÍA gegn Keflavík í Landsbankadeild karla 4. júlí sl. var ekki í samræmi við þau gildi sem heiðarlegur leikur grundvallast á. Þetta harmar Knattspyrnufélag ÍA og biðst afsökunar á því.**

**Bæði félög munu leggja áherslu á að standa vörð um þau heilbrigðu gildi sem íslensk knattspyrna byggir á með heiðarlegum leik um leið og þau harma óviðeigandi viðbrögð og ummæli í kjölfar leiksins.**

**Við forystumenn félaganna, Örn Gunnarsson varaformaður rekstrarfélags ÍA og Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, staðfestum að sú óeining sem varð á milli félaganna í kjölfar ofangreinds marks 4. júlí sé úr sögunni.“**


ÁFRAM ÍSLAND!

UEFA WOMEN'S UNDER19 CHAMPIONSHIP Iceland 2007



Mið. 18. júl. 07 - kl. 19.15
Ísland - Noregur
Laugardalsvöllur

Fös. 20. júl. 07 - kl. 19.15
Ísland - Danmörk
Kópavogsvöllur

Mán. 23. júl. 07 - kl. 16.00
Ísland - Þýskaland
Grindavíkurvöllur

VIÐ STYÐJUM STELPURNAR

KIA MOTORS The Power to Surprise™

KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## GORAN VISNJIC

Hinn kynþokkafulli Dr. Luka heitir í raun Goran Visnjic og er fæddur í fyrrum Júgóslavíu árið 1972. Hann tók þátt í leikuppfærslum frá unga aldri en birtist fyrst á hvíta tjaldinu 16 ára gamall. Goran gekk í júgóslavneska herinn þegar hann var 18 ára en barðist ári síðar gegn þeim í sjálfstæðisbaráttu Króata. Hægt er að sjá leikarann í þáttunum Bráðavaktinni í Sjónvarpinu kl. 20.10.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON SÁ TÍMA- OG MINNISLEYSI TRÖLLRÍÐA SKJÁNUM

## *Hopper, Lucy og Tíu sekúndna Tom í vanda*

Spennuþátturinn Dagrenning, eða Day Break, hefur farið ágætlega af stað í Ríkissjónvarpinu. Þrátt fyrir að engin snilld sé þarna á ferðinni er áhugavert að fylgjast með löggunni Brett Hopper upplifa sama daginn aftur og aftur. Samanburðurinn við gamanmyndina óborganlegu Groundhog Day kemur óhjákvæmlega upp í hugann er maður horfir á þáttinn. Í Groundhog Day var Phil Connors í nákvæmlega sömu sporum og Hopper, nema hvað að hann nýtti sinn tíma til að vinna ástir samstarfskonu sinnar í stað þess að reyna að hreinsa mannorð sitt.

Í gamanmyndinni 50 First Dates sem var sýnd á Stöð 2 á laugardagskvöld þurfti persóna Drew Barrymore, Lucy, einnig að upplifa sama daginn aftur og aftur. Hún gerði sér aftur á móti ekki grein fyrir því, enda átti hún við krónískt minnisleysi að stríða.



**DAGRENNING** Löggan Brett Hopper upplifir sama daginn aftur og aftur í þættinum Day Break.

Margir vildu eflaust vera í sömu sporum og Hopper, Connors og Lucy einhvern tímann í lífinu. Að geta gleymt slæmum degi alfarið og vaknað ferskur til að takast á við ný verkefni gæti án efa komið að góðum notum og ekki væri verra að fá af og til nokkra daga í stað eins til að glíma við brýn vandamál sem krefjast mikillar yfirlegu. Vafalaust myndi þó enginn vilja lenda í sömu sporum og Ten Seconds Tom í 50 First Dates sem kynntist „nýju“ fólki á tíu sekúndna fresti. Er það ekki fullmikið af hinu góða?

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Bráðavaktin
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** The Riches STÖÐ 2



▶ **20.00** Alfie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Las Vegas SIRKUS



▶ **22.00** Sex, love and secrets
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni** (60:65)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (2:13)
**18.30 Alvöru dreki** (18:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Bráðavaktin** (1:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra og Scott Grimes.
**20.55 Litla-Bretland** (3:6) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna. e.
**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Formúlukvöld**
**22.50 Þekking brúar bilið** (Knowledge Is the Beginning) Þýsk heimildamynd um hljómsveitarstjórann Daniel Barenboim og hljómsveit sem hann stofnaði með ungum aröbum og gyðingum.
**00.45 Kastljós**
**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Alfie**
**08:00 Hair**
**10:05 Dutch**
**12:00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**14:00 Hair**
**16:05 Dutch**
**18:00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
▶**20:00 Alfie**
**22:00 Dirty Deeds** Glæpamynd á léttu nótunum. Aðalhlutverk: Toni Collette.
**00:00 Bad Dreams** (e)
**02:00 Bodywork**
**04:00 Dirty Deeds**

## STÖÐ 2

**07:00 Stubbarnir**
**07:25 Scooby Doo**
**07:45 Litlu Tommi og Jenni**
**08:10 Oprah**
**08:55 Í fínu formi 2005**
**09:10 Bold and the Beautiful**
**09:30 Forboðin fegurð** (93:114)
**10:15 Grey´s Anatomy** (16:25)
**11:05 Fresh Prince of Bel Air** (14:24)
**11:35 Outdoor Outtakes** (7:13)
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:45 Nágrannar**
**13:10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**14:20 Extreme Makeover: Home Edition** (5:32)
**15:50 Smá skrítnir foreldrar**
**16:13 Batman**
**16:38 Pocoyo**
**16:48 Könnuðurinn Dóra**
**17:13 Addi Panda**
**17:18 Gordon Garðálfur**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar**
**18:18 Ísland í dag og veður**
**18:30 Fréttir**
**18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19:40 The Simpsons** (21:22)
**20:05 Oprah** (This Is The Year To Declutter Your Life)
▶**20:50 The Riches** (8:13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. 2007.
**21:40 Medium** (22:22)
**22:25 Around the Fire** Átakanleg mynd um erfiðleikana sem biðu blómabarnanna eftir áralanga neyslu á LSD. Í fyrstu er lífið ljúft hjá Simon og vinum hans sem ferðast um landið og fara á tónleika og skemmta sér. Fljótlega fer þó að halla undan fæti og hann veit ekki hvert hann á að snúa sér. Aðalhlutverk: Devon Sawa, Tara Reid, Bill Smitrovich. Leikstjóri: John Jacobsen. 1999.
**00:10 What a Girl Wants**
**01:50 Beyond Borders**
**03:55 Medium** (18:22)
**04:35 The Riches** (8:13)
**05:20 Fréttir og Ísland í dag**
**06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider**
**18:30 Fréttir**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 Entertainment Tonight**
**20:05 Party at the Palms**(6:12) (e) Playboy fyrirsætan, Jenny McCarthy, fer með áhorfendurna út á lífið í Las Vegas. Jenny kemur sér fyrir á hinu glæsilega hóteli, Palms Casino, ásamt strippurum, hótelgestum sem eru til í allt, og síðast en ekki síst, aragrúa af frægum stjörnum sem eru komnir til að taka þátt í fjörinu. Það er óhætt að segja að það er nóg af skemmtunum, hlátri og kynþokka í þessum einstöku þáttum. Það sem gerist í Vegas........ það gerist hér!! Bönnuð börnum.
**20:30 Young, Sexy and.......** (4:9) Spennandi þáttur þar sem kynnt er til söggunnar yngsta konungborna fólkið í heiminum og ljóstrað upp leyndarmálum um ástarlíf þess og framtíðaráform. M.a. er fjallað um afar dulið samband Friðriks Danaprins og brasilísku prinsessunnar Paolu.
**21:15 Filthy Rich Cattle Drive** (1:8) Börn frægra einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífstíls þeirra. Flottum bílum, milljón dollara húsum og nýjustu tískufötum er skipt út fyrir hesta, búgarð og kúrekastígvél þegar krakkarnir ríku þurfa að takast á við erfiðisvinnu , önug dýr og spennandi keppnir.
▶**22:00 Las Vegas** (13:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Stóra-Eds Delines, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. 2006.
**22:45 The Shield** (6:10) Stranglega bönnuð börnum.
**23:30 My Name Is Earl** (21:23) (e)
**23:55 Hidden Palms** (5:8) (e)
**00:40 Entertainment Tonight** (e)
**01:05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08:00 Dr. Phil** (e)
**08:45 Vörutorg**
**09:45 Óstöðvandi tónlist**
**16:15 Vörutorg**
**17:15 Design Star** (e)
**18:15 Dr. Phil**
**19:00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19:30 Will & Grace** (e)
**20:00 On the Lot** Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Í hverri viku fækkar í hópnum þar aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari og hlýtur að launum samning hjá Dreamworks
**21:00 America's Next Top Model** (11:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stelpurnar fimm sem eftir eru þurfa að sanna sig fyrir hönnuðum í Ástralíu. Ein stelpan stelpan kemur á óvart þegar hún fer fram á að þurfa ekki að fækka fötum og önnur brjálast eftir að hafa mætt of seint. Síðan þurfa þær að sitja fyrir í baðfötum í myndatöku fyrir kvennatímarit.
▶**22:00 Sex, love and secrets** (2:8) Bandarísk þáttaröð um vinahóp í Los Angeles. Rose og Jolene, sem finnst báðum eitthvað grunsamlegt við dauða Billys, komast loks að sannleikanum. Coop kemst að því að besti vinur hans, Charlie, svaf hjá kærustunni hans og Nina heldur að hún hafi fundið hugsanlegan kærasta á spítalanum.
**22:50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
**23:15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00:05 Angela's Eyes (e)**
**00:55 Kidnapped (e)**
**01:45 Vörutorg**
**02:45 Óstöðvandi tónlist**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40
### Medium



Í kvöld verður sýndur dulmagnaður lokaþáttur af Medium. Í þættinum spyrjast hæfileikar Allison út en hún hefur alla tíð haldið þeim leyndum fyrir almenningi. Skyndilega eru þeir á allra vitorði en það gerir líf hennar og fjölskyldu hennar nær óbærilegt.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Þekking brúar bilið
### Sjónvarpið kl. 22.50

Þýsk heimildamynd um hljómsveitina West-Eastern Divan Orchestra þar sem ungir arabar og gyðingar sitja hlið við hlið. Þar sést hvernig hægt er að sigrast á fordómum en hljómsveitin hefur þurft að yfirstíga ýmsar pólitískar hindranir. Þeim tókst meðal annars að halda tónleika í Palestínu sem talið var óhugsandi í fyrstu. Stofnandi hljómsveitarinnar, Daniel Barenboim, telur sveitina ágætt dæmi um þann árangur sem hægt væri að ná í Austurlöndum ef réttum aðferðum væri beitt. Myndin hlaut Emmy-verðlaun árið 2006.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Sakamálaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Sögur af sjó og landi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Heima er best
**20.40** Sérðu það sem ég sé ?
**21.00** Sólarglingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Söguhraðlestin
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18:20 Gillette World Sport 2007**

**18:50 PGA Tour 2007 - Highlights** (John Deere Classic)

**19:45 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð** (FH - HB) Bein útsending frá forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu þar sem Íslandsmeistarar FH taka á móti Færeyjarmeisturum HB. Við Íslendingar eigum að vera hærra skrifaðir í knattspyrnunni en frændur okkar eru sýnd veiði en ekki gefin fyrir FH-inga.

**21:45 Augusta Masters Official Film** Þáttur um hið frábæra Masters-mót sem er hið fyrsta af fjórum árlegum risamótum í golfinu. Mótið fer ávallt fram á Augusta National vellinum í Georgíu. Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1986 sem var sögulegt í meira lagi. Þá voru kappar eins og Seve Ballesteros og Greg Norman í eldlínunni, en gamla manninum Jack Nicklaus tókst óvænt að blanda sér í baráttuna á lokadegi mótsins.

**22:45 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

**23:40 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð** (FH - HB) Útsending frá leik FH og HB í forkeppni Meistaradeildarinnar.

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies **7.00** Passport to the Sun **7.30** Little Angels **8.00** Little Angels **8.30** Passport to the Sun **9.00** Garden Challenge **9.30** Big Cat Diary **10.00** Big Cat Diary **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Superhomes **15.30** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Week the Women Went **17.30** Small Town Gardens **18.00** Popcorn **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Absolute Power **20.30** French and Saunders **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **11.05** En reporter går om bord **11.35** Hokus Krokus **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Klassen 1. b **15.40** Tagkammerater **16.00** Når gorillaen er på springtur **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Søren Ryge - Sommerhaven **18.30** Chris på chokoladefabrikken **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Aftentour 2007 **20.05** Kriminalkommissær Foyle **21.35** Seinfeld **22.00** Onsdags Lotto **22.05** Planet X **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

## NRK 1

**6.00** Bevare meg vel **6.15** Postmann Pat **6.30** Noahs dyrebare øy **7.00** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.35** Trollz **8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Autofil **10.00** Jukeboks: Dansefot **11.00** Jukeboks: Ekstremvær **12.00** Jukeboks: Lydverket live **13.30** The Tribe - Den nye morgendagen **13.55** Lyoko **14.20** Norske filmminner **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.10** I Mummidalen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen 17.30 Og nå **17.55** Walkabout **18.25** Ed Robinson **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.00** Komiprisen - årets morsomste **20.05** Vikinglotto **20.15** Lov og orden: New York **21.00** Kveldsnytt **21.15** Norge i dag **21.25** Carnivále **22.15** Battlestar Galactica **22.55** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.50** Peppa Gris **6.00** Danny og Daddy

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Varför, Ouafa? **10.35** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **12.15** Det hände en natt **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Författarporträtt **15.30** Marier - kampen för en egen identitet **16.00** BoliBompa **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Vid din sida **21.00** Rapport **21.10** Försvarsadvokaterna **21.55** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## GAMLA MYNDIN



*„Ég man ekkert eftir að hafa rætt við Ómar Ragnarsson um þyrlukaupin. En ég man slaginn um þyrluna og hvað það tók allt of langan tíma að fá hana til landsins. Svo situr hún ein eftir sú þyrla núna.“*

Ingi Björn Albertsson, fyrrverandi alþingismaður.

Myndin er tekin í nóvember 1991, þegar umræður um þyrlukaup fyrir Landhelgisgæsluna stóðu sem hæst.

# Valgeir orðaður við Mercury-verðlaunin

Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður og upptökustjóri stýrði upptökum á plötunni We Can Create með tónlistarmanninum Maps en hún hefur verið tilnefnd til hinna virtu Mercury-tónlistarverðlauna. Alls eru tólf plötur tilnefndar en þarna er einnig að finna Arctic Monkeys, Amy Winehouse, Dizzie Rascal, Klaxons og fleiri en Valgeir hefur meðal annars unnið með Björk, Coco Rosie, Nico Muhly og Múm.

„Þetta er frábært að heyra,“ segir Valgeir sem hafði ekki heyrt af tilnefningunni er Fréttablaðið hafði samband við hann. „Við lögðum heilmikla vinnu í þetta verkefni en platan var að mestu leyti unnin síðasta sumar. Síðan var platan hljóðblönduð af Ken Thomas en þetta eru mjög sterk og spennandi lög og ég var mjög ánægður með útkomuna. Það er tiltölulega langt síðan ég lauk minni vinnslu við plötuna enda kom hún út í apríl og gaman að sjá að hún sé að fá athygli,“ sagði Valgeir en sjálfur mun hann gefa út sína fyrstu plötu 9. ágúst.

„Ég kláraði hana í vor en þetta er fyrsta sólóplatan mín og hún er gefin út af mínu eigin útgáfufyrirtæki,“ segir Valgeir en platan heitir hinu stóra nafni Ekvílibríum. Þegar hann er beðinn um að lýsa tónlistinni segir hann: „Þetta er einhvers konar blanda af akústískum og elektrónískum tónum og flest lögin eru instrúmental. Þó eru fjögur sem sungin eru af gestasöngvurum en það eru þeir Will Oldham eða „Bonnie Prince Billie“, Don MCarthy og Ástralinn J. Walker sem syngja inn á plötuna fyrir mig.“

- bor



**VALGEIR SIGURÐSSON** Platan We Can Create með tónlistarmanninum Maps, hefur verið tilnefnd til hinna virtu bresku Mercury-verðlauna.



**LÁRÉTT 2.** tylft **6.** ógrynni **8.** ung stúlka **9.** útdeildi **11.** hætta **12.** hreysi **14.** korr **16.** sjó **17.** sjáðu **18.** vætla **20.** stöðug hreyfing **21.** samtals.

**LÓÐRÉTT 1.** fuglsnef **3.** hljóm **4.** fugl **5.** af **7.** lánsamur **10.** fúadý **13.** á nefi **15.** hanga á **16.** sigti **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tólf, **6.** of, **8.** mær, **9.** gaf, **11.** vá, **12.** greni, **14.** snörl, **16.** sæ, **17.** sko, **18.** íla, **20.** ið, **21.** alls.

**LÓÐRÉTT: 1.** gogg, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** farsæll, **10.** fen, **13.** nös, **15.** loða, **16.** sía, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Rio Tinto.
2. TF-SIF.
3. Brasilía.


vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is


## CHLOE OPHELIA GORBULEW: FER Í ARKITEKTANÁM Í NEWCASTLE

# Ekki á leið til Íslands í bráð

Fyrirsætan Chloe Ophelia Gorbulew sest á skólabekk í Northumbria University í Newcastle í haust, en þar hyggst hún læra arkitektúr. „Mig hefur lengi dreymt um að læra arkitektúr,“ segir Chloe. „Ég kláraði listnámsbraut í Iðnskólanum í Reykjavík og ætlaði alltaf í skóla í Kaupmannahöfn. Það datt upp fyrir þannig að ég flutti hingað, fann þennan fína skóla og komst inn. Ég er mjög sátt við það. Hér er meiri áhersla lögð á verkfræðihliðina en víða annars staðar enda er skólinn þekktur fyrir stóra og öfluga verkfræðideild. Við fáum því ekki að teikna skrautbyggingar sem ómögulegt er að byggja,“ segir hún og hlær.

Námið er til BA gráðu og tekur þrjú ár. „Svo er hægt að fara ýmsar leiðir í þessu eftir það. Mér skilst reyndar að þeir sem kláruðu BA námið síðast hafi margir hverjir strax fengið spennandi atvinnutilboð í Bandaríkjunum og víðar. Ef maður yrði svo heppinn væri gaman að prófa það og huga svo að mastersnámi síðar.“

Chloe hefur búið í Bretlandi síðan í lok nóvember en fyrir þann tíma starfaði hún sem fyrirsæta á Indlandi fyrir Eskimo. Hún segir dvölina á Indlandi hafa verið lærdómsríka. „Indland var æðislegt. Það er gaman að upplifa eitthvað sem er svona allt öðruvísi. Maður lærði helling og kynntist frábæru fólki. Svo lærði ég að kunna að meta indverska matargerð enda sást það á manni þegar maður kom tilbaka!“

Sem fyrr segir hefst námið ekki fyrr en í haust en Chloe starfar í augnablikinu sem útstillingahönnuður í húsgagnaverslunninni Ilva. „Keðjan var keypt af Íslendingum snemma á árinu. Maður virðist einhvern veginn alltaf enda á því að vinna fyrir Íslendinga hvar sem maður er,“ segir Chloe hlæjandi. Hún býr í parhúsi í Newcastle ásamt kærasta sínum, Árna Elliott Swinford og hundinum þeirra. „Við getum leigt hús í Newcastle fyrir helmingi minni pening en við myndum borga fyrir litla tveggja herbergja íbúð í London. Það var ein af ástæðum þess að ég hafði ekki áhuga á að vera þar, það er einfaldlega of erfitt að draga fram lífið.“

Chloe segir að draumurinn sé að eignast eigin arkitektastofu í framtíðinni. Hún segist jafnframt ekki vera á heimleið í bráð. „Við erum alveg til í að flytja til Íslands einhvern tímann en það er ekki á dagskránni í bráð. Draumurinn er að stofna stofu, búa í húsi eftir sjálfa mig og vinna við að teikna falleg hús fyrir fólk - að skilja eitthvað eftir sig.“ sigrunosk@frettabladid.is



**FRÁ INDLANDI TIL BRETLANDS** Chloe Ophelia flutti til Bretlands í nóvember en áður starfaði hún sem fyrirsæta á Indlandi. Hún ætlar sér að læra arkitektúr í Newcastle og dreymir um að opna eigin arkitektastofu í framtíðinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eyjan.is greinir frá því að sjónvarpskokkurinn **Gordon Ramsey** hafi rennt fyrir lax í boði Kaupþings hér á landi. Ef marka má frétt Eyjunnar er Ramsey viðskiptavinur Kaupþings í London og þykir ansi umsvifamikill og hafa því forsvarsmenn bankans séð sér leik á borði og boðið Ramsey í veiði. Ekki er þó vitað hvernig kokkinum gekk að draga að landi ferskan fisk og hvort hann hafi slegið við sjálfum **Eric Clapton** sem gafst uppá þurrkinum. Ef fréttir Eyjunnar reynast réttar virðist hins vegar pottþétt hafa bitið á öngulinn hjá kokkinum í miðbæ Reykjavíkur því til hans sást á galeiðunni umkringdan fögrum fljóðum.



Tvíburarnir **Arnar** og **Bjarki Gunnlaugssynir** hafa verið iðnir í fasteignabransanum að undanförnu undir merkjum byggingarfélagsins Framtíðar. Nýjasta útspil þeirra var að tryggja sér fimm lóðir fyrir 75 íbúðir í Mosfellsbæ. Lóðirnar eru í Helgafellshverfi og verða íbúðirnar varla af ódýrari gerðinni enda verið töluverð ásókn í lóðir í hverfinu. Um síðustu helgi lögðu á annað þúsund manns leið sína í hverfið til að skoða. Arnar og Bjarki munu byggja við Vefarastræti og Gerplustræti og hefur nánd við sparkvelli hverfisins örugglega ekki dregið úr áhuga þeirra bræðra.





- fgg/hdm


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





# Eyrún Huld flytur norður

„Ég er að flytjast norður og taka við kennarastöðu hjá MA,“ segir Eyrún Huld Haraldsdóttir. Nafn Eyrúnar Huldar var á allra vörum þegar þjóðin horfði á sigurgöngu Magna Ásgeirssonar í Rock Star: Supernova í fyrrasumar. Síðan tóku við timburmenn frægðarinnar og uppúr slitnaði hjá parinu eins og alþjóð veit. Eyrún hefur hins vegar látið lítið fyrir sér fara og einbeitt sér að uppeldi sonarins, Marínós Bjarna, sem nú er að verða tveggja ára.

Þau hafa búið á Bauganesi í Skerjarfirðinum þar sem Magni er reyndar enn skráður til húsa. „Við höfum ekki haft tíma til að breyta þessu,“ segir Eyrún en hún nýtur sumarsins á Héraði þar sem sólin skín í heiði eins og annars staðar á landinu. Fréttablaðið hafði haft af því spurnir að hún og Magni væru jafnvel að taka saman aftur en Eyrún vildi lítið tjá sig um það. „Við erum mjög góðir vinir enda ekki annað hægt. Við eigum barn saman,“ segir Eyrún.

Eyrún hefur notið lífsins það sem af er sumri ef marka má bloggsíðu hennar. För meðal annars til Kaupmannahafnar og hlýddi þar á sjálft rokkgoðið Eddie Vedder sem er í miklu uppáhaldi hjá henni. „Hef horft á ófáa tónleikana með kappanum í imbanum en hann heillaði mig alveg upp á nýtt,“ skrifar Eyrún. Og á eftir fylgdu tónleikar með Damien Rice á Vega, litlum tónleikastað í miðbæ borgarinnar. Nú taka hins vegar við búferlaflutningar til Akureyrar, höfuðstaðar Norðurlands, frá skarkala höfuðborgarinnar þar sem akureyskir menntskælingar verða teknir í íslenskukennslu.

- fgg



**EYRÚN OG MARÍNÓ** Ætla að flytja til höfuðstaðar Norðurlands þar sem Eyrún hyggst kenna í Menntaskóla Akureyrar.

# Forsalan hafin
## í netverslun Hagkaupa

Hvernig endar sagan?
Fáðu bókina til þín 7 dögum fyrir útgáfu*




3.980kr
Íslensk þýðing

NETVERSLUN
hagkaup.is

- 50 fyrstu fá sérstakan Harry Potter bol sendan heim
- Allir sem versla í forsölu fá send bókamerki með happdrættisnúmeri
- Dregið reglulega um skemmtilega Harry Potter vinninga
- Allir sem versla í forsölu fara á Harry Potter póstlistann

Vertu með frá byrjun!

BJARTUR

* Útgáfudagur 15.nóv

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Strengir*

Einmitt þegar hver réttlát sál hugsar vart um annað en þorskkvóta og kolefnisjöfnun get ég varla vikið Glitni úr huga mér. Daglega og oft á dag verður mér hugsað til þeirrar ágætu stofnunar. Ekki þó sökum ískyggilegs lánakostnaðar eða vaxtastefnu, heldur vegna ímyndar hreysti og þolgæðis sem bankinn hefur komið sér upp með stuðningi við Reykjavíkurmaraþonið. Sífellt fleiri sófakartöflur sjást nú á óttaslegnum hlaupum um götur borgarinnar því Stóridagur nálgast óðfluga og ekki lengur er hægt að humma æfingarnar fram af sér.

**SUMIR** fullorðnir minnast æsku þegar þeir gátu hlaupið þindarlaust dagana langa og blésu ekki úr nös. Núorðið eru þannig gaselluhlaup aðeins í draumum mínum, bitur raunveruleikinn er annar.

**MITT** harðneskjulega æfingatímabil hófst sem kunnugt er á síðustu menningarnótt þegar ég sór þess dýran eið í votta viðurvist að hlaupa tíu kílómetra að ári. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hef ég lært eitt og annað um sjálfa mig, en einkum að mér finnst alveg rosalega erfitt að hlaupa. Mun þægilegra er að ganga eða jafnvel keyra bara. Þannig myndi ég vissulega ferðast einvörðungu ef ekki væri fyrir árans eiðinn. Hans vegna hef ég auk þess komist að því hvernig er að fá raunverulegar harðsperrur.

**EFTIR** óvenjulega langdreginn hlaupatúr sem entist svo lengi vegna þrjósku mannsins míns í hlutverki sérlegs kvalara, birtust svo magnaðar harðsperrur að ég hélt ég væri komin með brjósklos. Í þrjá daga hökti ég um heimilið og dró á eftir mér þann fótinn sem geymdi mögulegt brjósklosið, eða jafnlengi og ég komst upp með það. Gestir héldu að ég væri að gera grín að fötluðum með göngulaginu og hvorki heitir bakstrar né fagmannlegar jógateygjur gerðu nokkurt gagn. Um síðir var kvalara minn farið að gruna uppgerð, mundaði keyrið og benti orðalaust á íþróttaskóna í fatahenginu. Eftir svona tvo kílómetra var brjósklosið því miður horfið í skuggann af allskyns öðrum hlaupastingjum sem ég vissi ekki áður að fólk þyrfti að læra að harka af sér til að geta hlaupið þessa skitnu bæjarlengd. Ef til væri kvörtunardeild í kaupfélagi tilverunnar myndi ég örugglega nefna það með mörgu öðru.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is






ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 38043 07/07

RX 350 sameinar glæsileika, fágun, gríðarmikið afl og einstakt öryggi. Hann er athvarf frá álagi hinna virku daga. Hann er hrein upplifun þar sem landið hættir að setja þér takmörk og víður sjóndeildarhringur opnar þér nýja möguleika. Komdu og gefðu Lexus RX 350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Niðurstaðan verður gagnkvæm virðing milli þín og RX 350, bíls sem er smíðaður til að standa undir ströngustu væntingum.

Verð frá: 5.520.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection